

24
Ísland síðasta vígi fjölskyldubúsins



28-29
Verð alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni



50
Bærinn okkar Jörfi

Bændablaðið

10. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 22. maí ● Blað nr. 419 ● 20. árg. ● Upplag 31.000



Börn úr Hríseyjarskóla heimsóttu bændur að Stóra-Dunhaga í Hörgársveit á dögunum og skemmtu sér prýðilega. Bjarni Sævar Óðinsson á leikskóladeild Hríseyjarskóla var hrifinn af hestunum á bænum. – Sjá umfjöllun og myndir á bls. 6 og 7.
Mynd / MÞÞ

# Innflutningsmet sett á kartöflum og grænmeti

**Met var sett í innflutningi bæði á kartöflum og grænmeti á fyrstu þrem mánuðum þessa árs. Hefur hann aldrei verið meiri frá árinu 2000 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.**

Alls voru á þessum þrem mánuðum 2014 flutt inn 993 tonn af kartöflum, sem er ríflega þrisvar sinnum meiri innflutningur en á fyrstu þrem mánuðum ársins 2013, þegar flutt voru inn 288 tonn. Kartöfluinnflutningurinn fyrstu þrjá mánuðina í fyrra var eigi að síður líka met. Þess má geta að árið 2000 var einungis flutt inn 91 tonn af kartöflum fyrstu þrjá mánuði ársins, svo að innflutningurinn hefur því nær ellefufaldast frá aldamótum.

Hvað grænmeti varðar voru flutt inn samtals 3.090 tonn á fyrstu þrem mánuðum þessa árs samanborið við 2.832 tonn á sama tíma 2013. Á árinu 2012 voru flutt inn 2.923 tonn á sama tímabili. Er innflutningurinn á grænmeti fyrstu þrjá mánuðina 2014 52 tonnum meiri en þegar síðasta þriggja mánaða innflutningsmet var slegið á því fræga ári 2007. Þá voru flutt inn 3.048 tonn af grænmeti.

Til gamans má geta þess að fyrstu þrjá mánuðina árið 2000 voru flutt inn 1.746 tonn af grænmeti.

*/HKr.*

# Engar reglur um birgðir dýralyfja

## – Vöntun á lyfjum hefur valdið bændum vandræðum í vor

**Engar reglur gilda í landinu um birgðahald á dýralyfjum og ekki er til samræmt yfirlit yfir lyfjabirgðir. Undanfarið hefur verið skortur á selen stungulyfi í sauðfé og nautgripi en nú er þó búið að kippa því í liðinn. Þá hafa tvær tegundir algengra júgurbólgulyfja í kýr ekki fengist um allnokkra hríð og ekki er útlit fyrir að svo verði fyrr en í haust.**

Mímir Arnórsson, deildarstjóri upplýsingadeildar hjá Lyfjastofnun, segir að í lyfjalögum séu engin handföst ákvæði um birgðahald.

„Frá löggjafans hálfu eru engar reglur um birgðahald lyfja yfirleitt, hvort sem um er að ræða lyf fyrir dýr eða menn, aðrar en sú klásúla í lyfjalögum að lyfsalar skuli eiga hæfilegar birgðir lyfja, hvað svo sem það þýðir. Engar aðrar reglur gilda um birgðahald.

Þegar fyrirtæki fær markaðsleyfi fyrir lyf ber það ákveðnar skyldur en þær eru ekki tilgreindar nánar en þetta. Varðandi lyf sem ekki hafa markaðsleyfi, og verulegur fjöldi dýralyfja hefur ekki slíkt leyfi, gilda ekki nokkrar reglur af þessu tagi.“



Undanfarið hefur verið skortur á selenstungulyfi.

### Engin samræmd yfirsýn

Lyfjastofnun hefur því ekki sérstaka yfirsýn yfir birgðastöðu lyfja í landinu. Inni á heimasíðu stofnunarinnar eru þó birtir listar yfir lyf á biðlista. Fyrirtækin sjálf birta þá lista en Mímir segir þeim það þó ekki skylt.

„Við fórum fram á þetta fyrir allnokkru og þau brugðust vel við og uppfæra listana reglulega. Það er því fyrir tilstilli Lyfjastofnunar að það er gert en að baki því er enginn lagagrunnur.“

Að sögn Mímis er sjaldnast um að ræða handvömm hjá innflytjendum lyfja þegar skortur verður. Ástæðurnar eru fremur þær að skortur verður hjá framleiðendum erlendis og stundum getur slíkur skortur verið á heimsvísu. Í nóvember 2012 var til að mynda greint frá því í Bændablaðinu að svampar sem notaðir væru til samstillingar gangmála í ám væru nálega ófáanlegir í landinu. Ástæða þess var að hráefni í svampana fengust ekki.

### Vandræðaástand skapaðist í vor

Hákon Hansson dýralæknir á Breiðdalsvík telur að tímabundin vöntun á seleni muni ekki hafa áhrif á skepnur.

„Ég er búinn að vera í þessu í 37 ár og veit því að ég þarf að panta lyf af þessu tagi tímalega. Reyndir dýralæknir gera það held ég almennt. Líklega hafa því flestir fengið lyf og þessi tímabundni skortur hefur ekki haft veruleg áhrif.“

Hákon segir að verra ástand hafi skapast í vor vegna þess að bóluefni við lambablóðsótt, vinstrabólgu í lömbum og legeitrun í ám hafi klárast og menn lent í miklum vandræðum út af því.

„Menn fengu því sumir ekki bóluefni í seinni bólusetninguna.“

### Fjarri því fyrsta skipti

Hákon segir að þetta sé fjarri því fyrsta skipti sem lyfjaskortur verði.

„Það hefur reglulega gerst að tímabundinn skortur hafi orðið á ákveðnum lyfjum. Yfirleitt er þá um að kenna vandamálum erlendis. Til dæmis hafa tvær tegundir lyfja gegn júgurbólgu í kúm ekki fengist vegna þess að framleiðendur erlendis fá ekki hráefni sem notuð eru í lyfin. Þessi lyf hefur nú vantað í þrjá mánuði og ekki er fyrirséð hvenær þau koma, hugsanlega ekki fyrr en í haust. Það er vissulega hægt að nota önnur lyf en þar sem þessi lyf hafa gefist vel er vandræðaástand að staðan sé þessi. Það er afar bagalegt en ekkert hægt að gera við því.“

Að mati Hákonar hlýtur það að vera samvinnuverkefni bænda, dýralækna og lyfjainnflytjenda að nægar birgðir af lyfjum séu til í landinu.

„Ef dýralæknar sýna forsjálni og vita nokkuð hvaða lyf þarf að nota reyna þeir auðvitað að tryggja að þau séu til. Ef dýralæknar eru í góðu sambandi við lyfjainnflytjendur er líklegt að þeir tryggi að nægar birgðir séu til. Bændur þurfa svo einnig að vera vakandi og hafa samband við sína dýralækna um lyf.“

*/fr*

# Nautakjöt hækkar minna en neysluverð

**Verði á nautakjöti hækkaði um 30,6 prósent frá apríl 2008 til apríl 2014. Á sama tíma hækkaði neysluverðsvísitalan um 40,2 prósent.**

Í Fréttablaðinu í gær velur Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hins vegar að miða við desember 2010, þegar verð á nautakjöti fór að hækka eftir að hafa verið óbreytt lengi. Niðurstaða Hannesar er að verð á nautakjöti hafi hækkað um 30 prósent frá desember 2010 til apríl 2014. Það þýðir að á tímabilinu apríl 2008 til desember 2010 hækkaði nautakjöt ekkert í verði og hélt þar með aftur af almennum hækkunum á vísitölu neysluverðs.

Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda, segir nauðsynlegt að menn setji hlutina fram með sanngjörnum hætti. Það sé ekki gert með því að velja upphafspunkt eins og gert sé í þessari frétt.

„Við höfum varað við því lengi að þetta ástand geti skapast en hægt hefur gengið að fá ríkisvaldið til að bregðast við. Ég kalla eftir því að verslunin komi til viðræðna við okkur um lausnir á málinu.“

*/fr*



## Býður lífrænt hænsnafóður

**Vaxandi áhugi er nú hér á landi á lífrænni ræktun af ýmsum toga. Nokkur vandi hefur þó verið uppi m.a. með lífmassa við ræktun og viðurkennt lífrænt fóður til dýraeldis. Fyrirtækið Lífland hefur nú brugðist við þessu að hluta og býður nú upp á lífrænt vottað varpfóður fyrir hænur í 20 kg pokum.**

Fóðrið er framleitt hjá hinum virta fóðurframleiðanda Reudink-BIO í Þýskalandi og er lífrænt vottað samkvæmt stöðlum ESB. Um er að ræða kurl sem inniheldur fjölbreytta blöndu af hverskyns kornmeti og gæðahráefnum, m.a. maís, kalkmjöl, ertur, repjumjöl og hafra ásamt steinefnablöndu fyrir varphænur. Með þessu vill Lífland svara aukinni eftirspurn eftir lífrænum fóðurvörum og hvetjum við viðskiptavini til þess að kynna sér vöruna sem nú er fáanleg í verslunum Líflands. Samhliða þessu verður hefðbundið varpfóður Líflands vissulega fáanlegt, auk ungafóðurs.

Lífræna varpfóðrið er nú á kynningartilboði, eða á kr. 5.990 kr pokinn. Tilboðið gildir út júnímánuð.

Ráðlagður skammtur er um 120 grömm á fullorðna hænu á dag. Stálpaðir hænsnaungar ættu að fá varpfóður frá 16 vikna aldri, og má miða við minni skammta, 80-100 g fyrstu vikurnar. Heppilegast er að sögn þeirra Líflandsmanna að fuglarnir hafi frjálsan aðgang að fóðrinu, og best er að gefa það í upphengdum fóðurdöllum.

## Hyggjast stofna landbúnaðarklasa

**Bændur, fyrirtæki og aðrir sem tengjast landbúnaði hyggjast stofna samstarfsvettvang á stofnfundi íslenska landbúnaðarklasans föstudaginn 6. júní næstkomandi.**

Undirbúningsnefnd, undir formennsku Haraldar Benediktssonar bónda og alþingismanns, hefur starfað um nokkurt skeið en á síðasta búnaðarþingi var ályktað um málið. Þar var hvatt til þess að koma á formlegu samstarfi þeirra sem starfa innan atvinnugreinarinnar eða tengjast henni öðrum böndum. Á stofnfundinum verður m.a. fjallað um aðdraganda og tilgang með samstarfinu. Þá verður fyrirlestur um fjárfestingarþörf í landbúnaði þar sem Jóhanna Lind Elíasdóttir, ráðgjafi hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, ræðir um framtíð búrekstrar og tækifærin fram undan. Kosið verður í stjórn klasans, samþykktir lagðar fram og lagt á ráðin um starfið fram undan.

Stofnfundurinn er opinn fulltrúum allra fyrirtækja og samtaka sem telja sig eiga heima innan klasans. Hann verður haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 6. júní kl. 15 til 17.

### Sölufélag garðyrkjumanna og fyrirtækið Í einum grænum með athyglisverða vöruþróun:

# Tómatsósa úr 100% íslenskum tómötum komin á markað

## – einnig tvær aðrar afurðir úr tómötum ásamt sýrðri gúrku og gúrku-relish

**Sölufélag garðyrkjumanna (SFG) er nú að setja kraft í markaðssetningu á alíslenskri tómatsósu þar sem hráefnið er eingöngu íslenskir tómatar. Er tómatsósan framleidd án rotvarnarefna og annarra hjálparefna annara en krydds. Sósan er því eins heilsusamleg og hugsast getur þar sem íslenskir ræktendur nota ekki skordýraeiturúðun við sína framleiðslu, eins og þekkist víða erlendis, heldur styðjast við lífrænar skordýravarnir með flugum.**

Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri SFG, segir að tómatsósan hafi verið í tilraunasölu í nokkrum verslunum á höfuðborgarsvæðinu undanfarnar vikur auk tveggja annarra tómaafurða. Segir hún að viðtökurnar hafi verið sérlega góðar og fólk sé almennt hrifið af bragðinu.

„Krakkar, sem eru mjög kröfuharðir neytendur, eru mjög hrifnir af tómatsósunni," segir Kristín. Auk tómatsósunnar er um að ræða pastasósu og tómatgrunn í krukkum. Framleiðandinn er fyrirtækið Í einum grænum, sem er dótturfélag Sölufélagsins og er með starfsemi í sama húsi í Brúarvogi 2 í Reykjavík.

*– Sjáið þið fyrir ykkur þróun á frekari afurðum garðyrkjubænda?*

„Já, næsta skref er að koma með Pizzasósu og við erum að hefja framleiðslu á sýrðum gúrkum sem væntanlegar eru í verslanir. Þá stefnum líka á að koma með gúrku-relish á markað ásamt rauðkáli og fleiri afurðum. Við ætlum okkur stóra hluti og það er mjög margt í pípunum."

### *Gamall draumur*

Kristín segir að það hafi lengi verið draumur þeirra hjá SFG að fara út í eitthvað slíkt.

„Formlegur undirbúningur og þróun á þessum tómatafurðum hófst fyrir rúmlega einu og hálfu ári. Við fengum Helgu Mogensen, mikinn listakokk, til að þróa þessar vörur með okkur. Hún hefur gríðarlega þekkingu á þessu sviði og hefur unnið við matargerð í 30 ár og verið brautryðjandi í hollu mataræði. Hefur Helga leitt þessa þróunarvinnu í samráði við okkur, hvað varðar bragð og framleiðslu. Hefur þetta samstarf verið ákaflega gott og farsælt og á hún mikinn heiður skilinn. Afraksturinn er að koma í ljós núna og við erum að byrja að kynna þetta."

### *100% íslenskir tómatar*

„Uppistaðan í hráefninu er 100% íslenskir tómatar. Það eru engin þykkingarefni, bindiefni né rotvarnarefni í þessu. Í hver hundrað gröm af tómatsósu fara 164 grömm af tómötum sem soðnir eru niður í sósu. Hjá helstu tómatsósuframleiðendum úti í heimi er þetta gert með talsvert öðrum hætti. Við ákváðum að taka þetta alla leið og hafa vöruna eins hreina og hægt er. Svona rétt eins og fólk væri að búa til sína eigin tómatsósu eða pastasósu.

Það eru einfaldlega teknir ferskir tómatar, soðnir niður og maukaðir og kryddaðir eftir smekk. Eini munurinn er að við gerum þetta í stórum pottum. Við erum mjög sátt við niðurstöðuna og fólki finnst vörurnar okkar almenn góðar."







Nýjar afurðir úr hundrað prósent íslenskum tómötum og íslenskum gúrkum.



Kristín Linda Sveinsdóttir.



Helga Mogensen.

*– Verður þá farið út í aukna framleiðslu?*

„Já, það er stefnan að geta fullnýtt allt það sem fellur til hjá bændunum. Það er einungis fyrsti flokkurinn af tómötunum sem settur er á markað og því fellur mikið til sem ekki sleppur inn í það gæðamat sem fyrst og fremst ræðast af útliti. Síðan koma framleiðslutoppar yfir hásumarið og þessi nýja framleiðsla er því kjörin leið til að fullnýta allt það sem til fellur. Eftir þetta ætti nánast ekkert að fara til spillis. Þá erum við nú að aðlaga okkar framleiðslu til að geta afkastað enn meiru."

*– Kallar þetta þá ekki á aukna ræktun á íslenskum tómötum, sem dró úr um 9% á árinu 2013 samhliða stórauknum innflutningi?*

„Ef varan verður vinsæl, þá yrði það bara ánægjuefni ef bændur þyrftu að auka framleiðsluna. En við skulum sjá til og taka bara eitt skref í einu."

### *Gott geymsluþol*

Nú eru ekki notuð rotvarnarefni, en hvernig er þá geymsluþol á þessum vörum?

„Við náum geymsluþolinu með því að sjóða þetta niður í flöskur og krukkur. Umbúðirnar eru dauðhreinsaðar í ofni áður en varan er sett í þær. Síðan fer varan sjóðandi heit í krukkurnar eða flöskurnar sem er svo lokað og settar í ofn þar sem þær eru hitaðar áfram. Síðan er þetta hraðkælt og þá næst algjör lofttæming í umbúðirnar, þannig að ekkert loft kemst að vörunni. Geymsluþolið á því að vera mjög gott. Eftir að umbúðirnar eru opnaðar er það eins og með aðrar vörur. Geymsluþolið eftir opnun getur verið nokkrar vikur ef varan er geymd í lokuðum umbúðum í ísskáp."

### *Tómatsósan*

Tómatsósan sem nú er komin í verslanir er ólík öllum þeim sem þar eru fyrir. Hún er eingöngu úr íslenskum tómötum og engu öðru er bætt í hana nema auðvitað kryddum. Þeir eru soðnir niður og þá nær sósan réttri þykkt en við suðuna gufar hluti af vatninu upp, þannig að í 100 grömm af tómatsósu eru um 160 grömm af tómötum. Síðan er sósan siktuð til að skilja frá hýði og fræ. Sósan hefur grófari áferð en flestar aðrar sósur og það helgast af aðferðinni sem er notuð. Tómatsósan er einstaklega bragðgóð enda var yngsta kynslóðin höfð í huga við gerð hennar. Umbúðirnar eru nettar og handhægar. Þyngdin er 460 grömm. Ráðlegt er að geyma hana í ísskáp eftir að flaskan hefur verið opnuð.

### *Tómat pastasósa*

Tómat pastasósan er eins og nafnið bendir til ætluð með pasta en einnig er hægt að nota hana t.d. á pizzu, í lasagne eða í alls konar rétti sem í eru tómatar. Tómatarnir eru soðnir þar til þeir þykkna, en í 100 grömmum af pastasósu eru 110 grömm af tómötum. Síðan eru fræ og hýði siktað frá og tómatarnir hakkaðir. Pastasósan ber keim af basilíku og hvítlauk sem eru vinsælustu kryddin þegar pastasósur eru annars vegnar. Þyngdin er 390 grömm.

### *Tómatgrunnur*

Í tómatgrunninum eru auðvitað íslenskir tómatar og ef það er hægt að tala um hreina vöru þá er það í þessu tilfelli. Í tómatgrunni eru eingöngu íslenskir tómatar og ekkert annað. Þeir eru soðnir niður þar til grunnurinn nær réttri þykkt og því eru í 100 grömm af grunni 110 grömm af tómötum. Nafnið tómatgrunnur var valið vegna þess að þetta er góður grunnur í þína eigin uppskrift af súpu eða sósu eða öðrum mat sem krefst tómata. Kryddaðu að vild og þú ert komin með úrvals grunn í matargerðina. Þyngdin er 380 grömm.

Upplagt er að nota krukkurnar eftir að þær hafa verið tæmdar og nýta þær áfram fyrir heimatilbúin matvæli.

### *Sýrðar gúrkur*

Þessi frábæra afurð er unnin úr íslenskum gúrkum. Sýrðar gúrkur eru góðar með öllum mat t.d. kjöti, kjötbollum og fiski og gjarnan notaðar með smurbrauði. Í kryddleginum er m.a. sinnepsfræ, kóríander, dill og pipar sem gefur einstaklega gott bragð. Þyngdin er 400 grömm þar af gúrkur 250 grömm.

### *Gúrku-relish*

Íslenskt gúrku-relish, sem nú er komið á markað er unnið úr íslenskum gúrkum, íslenskri papriku og góðu kryddi. Gúrku-relish hefur verið lagað að íslenskum bragðlaukum. Það er framleitt fyrir Sölufélag garðyrkjumanna af GEO matvælum í Hveragerði. Notaður er jarðhiti við framleiðsluna. Þyngdin er 410 grömm.

Relish er upprunnið á Indlandi, en þar gerðu menn það til að geta nýtt og geymt grænmeti betur. Þaðan barst kunnáttan til Bretlands og til Evrópulanda. Relish er í miklu uppáhaldi hjá Bandaríkjamönnum, sem nota það með flestum réttum en sérstaklega með hamborgurum og grilluðum mat.

/HKr.

**www.buvis.is**
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆÐI VELDU BÆÐI

# Gæðaplast á góðu verði

## POWER STRETCH




*5 laga plast framleitt af ASLA*

*Hvítt 75 cm*

*Svart 75 cm*

## RANI




*Finnskt rúlluplast*

*Eitt mest selda plastið á Íslandi til margra ára*

*Hvítt / ljósgrænt 75 cm*

*Hvítt 50 cm*

## BAL´ENSIL




*5 laga gæðaplast fyrir kröfuharða notendur*

*Mjög gott lím - Mikil teygja*

*Hvítt 75 cm*

*Grænt 75 cm*

## TAMA - NET



*Tama framleiðir um 60% af öllu rúlluneti í heiminum*

- *Lengd 3600 og 4500 metrar*
- *Klæðir einstaklega vel út á jaðra rúllunnar sem minnkar loftmyndun í rúllu*
- *Grípur einstaklega vel*
- *Rauð endamerking*
- *Góð handföng,*
- *Zebra rendur auðvelda ísetningu rúllu*
- *Hentar fyrir allar gerðir rúlluvéla.*

**- Tímanlegar pantanir auðvelda útkeyrslu**

## Afgreiðslumenn um land allt

**Baldur Grétarsson**
Kirkjubæ - 701 Egilsstöðum
Sími: 471 3131 / 861 1961

**Sigurbjörn Karlsson**
Smyrlabjörgum - 781 Höfn í Hornafirði Sími: 892 9074

**Búval ehf**
Iðjuvöllum 3
880 Kirkjubæjarklaustri
487 4852 / 896 4852

**Sigurjón Sigurðsson**
Efstu-Grund - 861 Hvolsvöllur
Sími: 487 8959 / 845 0980

**Matthías Ragnarsson**
Guðnastöðum - 861 Hvolsvelli
Sími: 487 8570 / 867 6038

**Jón Viðar Finnsson**
Dalbæ 1 - 845 Flúðum
Sími: 486 6648 / 898 1468

**Hjálmar Ágústsson**
Langsstöðum - 801 Selfoss
Sími 482 1035

**Trausti Hjálmarsson**
Austurhlí 2 - 801 Selfossi
Sími: 486 8948 / 865 9284

**Benedikt Hans Kristjánsson**
Ferjunesi 2 Flóa – 801 Selfossi
Farsími: 848 8604

**Sigurþór Gíslason**
Meðalfelli - 276 Mosfellsbær
Sími 566 7060 / 897 7690

**Brynjólfur Guðmundsson**
Hlöðutúni - 311 Borgarnesi
Farsími: 863 7398

**Eggert Kjartansson**
Hofsstöum - 311 Borgarnesi
Sími: 435 6870 / 865 2400

**Brynjúlfur Steinar Guðbrandsson**
Brúarlandi I - 311 Borgarnesi
Farsími: 894 2708

**María G Líndal**
Neðri-Hundadal - 371 Búðardal
Sími: 867 2578

**Magnús Kristjánsson**
Höskuldsstöðum - 371 Búðardal
Sími: 434 1205 / 892 1207

**Haraldur Bjarnason**
Haga II - 451 Patreksfirði
Sími: 456 2054 / 869 1047

**Högni Jónsson**
Ósi - 415 Bolungarvík
Sími: 456 7397 / 892 0569

**Sigvaldi Sigurjónsson**
Urriðaá - 531 Hvammstanga
Sími: 451 2933 / 824 2933

**Jón Kristófer Sigmarsson**
Hæli - 541 Blönduósi
Sími: 452 4114 / 898 9402

**Auðólfstaðabúið**
Auðólfstöðum - 541 Blönduós
Sími: 452 4757 / 864 0238



**Sigurður Baldursson**
Páfastöðum 560 - Varmahlíð
Sími: 453 8175 / 895 4166

**Róbert Jónsson**
Réttarholti – 560 Varmahlíð
Sími 453 8258 / 891 9161

**Þór Ingvason**
Bakka - 621 Dalvík
Sími: 466 3171 / 844 9371

**Búvís ehf**
600 Akureyri
Sími: 465 1332 / 660 1648

**Vagn Haukur Sigtryggsson**
Hriflu II – 641 Húsavík
Sími: 464 3259 / 848 4476

**Stefán Pétursson**
Klifshaga - 671 Kópasker
Sími: 465 2227 / 659 8927

**Jóhann Marvinsson**
Svínabökkum – 690 Vopnafjörður
Sími 473 1527 / 846 3563

**Gunnar Þóroddsson**
Hagalandi - 681 Þórshöfn
Sími: 468 1368 / 892 5268

**Búvís** Akureyri

**Búvís ehf.** | Akureyri | Sími 465 1332 | **www.buvis.is**

Fréttir

Alþingi:

# Ekki náðist að afgreiða ný fánalög á vorþingi

## – Tillögur samþykktar í stjórnskipunarnefnd í mars

**Til tíðinda dró í lok marsmánaðar síðastliðins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þegar tillögur um ný fánalög íslenska þjóðfánans voru þar samþykktar. Bændasamtök Íslands sóttust fyrst eftir því árið 2008 að fá að nota íslenska fánann til að auðkenna innlendar landbúnaðarafurðir á markaði og var málið í fyrsta skiptið nú í vor afgreitt úr nefnd til annarrar umræðu. Ekki tókst þó að koma málinu til annarrar umræðu í þingsal á þessu þingi.**



***Mikilvægt að áfram verið unnið að málinu á næstu mánuðum***

Í framhaldsnefndaráliti, sem lagt var fram 14. maí, kemur fram að nefndin telji að þegar litið sé til þess stutta tíma sem eftir er af yfirstandandi þingi samkvæmt starfsáætlun sé fyrirséð að frumvarpið verði ekki að lögum. Nefndin telur þó að mikill áhugi sé á málinu hjá hagsmunaaðilum, m.a. í ferðaþjónustu og framleiðslugreinum og því mikilvægt að unnið verði áfram að málinu á næstu mánuðum.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, kom fyrir nefndina af hálfu Bændasamtaka Íslands og gaf umsögn. Hann sagði fyrir skemmstu í viðtali við Bændablaðið að í breytingartillögunum væri heimild til notkunar fánans útvíkkuð nokkuð frá fyrri útgáfum. Hvað bændur snertir eru meginatriðin þau að sögn Sigurðar að nota má fánann á afurðir dýra sem hér eru ræktuð, hlunnindaafurðir (svo sem æðardún) og nytjajurtir, bæði villtar og ræktaðar.

Breytingartillögurnar gera einnig ráð fyrir að nota megi merkinguna á sjávarafurðir sem koma úr íslenskri landhelgi. Til viðbótar má nota hana á matvæli framleidd hérlendis sem hafa verið hér á markaði í að minnsta kosti 30 ár þó hráefnið sé erlent. Dæmi um það væri til dæmis ORA grænar baunir, Royal-búðingur og annað sambærilegt. Þessar vörur eru framleiddar hér þó að hráefnið sé erlent.

Að sögn Sigurðar gildir opnasta heimildin um aðrar vörur en matvörur. Þar er til dæmis átt við vörur sem eru hannaðar á Íslandi, úr íslensku hráefni, eða framleiddar hérlendis. Nægilegt er að eitt þessara þriggja skilyrða sé uppfyllt. Lopapeysa sem er hönnuð á Íslandi, gæti til dæmis fengið merkið þó að hún sé ekki úr íslenskri ull og ekki framleidd hér. */smh*

Búnaðarfélag Gnúpverja:

# Byggir 480 fermetra iðnaðarhúsnæði

**Búnaðarfélag Gnúpverja hefur ákveðið að hefja byggingaframkvæmdir á iðnaðarhúsnæði í iðnaðarhverfinu í Árnesi í Skeið- og Gnúpverjahreppi.**

Húsið verður um 480 fermetrar að stærð. Félagið hefur boðið sveitarfélaginu að kaupa 80 fermetra í húsinu á 13,5 milljónir króna. Sveitarstjórn hefur tekið jákvætt í erindið og falið Kristófer Tómassyni, sveitarstjóra að ræða við stjórn Búnaðarfélagsins um frekari viðræður um kaup á húsnæðinu. */MHH*

# Styrkur til Leikfélags Austur-Eyfellinga

**Leikfélag Austur-Eyfellinga fær 275.000 króna styrk frá Rangárþingi eystra.**

Annars vegar er um að ræða 75.000 krónur sem veittar eru vegna leiklistarstarfs fyrir börn og hins vegar 200.000 krónur vegna æfinga og sýninga á Önnu í Stóru-Borg. Þetta var samþykkt samhljóða á síðasta fundi sveitarstjórnar. */MHH*


**Plast, garn og net**
**Verðlisti - SUMAR 2014**

| | Staðgreiðsla Verð án VSK | Greiðslufrestur Verð án VSK |
|---|---|---|
| VISQUEEN rúlluplast 75 cm Hvítt / Grænt / Svart | 11.100,- | 11.600,- |
| VISQUEEN rúlluplast 50 cm Hvítt / Grænt | 8.900,- | 9.400,- |
| Piippo MagicBlue net - 1,23 m x 3100 m | 22.100,- | 23.430,- |
| Piippo MagicBlue net - 1,30 m x 3100 m | 21.500,- | 22.790,- |
| Piippo HYBRID net - 1,23 m x 4000 m | 27.300,- | 28.940,- |
| Piippo rúllubindigarn 1000 m/kg (5 kg hnota) | 2.020,- | 2.140,- |
| Piippo baggabindigarn 400 m/kg (5 kg hnota) | 2.020,- | 2.140,- |
| Piippo ferbaggagarn 130 m/kg (9 kg hnota) | 3.470,- | 3.680,- |
| KRONE ferbaggagarn 110 m/kg (10 kg hnota) | 4.400,- | 4.665,- |

GREIÐSLUSKILMÁLAR:
STAÐGREIÐSLA: Staðgreiðsla eða greiðsla við móttöku greiðsluseðils.
GREIÐSLUFRESTUR: 2 gjalddagar - 15. júlí og 15. október 2014.
50% greiðist 15. júlí 2014 og eftirstöðvar greiðast 15. október 2014.

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakki, sími 568-1555
ÞÓR HF 50 1963 2013


# Níu kýr drápust vegna gasmengunar á bæ í Bláskógabyggð á síðasta ári

## – Mikilvægt að loftræsta mjög vel og hafa varann þegar hrært er í haughúsum

**Um miðjan október á síðasta ári var Karl Eiríksson, bóndi í Miðdalskoti í Bláskógabyggð, að hræra uppi í haughúsi undir fjósinu hjá sér. Hann hóf að keyra mykju á tún en þegar hann leit inn um glugga á fjósinu eftir tvær eða þrjár ferðir lágu dauðar kýr eins og hráviði á gólfinu. Þær höfðu drepist vegna brennisteinsvetniseitrunar en þessi eitraða gastegund, sem líka er kölluð vetnissúlfíð, hafði losnað úr mykjunni þegar byrjað var að hræra, stigið upp og drepið kýrnar.**



Mlðdalskot er við Miðdal norðaustan við Laugarvatn.

Fjósið í Miðdalskoti er lausagöngufjós, án rafmagnsvifta. Karl notaði, líkt og venjulega, brunndælu sem bæði getur dælt upp í haugtank og hrært í haughúsinu. „Ég opnaði allar dyr og glugga. Það var hins vegar blankalogn þennan dag. Haughúsið var nánast alveg fullt hjá mér og því ekki mikið pláss fyrir gasið neins staðar annars staðar en uppi í fjósinu sjálfu. Ég var grandalaus fyrir þessu vegna þess að ég var búinn að láta leka töluvert mikið vatn í haughúsið og ég hélt þess vegna að það væri minni hætta á að þessari gasmyndun. Svo var mér reyndar sagt eftir á að það væri alls ekkert minna hætta þrátt fyrir það. Svo byrja ég bara að hræra og gáði ekkert að mér. Það hefur sjálfsagt liðið hátt í klukkutími, og ég búinn að keyra tvo eða þrjá tanka úr húsinu, þar til ég kíki inn um gluggann. Þá sá ég hreinlega hrúgu af dauðum kúm á gólfinu.“

***Varð mjög brugðið***

Karl segir að honum hafi brugðið mjög mikið við þessa sjón. „Ég hljóp beint inn og reyndi að ýta við kúnum, ég slökkti ekki einu sinni á dælunni í óðagotinu sem greip mig.“ Karl segist einnig hafa fundið fyrir óþægindum meðan hann var inni í fjósinu. „Ég veit ekki hvort það var áfallið sem ég varð fyrir eða hvort það voru áhrif frá gasinu. Ég var alla vega hálfpartinn vankaður. Ég held nú samt ekki að ég hafi verið í mikilli hættu því að það var þetta langur tími liðinn og gasið að mestu horfið úr loftinu. Svo hafði ég rænu á að hlaupa út og slökkva á dælunni og eftir það hljóp ég aftur inn og rak allar skepnur sem gengið gátu út úr fjósinu.“

> Brennisteinsvetni myndast oft þegar bakteríur brjóta niður lífrænt efni án þess að súrefni sé til staðar, svo sem í mýrum og í sorp- og mykjutönkum. Brennisteinsvetni er einnig að finna í gufu á háhitasvæðum og í vatni.

***Kýr urðu fyrir heilaskemmdum***

Kallað var á dýralækni, bæði til að sinna skepnum sem orðið höfðu fyrir eitrun en einnig til að skrásetja tjónið. „Það voru þó nokkuð margar kýr sem voru ansi valtar þarna. Ég neyddist til að aflífa tvær um kvöldið og eina daginn eftir. Ein þeirra var sérstaklega illa farin, það var eins og hún hefði orðið fyrir miklu tjóni á heila. Hún labbaði bara á veggi og ekkert annað við hana að gera en að fella hana.“

***Mikið tjón***

Allt í allt missti Karl níu gripi af völdum gaseitrunarinnar. Þar af voru sjö kýr og tvær fyrstakálfs kvígur sem voru komnar að burði. „Við höldum, eða erum alveg viss um, að það voru þó nokkuð margar kýr aðrar sem misstu fóstur eftir þetta. Nytin hrundi líka í kúnum, þetta virtist hafa áhrif á þær margar. Þetta var því gríðarlega mikið tjón.“

Karl segir að andlega hliðin hafi líka beðið hnekki. „Maður varð ansi fúll yfir þessu, að láta þetta gerast. Ég átti að vita betur finnst mér. Óhöpp verða svo sem en það er mikilvægt að vekja athygli á þessu til að koma í veg fyrir að þau verði hjá fleirum.“

Karl hyggst setja stromp með viftu á fjósið hjá sér til að draga úr hættunni. Hann hefur þurft að keyra út úr haughúsinu hjá sér síðan þetta gerðist og hann segir að nú fylgist hann gríðarlega mikið með. „Skilaboðin til manna eru bara þau að fylgjast með þessu, opna allt upp á gátt og helst að það goli nú eitthvað.“

***Betur fór en á horfðist í Skagafirði***

Í síðustu viku lenti bændur á Syðri-Hofdölum í Skagafirði einnig í gasmengun þegar verið var að hræra upp í geldneytahúsi þar á bæ. Sem betur fer urðu afleiðingarnar þó ekki alvarlegar í það skipti. Þeir feðgar Atli Már Traustason og Trausti Kristjánsson voru að hræra upp í húsunum og skyndilega fór að bera á sljóleika hjá gripunum. „Við vorum ekki búnir að opna nógu mikið og það trekkti ekki nóg í gegn hjá okkur. Þetta slapp þó til hjá okkur, við drógum út eina kvígu sem að datt niður hjá okkur en hún jafnaði sig,“ segir Atli.

Þeir feðgar slökktu á hrærunni í snatri og fóru svo í að halda hausum á skepnunum uppi til að þeir lægju ekki alveg ofan í bitunum í fjósinu og þar með alveg ofan í gasuppstreyminu. Allir gripirnir jöfnuðu sig. „Þetta var kannski bara hálfgert kæruleysi, að vera ekki búnir að opna alla glugga áður en við byrjuðum. Pabbi var að labba og opna á meðan að ég breytti aðeins stefnunni á stútnum og þá hefur gosið upp þetta gasský. Það skiptir miklu máli að lofta nógu mikið út og fylgjast svo vel með því hættan er mest í upphafi, þegar byrjað er að hræra.“

***Brennisteinsvetni baneitrað***

Friðrik Daníelsson efnaverkfræðingur hjá Vinnueftirlitinu útskýrir að þegar farið er að hræra í haughúsum losni um gastegundir, einkum metan og svo brennisteinsvetni sem myndast við rotnun lífrænna efna með svokallaðri loftlausri rotnun. „Brennisteinsvetni er það sem framkallar skítalyktin, svo töluð sé góð íslenska. Það er eitt versta eitur sem til er en sem betur fer lyktar það illa og menn finna því fyrir því. Hins vegar, ef það er komið yfir ákveðið magn eða styrk þá hætta menn að finna lyktina. Það sem gerist er að menn fara að hræra upp, eru vanir lyktinni og svo hætta þeir að finna hana. Skepnur eru alveg eins. Kýr geta því fengið eitrun og það þarf ekki mikið til. Ef styrkur brennisteinsvetnis í loftinu nær 0,05 prósentum þá steinliggja bæði skepnur og menn. Ef ekki er loftræst duglega þá tekur ekki langan tíma þar til þetta magn leiðir til dauða.“

***Loftræsting, loftræsting og aftur loftræsting***

Friðrik segir eitrunina sem skepnur og menn verði fyrir verður með þeim hætti að brennisteinsvetni fer ofan í lungu, þaðan út í blóðið og berst upp í heila á nokkrum sekúndum. Þar hefur það áhrif á stöðvarnar í heilanum sem stjórna öndunarkerfinu og þar með getur fólk eða skepnur dáið af súrefnisskorti. „Það þarf í raun ekki nema einn andardrátt til að slá menn niður þegar loftið er orðið mettað af brennisteinsvetni. Það sem skiptir meginmáli er loftræsting, loftræsting og aftur loftræsting. Ef hún er í lagi er þetta yfirleitt ekki vandamál.“

***Bændur ættu að kaupa gasgrímur***

Friðrik varar við því að bændur séu einir við að hræra upp í haughúsum sínum. „Ég myndi tvímælalaust segja mönnum að vera ekki einir við þessa vinnu, séu þeir inni í húsum við upphræru. Það er svo mikið meira öryggi í því að vera fleiri en einn. Hins vegar verða þeir sem úti eru að hafa varann á sér ætli þeir að hlaupa inn í húsið ef eitthvað kemur fyrir. Hugsanlega er ráð að menn kaupi sér gasgrímur sem sía brennisteinsvetnið úr. Það verður þó að umgangast slíkar grímur af vandvirkni því séu þær ekki geymdar í innsigluðum plastpokum því síurnar í grímunum skemmast. Mín skoðun er þó sú að bændur ættu að eiga slíkar grímur, kunna á þær og endurnýja síur í þeim.“

Bændablaðið hafði samband við nokkrar verslanir sem selja grímur af því tagi sem Friðrik nefnir. Verð á þeim er misjafnt en hleypur á einhverjum tugum þúsunda. Þá var á það bent að ekki væri úr vegi að bændur keyptu sér gasmæla til að mæla styrk brennisteinsvetnis í húsum þegar verið væri að hræra upp í þeim. Hugsanlega gætu bændur átt slíka mæla í sameign og nýtt fjárfestinguna, sem er nokkur, þannig betur. */fr*

# Við erum stolt af okkar manni!

*Til hamingju Sigurður Helgason, yfirmatreiðslumaður á Grillinu. Siggi komst í 7. sæti af 20 Evrópuþjóðum í undankeppni Bocuse d'Or* í Stokkhólmi í maí. Hann tryggði þar með Íslandi þátttökurétt í lokakeppni Bocuse d'Or sem fram fer í Lyon í janúar.*

** Bocuse d'Or er allra virtasta matreiðslukeppni sem haldin er í heiminum og komast færri þjóðir að en vilja. Bocuse d'Or er oft kölluð hin eina sanna heimsmeistarakeppni í matreiðslu*






# Alltaf á toppnum

*Við höfum það að leiðarljósi að hráefnið fái að njóta sín og því erum við eingöngu með það ferskasta á seðli hverju sinni. Við leikum okkur með léttar og nútímalegar útfærslur þar sem bragðsamsetningar, sköpunargleði og metnaður fá að njóta sín.*

*Við erum fagfólk fram í fingurgóma og gerum heimsókn þína að ógleymanlegri upplifun*



# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði.**
**Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu.**
**Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600.**
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Myndvinnsla og frágangur**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Ríkisjarðir – bölvun eða blessun?

**Mér hefur hlotnast sá heiður að skrifa leiðara Bændablaðsins að þessu sinni og vil ég þakka fyrir þetta tækifæri til að láta ljós mitt skína. Ég hef nú tekið þá stóru ákvörðun að bregða búi og mun hætta sem stjórnarmaður í Bændasamtökum Íslands í kjölfarið. Það er ekki auðvelt að kveðja þennan vettvang né að hætta búskap, en líf mitt hefur kollvarpast á rúmlega einu ári, fyrst við erfiðan sjúkdóm hjá eiginmanni mínum og svo andlát hans. Ég hef ákveðið að fjalla um óhefðbundið mál hér á eftir og er þessi leiðari ekki skrifaður sem stefna Bændasamtakanna heldur sem mínar persónulegu vangaveltur og skoðanir.**

### *Mikil eftirspurn eftir bújörðum*

Nú í vor voru nokkrar ríkisjarðir auglýstar lausar til ábúðar og miðað við viðbrögð virðist vera mikil eftirspurn eftir bújörðum. Fyrir um átján árum varð draumur okkar hjónanna að veruleika þegar við fengum ábúð á ríkisjörðinni Læk í Flóahreppi. Í þessum pistil ætla ég að fjalla um reynslu mína sem ábúanda þar, á einni mestu landkostajörð í eigu ríkisins. Á margan hátt hefur þetta verið ánægjulegur og lærdómsríkur tími. Við höfum átt þess kost að eiga heima í mjög góðu samfélagi og búskapurinn hefur veitt fjölskyldunni margar ánægjustundir.

### *Á vitlausu skrifborði í ráðuneytinu*

Eitt af því sem að ábúendum ríkisjarða ber að gera er að viðhalda bújörðinni. Það að fara í framkvæmdir er eftir okkar reynslu mikið og erfitt ferli. Í fyrsta lagi er ekki auðvelt að fá veðleyfi frá eigandanum. Það er ekki góð staða að lenda á þeim vegg, fyrir þá sem hafa vilja til uppbyggingar og umbóta. Fjármögnun er einfaldlega ekki fáanleg á boðlegum kjörum ef ekki fæst veðleyfi og það er ekki fyrir alla að standi í því stappi sem þetta ferli er. Þrátt fyrir þessa hindrun hefur okkur tekist að byggja jörðina allvel upp og bæta aðstöðuna til muna, en það tók bæði mikla orku og tíma. Við byggðum til að mynda nýtt fjós og fengum veðleyfi fyrir því. Erfiðast þótti okkur að bíða að loknum framkvæmdum með alla fjárfestinguna í meira en eitt ár á yfirdrætti áður en hægt var að ganga frá því formlega sem löngu var búið að gefa vilyrði fyrir. Við fengum þau svör þegar við gengum ítrekað eftir afgreiðslu á erindi okkar að bréfið hefði lent á vitlausu skrifborði í ráðuneytinu. Þetta hljómar eins og lélegur brandari, en getur komið sér mjög illa fyrir þann sem þarf að upplifa það. Ríkisvaldið gaf okkur sem sagt leyfi til að byggja fjósið en þegar kom að því að við vildum nýta fjárfestinguna til fulls og kaupa greiðslumark var svarið sem við fengum þvert nei. Ekki kom til greina að veita veðleyfi vegna kvótakaupa þó að ríkið sjálft hafi hannað þetta framleiðslustýringarkerfi sem er notast við. Það var og er ekki til umræður að ábúendur ríkisjarða viðhaldi eigninni á þann hátt. Eina leiðin sem var fær var að kaupa greiðslumark með veði í stofnsjóði okkar í MS, sem var gert. Nú við ábúðarlok er sama uppi á teningnum varðandi greiðslumarkið. Ríkið vill ekki leysa það til sín, það vill örugglega heldur ekki veita nýjum ábúenda veðleyfi til að yfirtaka það, þannig að hann stendur uppi með það að hafa land og byggingar til að framleiða mjólk en ekki nema hluta af því greiðslumarki sem að fjárfestingin á bújörðinni kallar á.

### *Þessi vinnubrögð eru ekki sæmandi*

Þessa dagana er ég að ganga í gegnum mjög erfiða samninga við Jarðeignir ríkisins um ábúðarlok, nú þegar fardagar eru eftir aðeins hálfan mánuð. Þetta eru ekki neinir sæludagar – það er erfitt að kveðja þennan stað sem hefur svo margar minningar að geyma, svo að mér finnst ég lítils megnug gagnvart því bákni sem ég á í samningum við og finnst að það sé gengið á rétt minn í skjóli aflsmunar. Meðal annars hefur ósk minni um fund til að ræða þau mál sem út af standa ekki verið svarað. Ég verð að segja að ég tel þessi vinnubrögð ekki sæmandi nútíma stjórnsýslu og fyrir neðan allar hellur.

Nú er staða mín sú að ég stend uppi sem einstæð móðir með fjögur börn, er enn með bú í fullum rekstri og veit ekki hvernig uppgjör mitt mun líta út. Ekki er möguleiki fyrir mig að gera neinn framtíðarplön hvað varðar búsetu eða atvinnu, óvissa fjölskyldunnar er algjör og staðan í rauninni óþolandi. Ég hef því undanfarið velt því fyrir mér hvort að ríkisjarðir séu í rauninni blessun eða bölvun þeirra sem veljast til að sitja þær.

### *Þörf á að hugsa málið upp á nýtt*

Þetta eru dæmi um hvernig það er að eiga samskipti við stjórnsýsluna og sitja ríkisjörð. Staðan er sú að þessar jarðir ná ekki að halda í við aðrar jarðir með þessum hætti. Rekstrarumhverfið er ekki það sama, þar sem aðgengi að fjármagni er ekki á sömu kjörum og öðrum bændum bjóðast. Það er í rauninni undarlegt því að það er forsenda þess að viðhalda bújörðinni að eiga aðgengi að fjármagni á sem bestum kjörum.

Ég er hlynnt því að ríkisvaldið nýti jarðir sínar til að ungt fólk geti látið drauminn um búskap rætast og tel ekki viðunandi að þær séu setnar ábúendum sem eru hættir búskap. Það er heldur ekki viðunandi að nýir ábúendur fái ekki aðgengi að viðunandi fjármögnun til að hefja sinn búskap, þá er þetta ekki lengur það tækifæri sem ég held að allir vilji að sé til staðar. Það vantar sárlega stefnumótun og nútímavæðingu á því hvernig staðið er málum varðandi ríkisjarðir hér á landi. Ég tel að það þurfi að hugsa málið upp á nýtt.

*Með vorkveðju úr Flóanum,*
***Guðbjörg Jónsdóttir***

## LOKAORÐIN

# Líf landsbyggðar

**Samfélagsbreytingar á síðustu öld leiddu til mikilla búferlaflutninga fólks úr sveitunum og frá harðbýlustu svæðum landsins. Blómlegar byggðir á Hornströndum lögðust í eyði. Sama þróun átti sér stað víðar um land og enn heyja menn varnarbaráttu á landsbyggðinni.**

Samfélagsbreytingarnar á síðustu öld stöfuðu fyrst og fremst af breyttum atvinnuháttum með tæknivæðingu og uppbyggingu í sjávarútvegi. Útgerð og fiskvinnsla þarfnaðist aukins vinnuafls, sem sótt var í sveitirnar, og það kallaði síðan á aukna tæknivæðingu í sveitum landsins. Báðar þessar atvinnugreinar eiga enn líf sitt hvor undir annarri og á þeim hangir líf landsbyggðarinnar og möguleikar til áframhaldandi uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á níunda og tíunda áratug síðustu aldar voru hugsaðar til að koma í veg fyrir ofveiði. Þar fóru menn þó greinilega offari með frjálsu framsali veiðiheimilda þegar þeim láðist að binda veiðiheimildirnar við landshlutana og fiskimiðin utan landsteina þeirra. Í dag ræður fjármagnið öllu og eignarhaldið á veiðiréttinum safnast saman á stærstu þéttbýlisstaði landsins. Þessi þróun mun að óbreyttu halda áfram þar til einn eða tveir auðmenn standa uppi með þorra allra veiðiheimilda landsmanna í vasanum.

Staðir eins og Þingeyri, Djúpivogur og fjölmörg önnur sjávarpláss berjast nú á hæl og hnakka fyrir lífi sínu. Innlegg Djúpavogsbúa í þá baráttu með aldeilis magnaðri kvikmynd hefur vakið mikla athygli. Þó að landsbyggðarmenn voni að sú mynd muni vekja stjórnmálamenn til góðra verka er það borin von nema ný hugsun fái hljómgrunn í uppstokkun fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Þingmenn hafa eytt ómældum tíma á fullu kaupi við að rífast eins og krakkar í sandkassa um veiðigjöld á útgerðina. Í raun er það þó ekki til annars en að skemmta skrattanum, því að veiðigjöldin skipta litlu máli ef kerfið er þannig hannað að það mun áfram murka lífið úr sjávarbyggðunum vítt og breitt um landið. Trúlega væri allt annað uppi á teningnum í dag ef mönnum hefði auðnast að tengja kvótann við landshlutana og sameina sveitarfélögin í landinu undir nokkrar fylkisstjórnir með sjálfstæðan fjárhag. Þær hefðu þá notið veltunnar af nýtingu fiskimiða á sínu yfirráðasvæði.

/HKr.



Brynjólfur Bogason gerir matnum Í Stóra-Dunhaga góð skil.



Patrekur Ingólfsson virtist mjög sáttur við veitingarnar.



Hafsteinn Heimir Óðinsson, nemandi í grunnskóladeild Hríseyjarskóla.



Victoría Líf og Tara Naomí Hermannsdætur voru glaðar á góðum degi í sveitinni.

Líf og starf



Allir krakkar sem heimsækja Stóra-Dunhaga fá að bregða sér á hestbak. Hér er verið að undirbúa reiðtúrinn. Myndir / MÞÞ

# Líf og fjör þegar börn úr Hrísey heimsóttu Stóra-Dunhaga

**Líf og fjör. Þessi orð passa vel við stemmninguna sem var í Stóra-Dunhaga í Hörgársveit í liðinni viku þegar börn úr leikskólanum Smábæ í Hrísey, sem og börn úr yngstu bekkjardeildum Hríseyjarskóla, heimsóttu ábúendur, þau Árna Arnsteinsson og Borghildi Freysdóttur. Þrátt fyrir að aðeins dropaði úr lofti skemmtu allir sér prýðilega og hafa eflaust farið heim með góðar minningar í farteskinu eftir heimsókn í sveitina.**

Þau Árni og Borghildur hafa tekið á móti börnum á bæ sínum í um þrjá áratugi, byrjuðu töluvert áður en verkefni af því tagi hófst formlega á vegum Bændasamtaka Íslands.

„Þetta byrjaði hjá okkur fyrir um 30 árum þegar óskað var eftir því að koma með börn í heimsókn í sveitina og það var í gegnum kunningsskap. Við tókum vel í beiðnina og höfum síðan tekið á móti miklum fjölda barna hér á vorin," segir Árni.

*Kindur, kýr og hestar heilla*

Börnin sem koma í Stóra-Dunhaga líta við í fjósinu, skoða kýrnar og vélarnar og fá jafnvel að máta sig í ökumannssætum, sumir henda sér smávegis í heyið í hlöðunni áður en haldið er í fjárhúsin þar sem fylgst er með sauðburði, en hann segir Árni ómissandi þátt í heimsóknum barnanna og þau hafi jafnan mjög gaman af að skoða litlu lömbin. Þá fá allir sem vilja að bregða sér á hestbak og telur Árni að það sé eftirminnilegasti hluti heimsóknarinnar í hugum flesta. „Ég heyrði einhvern tíma af því að börnin voru beðin um að teikna mynd eftir heimsókn hingað og allar nema ein voru af gömlum karli að teyma hest með barni á baki."



Victoría Líf, Brynjólfur, Adam, Bjarni Sævar, Auður Embla og Hafsteinn Heimir bíða eftir að röðin komi að þeim.



Þegar búið var að skoða fjósið, líta á litlu lömbin og fara á hestbak var tekið til við að grilla pylsur. Hér er Stella Kristín Júlíusdóttir að gera sér eina að góðu.



„Þetta er mjög skemmtilegt og það gefur okkur mikið þegar við sjáum að þetta gleður börnin," segir Árni um heimsóknir skólabarna að Stóra-Dunhaga.

*Mikill gestagangur*

Þau Árni og Borghildur eru einnig aðilar að verkefninu Opinn landbúnaður, en með því gefst almenningi kostur á að heimsækja bóndabæi og kynna sér þau störf sem unnin eru til sveita. Blandað bú er á Stóra-Dunhaga, um 35 mjólkurkýr í fjósi og um 160 kindur. „Það er nú ekki mikið um að fólk sé að koma hingað beint af þjóðveginum, flestir sem nýta sér þetta eru í skipulagðri ferð, heimsókn hingað er stundum hluti af óvissuferð eða ferðalagi starfsmannafélaga og því um líkt. Þegar slíkir hópar koma setjum við upp smá dagskrá, ratleit eða þrautabraut en svo setjast menn gjarnan niður og ræða málin. Mér virðist að mörgum þyki skemmtilegasti hluti heimsóknarinnar að fá sér kaffibolla hér við eldhúsborðið og spjalla," segir Árni.

Borghildur hefur undanfarin ár séð um verkefnið Dagur með bónda, sem felst í því að heimsækja börn í 7. bekk grunnskóla og kynna fyrir þeim íslenskan landbúnað og í hverju líf og starf bænda felst.

*Annasamur tími*

„Vorin eru annasamur tími hér á Stóra-Dunhaga, enda tökum við á móti miklum fjölda barna ásamt því að sinna hefðbundnum verkum heima við. En þetta er mjög skemmtilegt og það gefur okkur mikið þegar við sjáum að þetta gleður börnin. Við höfum stundum eftir að hafa gengið svolítið nærri okkur hugleitt að hætta þessu, en af því hefur ekki orðið, enda höfum við bæði mjög gaman af þessu," segir Árni. /MÞÞ

## MÆLT AF MUNNI FRAM

Einmitt þegar þessi vísnaþáttur er í smíðum er umsjónarmaður á leið um landveg til Reykjavíkur þeirra erinda að auka sér ritfærni. Veður er fremur blítt og margt ber fyrir sjónir ferðalangs. Erindisferð umsjónarmanns hefur eitthvað kvisast út þannig að hinir og þessir vísnagerðarmenn voru við þjóðveginn til að fagna ferðalangi. Fyrstan hitti ég **Einar Kolbeinsson** bónda í Bólstaðarhlíð. Fagnaði hann mér ákaflega þegar komið var um Vatnsskarð. Flutti hann mér sérlega vel gerða vísu, sennilega einhverja þá bestu sem hann hefur samið, enda vísan að miklu leyti stolin:

*Loksins færðu ylinn inn*
*í þín sálarkeröld,*
*er þú kemur anginn minn*
*yfir í sælli veröld.*

Eftir stundar töf við Bólstaðarhlíð var haldið áfram um Langadal og um Blönduós. Rifjast þá upp hugmyndir um að fá þjóðveg 1 fluttan frá Blönduósum um Svínavatnshrepp og síðan með nýrri brú um Blöndu ofar í Langadal. Hugmynd Vegagerðarinnar er afar umdeild þó að einhver stytting verði á þjóðveginum. Deildu ýmsir hart á þessa hugmynd, en á hagyrðingasamkomu eitthvert sinn var gerð tilraun til að sætta heimamenn á tillögu Vegagerðarinnar með þessari stöku:

*Hjá Svínavatni er brautin breið*
*og betri í flestu ljósi,*
*og frábært ef að fyndist leið*
*framhjá Blönduósi.*

Enn er þó ekið um Blönduós og verða mér nokkrar tafir af hagyrðingum sem vilja koma vísum að. **Óskar Sigurfinnsson** bóndi í Meðalheimi í Ásum var þetta vorkvöld kominn ofan að vegi með vísnasafn nokkurt og vildi fúslega flytja mér:

*Kvöldsólin geislar um firði og fjöll*
*ég fylli af gróðurilm vitin.*
*Nú verður jörðin, já náttúran öll*
*eins og náttfötin mín á litinn.*

Tókst mér nú bærilega að berja frá mér hagyrðinga allt að borgarmörkum Reykjavíkur, enda drjúgt tekið degi að halla. En í Ártúnsbrekkunni sátu þó fyrir mér tveir ekki árennilegir „öryrkjar" og þótti mér hollast af hafa þá með í liði.

Margir kannast við hagyrðinginn og bloggarann **Gísla Ásgeirsson** sem er bróðir útivistarmannsins og rithöfundarins **Páls Ásgeirs Ásgeirssonar**. Þeir bræður ólust upp í Þúfum í Ísafjarðardjúpi. Þeir voru á ferðalagi milli landshluta fyrir fáum árum og styttu sér og ferðafélögum stundir með því að setja saman vísur.

Á þessu sumri var verið að taka upp kvikmynd um æskuár leðurblökumannsins **Batmans** ekki langt frá Skaftafelli og varð uppvöxtur Batmans litla þeim bræðrum að yrkisefni meðan ekið var gegnum Öræfi.

*Fyrir jökli fjallið vék*
*finn ég bernskuhaga*
*Þar sem Batman litli lék*
*að leggjum forðum daga.*
*(GÁ)*

*Barnið átti blómatíð*
*Batman fékk hér köku.*
*Þar sem vella vötnin stríð*
*varð að leðurblöku.*
*(PÁÁ)*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
kotabyggd1@gmail.com

# Minkabændur í Mön bjóða í fólki heim

**Hjónin Katrín Sigurðardóttir og Stefán Guðmundsson í Mön í Skeiða- og Gnúpverjahreppi ætla að bjóða almenningi í heimsókn í minkabúið sitt laugardaginn 24. maí milli kl. 10 og 17.**

Margir muna eftir opna deginum í Mön í fyrra en þá lögðu hundruð manna leið sína þangað og nutu eftirminnilegs dags.

Margir fara í sveitina um sauðburðinn en fáir hafa komist í tæri við litla minkahvolpa. Got hefur verið í fullum gangi undanfarnar vikur og því tilvalið fyrir fjölskyldur að koma og fá að kynnast þessu ungviði og jafnvel fá að halda á litlu krílunum.

Hellt verður á könnuna og bændur veita upplýsingar um búskapinn og starfsemina.

Fá skinn eru eins eftirsótt og minkaskinn, en á staðnum verða skartgripir og aðrir munir úr minkaskinni og roði til sýnis og sölu sem Katrín hannar og framleiðir sjálf.

Einnig verður til sölu smyrsl úr minkafitu og íslenskum jurtum en minkafita er einstaklega græðandi.

Eitthvað verður einnig til afþreyingar fyrir börnin og getraun fyrir alla.



**Þeir eru ekki sérlega burðugir minkahvolparnir fyrstu daga lífsins.**

Þau Katrín og Stefán vonast til að sem flestir leggi leið sína í Mön og sjái þar eitthvað nýtt, skemmtilegt og fróðlegt.

## Hagstofan breytir framsetningu á hagtölum:

# Verðvísitala landbúnaðar ekki birt

**Frétt um verðvísitölu landbúnaðar á fyrsta ársfjórðungi sem koma átti út hjá Hagstofu Íslands 15. maí síðastliðinn hefur verið aflýst. Hagstofan mun ekki viðhalda framleiðslu á verðvísitölu landbúnaðar og hafa fyrirhugaðar birtingar verið fjarlægðar af birtingaráætlun.**

Magnús Kári Bergmann, deildarstjóri fyrirtækjaviðs Hagstofunnar, segir ástæðuna vera forgangsröðun verkefna innan stofnunarinnar.

„Við ætlum að einbeita okkur að því að birta betri rekstrarupplýsingar, búreikninga og annað. Þegar úrvinnsla hagtalna í landbúnaði var flutt til Hagstofunnar opnaðist aðgangur að öllum rekstrarhagtölum. Vegna þess viljum við tengja birtingu gagna betur við rekstrarframtölin, landbúnaðarframtölin, og birta þá heildstæðari rekstrarniðurstöður fyrir greinina. Við heyrum að það er mikil eftirspurn eftir því frá hagsmunaaðilum. Þetta viljum við tengja við vinnuaflstölur og landbúnaðarrannsóknir, land-upplýsingar og annað slíkt. Við teljum að við getum með þessu unnið og birt mjög áhugaverðar upplýsingar.“

Magnús segir að rekstrartölur landbúnaðarins verði birtar árlega, líkt og rekstrartölur fyrir aðrar greinar. Til skemmri tíma verði hins vegar birtar upplýsingar aðra tölfræði, svo sem veltu samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum. Þær upplýsingar verði brotnar meira niður og sundurliðaðar eftir búgreinum. Slíkar upplýsingar verði jafnframt birtar örar. Verðvísitala landbúnaðarins var fyrst birt í byrjun þessa árs að sögn Magnúsar og ekki sé hefð fyrir þeim tölfræðiútreikningum.

### *Útreikningar tengdir IPA-styrk*

Samkvæmt lögum um hagþjónustu landbúnaðarins er ráðherra heimilt að gera samninga um framkvæmd verkefna og hefur slíkur samningur verið gerður við Hagstofuna. Að því er Magnús segir er ekki tiltekið í þeim samningi að Hagstofunni sé skylt að gefa út verðvísitölu. „Við höfum ekki fundið fyrir eftirspurn eftir þeim upplýsingum sem birtast með verðvísitölunni hér innanlands. Vinnsla vísitölunnar tengdist IPA-styrk frá Evrópusambandinu til að byggja upp landbúnaðartölfræði og það var eftirspurn eftir því að fá þessar upplýsingar frá Evrópusambandinu. Vinnsla vísitölunnar byggir ekki á neinni reglugerð og við höfum verið að einbeita okkur að því að uppfylla það sem okkur er skylt samkvæmt lögum. Það hefur verið til umræðu að setja þessa vísitöluvinnu inn í reglugerð og verði það gert munum við auðvitað endurskoða þessa ákvörðun okkar.“

### *Mestur áhugi á rekstrarupplýsingum*

Forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands hafa lýst furðu sinni á ákvörðuninni. Magnús segir að þrátt fyrir að ekki hafi verið haft samráð við Bændasamtökin vegna þessa muni verða haft samráð við þau varðandi framtíðaruppbyggingu á tölfræðivinnslu tengdri landbúnaði. „Við ætlum ekkert að draga úr framleiðslu á landbúnaðartölfræði, frekar hitt að við ætlum að auka slíka vinnu og birta betri tölur. Við erum ekkert að draga úr þeirri vinnu. Við höfum ekki rætt við Bændasamtökin beint en höfum átt í samræðum við ýmis búgreinafélög. Þar virðast menn hafa mestan áhuga á betri rekstrarupplýsingum um landbúnaðinn og það er það sem hyggjumst einbeita okkur betur að.“

/fr



# Niðurstöðu að vænta vegna rannsóknar á lerkibarrfelli

**Lerkibarrfellir er sveppa-sjúkdómur sem getur valdið miklu tjóni í ræktun á lerki. Sjúkdómurinn herjar fyrst og fremst á skógarplöntur í ræktun í gróðrarstöðvum en sýkir sjaldan eldri plöntur í skógi.**

Í síðasta Bændablaði var vitnað í grein sem birtist á vefsíðu Norðurlandsskóga þar sem fjallað var um lerkibarrfelli og greint frá tilraun sem gerð var með það að markmiði að gera plöntuframleiðendum kleift að ráða niðurlögum lerkibarrfellis með öruggum aðferðum og eins að kanna með hvaða hætti væri hægt að draga úr smithættu.

Tilraunin var gerð á Mógilsá, Rannsóknastöð skógræktar ríkisins, og hafði Halldór Sverrisson umsjón með henni, ekki Úlfur Óskarsson hjá Landbúnaðarháskólanum eins og fram kom í fyrri grein. Skógarplöntuframleiðandinn Sólskógar ehf. og landshlutaverkefnin fimm í skógrækt stóðu að tilrauninni og er niðurstöðu að vænta.

/MÞÞ



# Leiðrétting

**Ranglega var farið með tvö nöfn undir þessari mynd í síðasta tölublaði Bændablaðsins af frásögn af verðlaunahöfum við athöfn í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði á sumardaginn fyrsta. Þarna eru, talið frá vinstri: Samson Bjarnar Harðarson, verkefnisstjóri Yndisgróðurs, Gísli Jóhannsson, eigandi Gróðrarstöðvarinnar Dalsgarðs, *hjónin Rannveig Árnadóttir og Magnús Ágústsson* og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. (Ekki hjónin Emma Kristín Guðnadóttir og Ágúst Eiríksson eins og sagt var í textanum). Eru viðkomandi beðin velvirðingar á þessum mistökum.** Mynd / HKr.

## Verulegur samdráttur í sykurinnflutningi til Íslands á milli ára:

# Sykurneysla hefur dregist saman á 14 árum um 10 kg á mann á ári

## – miðað við innflutningstölur Hagstofu Íslands og tölur um fólksfjölda

**Verulegur samdráttur hefur orðið á innflutningi á sykri á fyrstu þrem mánuðum þessa árs samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Alls voru flutt inn á þessu tímabili 1.793 tonn, samanborið við 4.923 tonn á sama tíma 2013. Hugsanlega kann þetta að skýrast af óvenju mikilli árstíðarbundinni niðursveiflu, en fróðlegt verður að fylgjast með sykurinnflutningi næstu mánuðina. Frá árinu 2000 hefur sykurneyslan líka dregist verulega saman eða sem nemur um 10 kg á mann á ári, miðað við neysluna árið 2000.**

### *Mestur sykurinnflutningur var árið 2003*

Innflutningur á sykri á árinu 2013 nam 10.482 tonnum og var þá mesti sykurinnflutningur síðan 2003 þegar flutt voru inn 19.812 tonn. Mun meira var þó flutt inn af sykri á árinu 2000 eða 11.464 tonn, svo sykurneysla Íslendinga virðist vera á nokkurri niðurleið. Hafa ber þó í huga að þarna er einungis um að ræða strásykur og molasykur, en til viðbótar er sælgætisinnflutningur sem hefur samt verið nokkuð jafn öll árin, eða í kringum 2.200 til 2.500 tonn. Minnst var flutt inn af sælgæti á árinu 2010 eða 2.202 tonn.

Þess má líka geta að Íslendingum hefur fjölgað úr 279.049 þann 1. janúar árið 2000 í 325.671 þann 1. janúar 2014. Þar er fjölgun upp á 46.622, svo greinilegt er að hlutfallsleg sykurneysla hefur dregist töluvert saman.

### *Sykurneysala á mann dregst saman um 10 kg á mann*

Neysla á strásykri og molasykri var samkvæmt þessu 41 kg á mann árið 2000 og rúmlega 32 kg árið 2013. Ef sælgætisneyslunni er bætt við eru þetta trúlega 48 kg á mann árið 2000 og rúmlega 39 kg á mann árið 2013.





**Má bjóða þér litla eða stóra skeið af sykri út í kaffið?** Myndir / Wikipedia

Auk þess má geta þess að fjöldi ferðamanna hefur margfaldast á tímabilinu og má líklega bæta um 15.000 manns við íbúatöluna yfir heilt ár af þeim sökum. Þannig má ætla að hlutfallsleg neysla í heild á strásykri og molum í fyrra hafi verið komin niður í tæplega 31 kg á mann hér á landi. Ef sælgætisneyslan í fyrra er tekin með þá hefur þetta verið tæplega 38 kg á mann svo sykurneyslan hefur dregist saman um 10 kg á mann á ári frá því sem hún var árið 2000.

### *Enn meðal mestu sykurneysluþjóða heims*

Þrátt fyrir þetta eru Íslendingar enn meðal mestu sykurneysluþjóða í heimi eða rétt á eftir Ástralíubúum sem háma í sig 40 kg að meðaltali á mann á ári miðað við tölur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá 2012. Þar á eftir koma Bandaríkjamenn með 33 kg á mann á ári Þá má nefna að Frakkar eru tiltölulega hófsamir í sykurátinu miðað við Íslendinga og innbirgða „aðeins“ 25 kg á mann og Japanir neyta 20 kg af sykri á mann á ári.

Miklir fjárhagslegir hagmunir liggja í því hjá sykurframleiðendum að viðhalda sykurneyslu og helst að auka hana. Enda hefur sykurframleiðslan stöðugt verið að aukast á heimsvísu á undanförnum áratugum, eða úr 100 milljónum tonna árið 1981 í nærri 170 milljónir tonna árið 2011.

/HKr.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-1273

# Öflugir vinnufélagar

**Citan og Sprinter á sýningu við Bílaverkstæði Austurlands á Egilsstöðum, 24. og 25. maí kl. 12–16**

Vinnubílarnir frá Mercedes-Benz hafa löngu sannað að þeir eru í sérflokki þegar kemur að akstursеiginleikum, sparneytni, hönnun og þægindum. Komdu og kynntu þér tvo þeirra á Egilsstöðum um helgina. Citan og Sprinter eru til þjónustu reiðubúnir. Veitingar í boði.



Mercedes-Benz

BVA.is Bílaverkstæði Austurlands - Sími 470 5070

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

# Smellinn+

Upplagt fyrir aðila í ferðaþjónustu



**Einstakt hús – margir möguleikar**

Smellinn+ eru forsteyptar einingalausnir sem eru byggðar á staðlaðri grunneiningu með baðherbergi. Grunneining getur staðið ein og sér, en einingunum má einnig raða saman á ýmsa vegu og tengja með gangi. Hægt er að bæta við mötuneytis- og þjónusturýmum.

**Smellinn+ einingahúsin eru ódýr og auðveld í uppsetningu.** Þau eru tilvalin fyrir aðila í ferðaþjónustu, en henta einnig einstaklega vel sem veiðihús, gestahús, sumarhús o.fl.

**Kynntu þér útfærslur og áferðarmöguleika á heimasíðu okkar** eða hafðu samband við söludeild.

**www.bmvalla.is**

PIPAR\TBWA · SÍA · 141159







**BM Vallá ehf**
**Breiðhöfða 3**
**110 Reykjavík**

**Sími: 412 5050**
**sala@bmvalla.is**

**BM Vallá ehf · Akureyri**
**Austursíðu 2**
**603 Akureyri**

**Sím: 412 5203**
**sala@bmvalla.is**

BM·VALLÁ
forsteyptar einingar smellinn

**Bólusetning er ný valkostur við geldingar grísa:**

# Svínabændur verða að fara að lögum

## – þegar kemur að geldingum, segir yfirdýralæknir

**Matvælastofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Svínaræktarfélag Íslands héldu fræðslufund hinn 6. maí síðastliðinn um nýjan valkost við geldingu grísa, sem er bólusetning. Til að koma í veg fyrir svokallað „galtarbragð“ í afurðum svína eru grísir geldir og hefur mest verið notast við skurðaðgerð. Á fræðslufundinum var fjallað um þennan nýja valmöguleika; kosti og galla – og hvað bændur þurfi að gera til að geta hagnýtt sér þessa aðferð.**


Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir.

Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir var einn af framsögumönnum fundarins. „Málið er á því stigi núna að svínabændur verða að gera upp við sig hvernig þeir ætla að standa að málum hjá sér. Ný lög um velferð dýra eru skýr; nú má enginn gelda dýr nema dýralæknar og það verður að gera að undangenginni deyfingu eða svæfingu ásamt verkjastillingu. Svínabændur verða að fara að lögum og geta gert það á þrennan máta; ekki gelda, fá dýralækni til að gelda með skurðaðgerð eða nota þessa aðferð sem við kynntum á fræðslufundinum. Hún felst í því að grísirnir eru í raun bólusettir gegn lyktinni og bragðinu, sem kemur af karlkyns grísum þegar þeir verða kynþroska. Þeir verða sem geldir grísir og árásarhneigð hverfur sömuleiðis. Bólusetja þarf tvisvar svo þessi aðferð virki. Fyrri bólusetningin er eftir átta vikna aldur og sú síðari er fjórum til sex vikum fyrir slátrum.“

### *Aðferð sem er að ryðja sér til rúms*

„Það var byrjað að nota þessa aðferð 1998 í Ástralíu og Nýja-Sjálandi og hefur verið notuð þar allar götur síðan. Síðastliðin þrjú ár hefur hún verið notuð í Belgíu og eru um 20 prósent grísa þar bólusettir gegn galtarbragði. Það var byrjað á þessu í Belgíu vegna þrýstings frá viðskiptavinum stórmarkaðar. Norðmenn eru sömuleiðis að byrja að nota þessa aðferð og einnig í Brasilíu, en um helmingur er bólusettur þar. Þessi aðferð er því aðeins að ryðja sér til rúms. Tilgangur fundarins var því að benda svínabændum á nýjan valkost. Það er í valdi hvers og eins að ákveða fyrir sig hvaða leið hann velur en við förum bara fram á það að þeir virði lögin, en það er misbrestur á því. Við höfum ekki gripið enn til þvingunarúrræða en segja má að þetta hafi verið fyrsta skrefið í því að gefa svínabændum til kynna hvaða kostir séu í boði.“

### *Betri fóðurnýting og hærra hlutfall kjöts á móti fitu*

Að sögn Sigurborgar eru kostirnir við bólusetninguna þeir að fóðurnýting verður betri hjá þeim grísum sem eru bólusettir og hlutfall kjöts á móti fitu hærra. „Ég á ekki von á því að það verði dýrara að bólusetja grísina en að láta dýralækni gelda. Gallinn við bólusetninguna er hins vegar sá, að ef svo ólíklega vildi til að maður yrði bólusettur í tvígang fyrir slysni – með einhverra vikna millibili – verður viðkomandi ófrjór, að minnsta kosti í einhvern tíma. Það gengur svo til baka. Sérstök bóluefnasprauta hefur því verið hönnuð til að koma í veg fyrir að slík slys geti átt sér stað. Á fundinum var upplýst að einungis hefði verið tilkynnt um 0,5 tilvik á hverja milljón gefna skammta þar sem manneskja hafi verið stungin.“

Sigurborg segir að ekki megi rugla bóluefninu saman við hormónagjafir. Um sé að ræða prótein sem virkjar ónæmiskerfið þannig að tiltekið efni er ekki framleitt í eistum, bóluefnið kemur þannig í veg fyrir lykt- og galtarbragð og veldur einnig ófrjósemi tímabundið – og það hefur engin áhrif á neytendur. Hún hvetur svínabændur til að huga að þessum kosti, því það hljóti að hafa líka markaðslegt gildi að geta lagt fram afurð þar sem tillit hefur verið tekið til sjónarmiða um dýravelferð við eldi á viðkomandi dýri. Unnið er að því að svínabændur geti sjálfir bólusett sína grísi. /smh


# OPIÐ HÚS

## Í minkabúinu Mön,

Skeiða- og Gnúpverjahreppi,
**laugardaginn 24. maí frá kl. 10 til 17.**

Margs konar fróðleikur um dýrin og búið.
Heitt á könnunni.
Minkaskart til sölu.
Minkasmyrsl til sölu.
Hægt verður að fá að halda á nýfæddum minkahvolpum.
Eitthvað fyrir börnin.

**Allir velkomnir sem vilja fræðast um búskapinn.**


**Ný rannsóknastofa tekin í notkun hjá Matís vegna verkefnisins Örugg matvæli:**

# Hægt verður að mæla um 300 varnarefni í matvælum hér á landi í stað 63

## – ætlað að stuðla að matvælaöryggi í þágu neytenda og framleiðenda

**Föstudaginn 9. maí síðastliðinn tók Matís nýja rannsóknastofu formlega í notkun í húsakynnum sínum að Vínlandsleið 12 vegna verkefnisins Örugg matvæli, en með tilkomu hennar verður hægt að mæla um 300 varnarefni í matvælum í stað þeirra 63 sem nú eru mæld.**


Helga Gunnlaugsdóttir fer yfir tækjakostinn á nýju rannsóknastofunni með þeim Thomas Hermann Meister, sendiherra Þýskalands, Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Roland Körber, sem hefur umsjón með sérfræðiaðstoð og þjálfun á starfsfólki. myndir / smh

Verkefninu er ætlað að stuðla að matvælaöryggi og vernda íslenska neytendur. Það gerir íslenskum yfirvöldum, Matvælastofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna betur kleift að framfylgja löggjöf um matvælaöryggi og neytendavernd.

Verkefnið er unnið í samvinnu íslenskra og þýskra aðila; Matís, Matvælastofnunar (MAST) og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins af hálfu Íslands og frá Þýskalandi Bundesministerium für Ernährung, Landwirtschaft und Verbraucherschutz (BMEL), Bundesinstitut für Risikobewertung (BfR) og Niedersächsischen Landesamt für Verbraucherschutz und Lebensmittelsicherheit (LAVES). Íslensk stjórnvöld leggja til fjármagn til tækjakaupanna, alls 200 milljónir króna, en Þjóðverjarnir leggja til sérfræðiaðstoð og þjálfun á starfsfólki.

### *Tækjabúnaðurinn eykur öryggi þess að rétt efni sé greint*

Helga Gunnlaugsdóttir, fagstjóri hjá Matís, hefur haft veg og vanda að undirbúningsvinnunni að hálfu Matís. „Ég hef séð meðal annars um samningaviðræður og frágang samnings milli þátttakenda þar sem markmið, verk- og tímaáætlun, skipting kostnaðar, skyldur og ábyrgð samningsaðila eru skilgreind. Eftir að verkefnið hófst í byrjun janúar 2014 þá felst starf mitt einkum í eftirfylgni, skipulagningu og kynningu á verkefninu,“ segir Helga. „Tækjabúnaðurinn var settur upp í höfuðstöðvum Matís að Vínlandsleið 12 á tímabilinu janúar-apríl 2014. Um er að ræða búnað sem eykur til muna öryggi þess að rétt efni sé greint. Að auki eru ýmis tæki til sýnaundirbúnings og tæki til að greina erfðabreytingar í matvælum og fóðri.

Stuðningurinn frá Þjóðverjunum felur meðal annars í sér fjármögnun á launum og uppihaldi fyrir þýskan ráðgjafa sem sér um undirbúning verkefnisins af hálfu Þjóðverjanna. Þessi ráðgjafi verður hér á landi í sex mánuði, frá janúar til júní 2014 og sér meðal annars um að skipuleggja stuttar heimsóknir annarra sérfræðinga, sem sjá um þjálfun á ákveðnum fagsviðum. Stuðningur Þjóðverjanna felur því líka í sér launakostnað og ferðakostnað þessara sérfræðinga sem koma hingað til að þjálfa starfsfólk Matís og MAST. Samstarfsaðilar verkefnisins frá Þýskalandi eru leiðandi á alþjóðavísu og munu þeir senda að minnsta kosti 15 sérfræðinga til Íslands til að aðstoða og þjálfa íslenska þátttakendur verkefnisins, MAST og Matís, við að innleiða þekkingu og verklagsreglur til að framfylgja íslenskri matvælalöggjöf. Enn fremur hafa þeir aðstoðað við uppsetningu tækjabúnaðarins og þjálfað starfsfólk Matís í að nota tækin og við framkvæmd nýrra mæliaðferða. Þetta verkefni er enn í gangi og lýkur formlega í lok júní.“


Sigurður Ingi Jóhannsson var viðstaddur opnunina ásamt sendiherra Þýskalands á Íslandi, Thomas Hermann Meister, en báðir héldu þeir stuttar ræður og opnuðu að svo búnu rannsóknastofuna formlega með borðaklippingum.

### *Þjóðverjar sjá hag sinn í stuðningi við verkefnið*

Það er ekki af eintómri hjálpsemi sem Þjóðverjar styðja verkefnið Örugg matvæli með þessum hætti. „Þjóðverjar flytja inn mikið af matvælum frá Íslandi og þeir leggja mikið upp úr því að tryggja matvælaöryggi og gæði matvæla á þýskum markaði. Þeir sjá sér þannig umtalsverðan viðskiptalegan hag í að aðstoða okkur Íslendinga,“ útskýrir Helga. „Hér á Íslandi verður bættur tækjakostur hjá Matís til hagsbóta fyrir marga. Rannsóknastofan verður án vafa mikill stökkpallur fyrir íslenska neytendur, eftirlitsaðila og ekki síst fyrir framleiðendur og söluaðila. Neytendur vilja nánari upplýsingar um efnin sem eru í og eru ekki í matvælum sem þeir neyta. Framleiðendur og söluaðilar vilja einnig fá þessar upplýsingar til að auka enn frekar treyst neytenda á þeirra vörum.“

### *Matís og MAST munu lyftast upp á hærra þekkingarstig*

„Íslenskir þátttakendur verkefnisins, Matís og MAST, munu hratt og örugglega lyftast á hærra þekkingarstig, bæði vegna bættra innviða en líka vegna aukinnar sérfræðiþekkingar. Þeir mun því geta framfylgt lögum og veitt þjónustu sem sé sambærileg við það sem best gerist hjá nágrannaþjóðum okkar á sviði matvælaöryggis,“ segir Helga.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, var viðstaddur opnunina ásamt sendiherra Þýskalands á Íslandi, Thomas Hermann Meister, en báðir héldu þeir stuttar ræður og opnuðu að svo búnu rannsóknastofuna formlega með borðaklippingum.

Ágústa Guðmundsdóttir, sem situr í stjórn Matís, hélt einnig ræðu um mikilvægi rannsóknaraðstöðunnar fyrir almenning, fyrir íslenska matvælaframleiðslu og fyrir Matís og útskýrði í stuttu máli hvernig aðstaðan myndi nýtast öðrum aðilum, meðal annars í námi í matvæla- og næringarfræði við Háskóla Íslands. /smh

# Stuðlar að líflegra hári



Selma Björk

Ég var farin að taka eftir að hárið á mér var ekki eins þykkt og það hefur verið í gegnum tíðina og var orðið mjög þurrt og slitið!

Ég ákvað því að prófa að taka Hair Volume og sjá hvort það hefði eitthvað að segja og viti menn hárið á mér er orðið mun líflegra, ég tek eftir að það er að þykkna og glansar mun meira og eftir einungis 2 mánaða kúr á Hair Volume ☺

Þegar kona eins og ég sem litar hárið reglulega þarf að huga að hárinu og passa að það brotni ekki og þorni of mikið.

Ég mæli hiklaust með Hair Volume ef þú vilt ná upprunalegum lífleika í hárinu.

*Kveðja*
*Selma Björk Grétarsdóttir*

Hair Volume töflurnar frá New Nordic, efla hárvöxt, styrkja og þykkja hárið.
Innihald:
- Elftingu (horsetail extract)
- Epla extract
- Hirsi (millet extract)
- Amínósýrur (L-Cysteine og L-methinonine)
- Bíótín
- Pantótenat sýra
- Zink
- Kopar




***Nánari upplýsingar á www.icecare.is***

# Blue Berry hefur reynst mér vel gegn augnþurrki

**Gömul hefð í nýjum búningi - Styrkir og bætir sjónina.**

Blue Berry töflurnar innihalda:
- A vítamín
- Zink
- Kopar
- Bláberja þykkni (Blueberry extract)
- Eyebright extract (Euphrasis officinalis)
- Lútein frá Tagetes extract

Töflurnar frá Blue Berry innihalda mikið magn af lúteini, náttúrlega litarefninu sem stuðlar að virkni gula blettsins í auganu sem gerir okkur kleift að sjá skýrt.

„Ég hef notað Blue Berry töflurnar frá New Nordic, undanfarna 3 mánuði og ég finn mikinn mun á augunum.

Áður fyrr var ég mjög oft þurr í augunum og einnig rauðeygð, þar sem þurrkurinn olli því að ég varð viðkvæmari í augunum. Mér finnst líka að sjónin hafi lagast og líður mér mun betur í augunum eftir að ég byrjaði á Blue Berry.“

*Takk fyrir,*
*Anna Daníelsdóttir*




***Nánari upplýsingar á www.icecare.is***

FRUM - www.frum.is

# Útbrotin í andliti hurfu

Ég hafði leitað mér lækninga vegna útbrota í andliti og fór til margra lækna vegna útbrotanna og fékk bæði töflur og krem við útbrotunum, en það hjálpaði mér ekki mikið.

Ég sá umfjöllun um Bio Kult Candéa og ákvað að prófa og ég sé ekki eftir því, útbrotin eru horfin. Annað sem kom mér skemmtilega á óvart, var eitthvað sem ég átti ekki von á og það er að mér líður miklu betur líkamlega meltingin er mun betri og ég er viss um að það sé Bio Kult Candéa að þakka.

*Guðmunda Egilsdóttir*




**Þú finnur Bio-Kult á**

# *Hay Max gegn frjókornaofnæmi*

Ég er að þjálfa meistaraflokk í fótbolta og er því mikið við úti á sumrin. Ég hef verið mjög slæmur á þessu tímabili, alltaf svo pirraður í augunum, þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max það sakaði ekki að prófa og smyr því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti.

**Ég mæli hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi.**

*Jón Páll Pálmason*

# Þvílíkur munur!



Íris Rut

Sonur minn, 14 ára hefur verið með frjókornaofnæmi frá barnæsku, en í fyrra sumar byrjaði hann að nota Hey Max salvann.

Þvílíkur munur, hann er allt annar drengur, nú getur hann verið úti á sumrin eins og hann vill, spilað golf og gert allt það sem hann vill gera úti.

Frjókornaofnæmið var svo slæmt hjá honum að þegar við fórum í sumarbústaðinn þurfti hann að halda sig inni í húsi mest allan tímann.

Hann ber Hay Max salvann vel undir augun og undir nefið, þetta bara svínvirkar.

**Hann notar Hay Max salvann með ofnæmislyfjum og líður mun betur.**

*Kveðja Íris Rut Árnadóttir*

# Loksins fann ég það sem virkar á frjókornaofnæmið

Ég er búin að vera með frjókornaofnæmi í um það bil 30 ár. Sumrin hafa alltaf verið hreint helvíti og það að æfa fótbolta eða vera í unglingavinnunni hér áður fyrr var hin mesta þrekraun. En ég hélt þetta út á þrjóskunni þó svo að ég væri með stöðugt nefrennsli og augun svo bólgin að ég sá ekki út um þau.

Í dag var ég búin að vera í slæmu ofnæmiskasti frá því í gærkvöldi og var ég samt búin að taka ofnæmistöflur og nota nefspray en ekkert virkaði og ég var við það að tapa gleðinni í morgun. Þegar ég fór í apótekið ákvað ég að grípa með mér eina dós af Hay Max. Áður en ég bar Hay Max á mig, þvoði ég mér í framan og eftir uþb 20 mín var ég laus við nefstíflurnar og hnerrann! Ég gat verið úti í allan dag að dúlla mér í garðinum og ekki er ég enn farin að finna fyrir ofnæmiseinkennum.

**Hay Max er frábær lausn!**

*Ólöf Inga Birgisdóttir*




**Þú finnur Hay Max á**

Fæst í apótekum og heilsuverslunum.

IceCare
www.icecare.is

Fréttir




Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri SAM:

# Ógnvænleg mein

**Fáir sjúkdómar eru jafn ógnvænlegir og krabbameinið, það leggst ekkert síður á fólk á besta aldri lífsins. Vísindin segja að orsakir krabbameina sé óþekkt í 65% tilfella hjá körlum og 76% hjá konum.**

Við þekkjum í dag marga áhættuþætti sem valda bæði krabbameini og hjartaáföllum þ.e. reykingar o.fl. Tíðni þessa sjúkdóms fer vaxandi hér á landi,en góðu fréttirnar eru samt þær að læknavísindin hafa með þekkingu og færni náð að bjarga mörgum manninum frá bráðum bana. Og lífslíkur krabbameinssjúklinga hafa meira en tvöfaldast frá því skráning krabbameina hófst hér á landi. En eigi að síður sjáum við á eftir mörgu glæsilegu fólki sem ekki tekst að bjarga. Fólki sem lifði heilbrigðu lífi og var hreystin uppmáluð þegar hinn illvígi sjúkdómur barði að dyrum.

*Hvíti-Gauti*

Það var því glæsilegt framtak hjá Guðbjörgu Jónsdóttur bónda á Læk í Flóahreppi og fjölskyldu hennar í minningu Gauta Gunnarssonar eiginmanns hennar sem lést úr krabbameini aðeins 43 ára gamall að gefa Hvíta-Gauta nýfæddan kálf, alhvítan á lit eins og engil í Húsdýragarðinn í Reykjavík, en jafnframt á uppboð á árlegri vorhátíð Jötunvéla og Vélaverkstæðis Þóris á Selfossi. Með þessari gjöf var Guðbjörg og fjölskylda hennar að safna peningum til að styðja við og byggja upp göngudeild við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi fyrir krabbameinssjúklinga.

Hin 87 ára gamla hugsjónakona Jóna Sveinbjörnsdóttir frá Uppsölum í Flóa lét sig ekki muna um að ganga fram á völlinn og bjóða hálfa milljón í Hvíta-Gauta. Og áður en deginum lauk var komin ein milljón í söfnunina, því Þórir L. Þórarinsson gaf eitt hundrað þúsund sem verkstæði hans bauð í gasgrill sem Olís gaf á uppboðið. Og aðrir sem tóku þátt í uppboðinu ákváðu að leggja sitt af mörkum. Nú er Hvíti-Gauti kominn í Húsdýragarðinn hann er vorboðinn ljúfi í ár og ekkert jafnast á við lítinn kálf sem sýgur puttana á hlæjandi börnum og svo skartar hann hvítum lit er fágætur gripur.

*„Þarf ég að deyja ef ég vil lifa.“*

Óttar Guðmundsson geðlæknir gengur fram á völlinn gegn annarri ógn sem eru sjálfsvígin þar sem fólk tekur sitt eigið líf. Ég hygg að hver einasta fjölskylda á Íslandi þekki það innan frændgarðs eða í vinahópnum að einhver „framdi sjálfsmorð,“ eins og um undirbúinn glæp að yfirlögðu ráði sé að ræða. Staðreyndin er hins vegar sú að sjúkdómur í flestum tilfellum orsakaði dauðsfallið.

Óttar gefur út bók til að opna umræðu og slá á þá miklu þöggun og skömm sem sjálfsmorðin eru hjúpuð. Það er talið að um 40 einstaklingar taki líf sitt árlega hér á landi og 400 til 500 manns til viðbótar geri tilraun til þess. Ég minnist margra ekki síst ungra manna eða drengja sem þetta hafa gert, bráðmyndarlegt fólk sem lífið brosti við. Myrkrið heltekur sálina á einu augabragði og öll sund lokast eitt andartak og lífið deyr. Og ástvinirnir eru skyldir eftir í nagandi sársauka,sorg og skömm. Þunglyndið er skugginn á bak við sjálfsvígin við Íslendingar eigum heimsmet í notkun geðlyfja og ríkið lætur 3,5 milljarða í niðurgreiðslur á geðlyfjum á hverju ári. Vinnutapið,lækniskostnaðurinn og afleiðingarnar eru annar eins kostnaður. Þunglyndið er algengur sjúkdómur en talinn viðráðanlegri læknisfræðilega í dag en margir aðrir sjúkdómar.

*Kjarkmaður Óttar Guðmundsson*

Ég óska Óttari til hamingju með viljann til að opna umræðuna og sjálfur talar hann af reynslu sem jafnvel þúsundir manna eiga einnig í hugskoti sínu og geyma eins og „mannsmorð.“ Við höfum með opinskárri umræðu dregið úr sjóslysum og banaslysum í umferðinni vegna ofsaaksturs og ölvunaraksturs. Við höfum með umræðu stórlega dregið úr áfengis- og fíkniefnaneyslu, ekki síst ungs fólks. Við getum með samhjálp og umræðu tekist á við það myrkur og böl sem verður til þess að manneskja tekur eigið líf. Þú ert kjarkmaður Óttar Guðmundsson og þú hefur helgað þeim krafta þína sem af ýmsum ástæðum brotna um stund undan þunga lífsins. Baráttan fyrir lífinu og hamingjunni er skylda okkar allra. Opinská umræða eitt bros eða fallegt orð, einn sólargeisli eða „Neyðarsímsvari lífsins,“ með huggunarorðum og hughreystingu um hjálp getur forðað slysi, já sjálfsmorði sem aldrei verður tekið til baka. Lífið er guðsgjöf, hjálpum þeim sem eru hjálparþurfi.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!



Jóhannes Kristjánsson, ferðaþjónustubóndi á Höfðabrekku, sem auglýsir eftir duglegu starfsfólk til að koma til starfa í Mýrdalnum til að sinna fjölbreyttu störfum í ferðaþjónustu og víðar. Sérstök þörf er á iðnaðarmönnum.

# Tíu íbúðir byggðar í Vík í Mýrdal

## – skortur á iðnaðarmönnum í byggðarlaginu

**„Hér vantar tilfinnanlega fólk til starfa en það gengur ekkert að fá mannskap og því gætu einhverjir lent í vandræðum, ekki síst í ferðaþjónustunni þar sem er allt vitlaust að gera,“ segir Jóhannes Kristjánsson, ferðaþjónustubóndi á Höfðabrekku í Mýrdal.**

„Þá vantar okkur tilfinnanlega iðnaðarmenn á svæðið eins og smiði, múrara, rafvirkja, pípulagningamenn og svona gæti ég haldið áfram að telja.“ Jóhannes er einn af þremur athafnamönnum sem hafa samið við Smíðanda á Selfossi um byggingu tveggja parhúsa í Vík með tíu íbúðum en fyrsta skóflustungan af húsunum var tekin í síðustu viku. „Fimm íbúðir eru nú þegar seldar og það eru einhverjir tíu að spá í þær fimm íbúðir sem eru eftir. Það er gríðarlegur skortur á íbúðarhúsnæði í Vík og því ákváðum við að láta byggja þessi tvö hús,“ bætir Jóhannes við. /MHH



Jónasi Gunnlaugssyni opnaðist nýr heimur þegar hann tók að sér landvörslu í friðlandinu á Hornströndum, en í kjölfarið ákvað hann að sækja sér menntun við Landbúnaðarháskólann þar sem sjónum er beint að þjóðgörðum og verndarsvæðum. Hann starfar nú á Melrakkasetrinu í Súðavík.

Jónas Gunnlaugsson lærði um þjóðgarða og verndarsvæði við LBHÍ:

# Veganestið frá Hvanneyri verulega gott

**„Þetta var afskaplega áhugavert og skemmtilegt nám og alveg yndislegt að koma á Hvanneyri í staðarlotum,“ segir Jónas Gunnlaugsson sem lauk BS-gráðu frá LBHÍ í fyrravor. Hann nam við Náttúru- og umhverfisbraut, en innan brautarinnar geta nemendur valið á milli fjögurra námskeiða og þar sem Jónas valdi Þjóðgarða og verndarsvæði. Nám á þeirri braut snýst um þau viðfangsefni sem sinna þarf á þeim vettvangi, en ört stækkandi þjóðgarðar og verndarsvæði hér á landi krefjast vaxandi sérþekkingar á þessu sviði.**

*Ekki varð aftur snúið*

Jónas segir að hann hafi alla tíð verið mikill náttúruunnandi, stundað skíði og fjallgöngur um árin. Hann starfaði til fjölda ára í bókabúð í heimabæ sínum Ísafirði, búð sem foreldrar hans ráku og hann tók síðar við ásamt konu sinni. Jónas hljóp í skarðið með landvörslu á Hornströndum eina viku sumarið 2008.

„Og þá má eiginlega segja að ekki hafi verið aftur snúið. Mest um vert var að ég uppgötvaði að það var líf fyrir utan bókabúðina, veröldin var stærri en bara búðin,“ segir hann. Næstu sumur starfaði hann einnig við landvörslu á Hornströndum og segir starfið hafi verið sérlega skemmtilegt.

*Andleg tilbreyting*

„Í framhaldinu fýsti mig að læra meira og þá lá beint við að sækja um á Hvanneyri og fara í þetta sérsniðna nám fyrir þá sem áhuga hafa á þjóðgörðum og verndarsvæðum,“ segir hann en lokaverkefni hans fjallaði um gestastofu fyrir friðlandið á Hornströndum. Hann segir það hafa verið sér afskaplega hollt að skipta um starfsvettvang, „mikil andleg tilbreyting,“ eins og hann orðar það og veganestið frá Hvanneyri sé verulega gott.

*Vaxandi starfsemi*

Jónas er rekstrarstjóri í Melrakkasetrinu á Súðavík og kann starfinu vel. Hann segir að starfsemi setursins fari jafnt og þétt vaxandi og gaman sé að taka þátt í uppbyggingu þess. „Það er nú svo að störf fyrir þá sem ljúka námi með þessa sérþekkingu á þjóðgörðum og verndarsvæðum eru ekki á hverju strái. Fjármagn til þessa málaflokks er mjög af skornum skammti og ekki mörg heils árs störf í boði hér fyrir vestan. Sumarstörfin sem í boði eru við landvörslu eru einungis 6-7 vikur og því ekki til að byggja afkomu sína á." /MÞÞ

## Hreinsistöðvar fyrir skolp 90-99% hreinsun

*Vertu vistvænn, veldu lausnir sem virða umhverfið*


Graf Klaro E

- Þægilegt í uppsetningu
- Venjuleg rotþró hreinsar 60-70%
- CE vottað
- Stærðir frá 3 upp í 1.000 persónueiningar
- Siturgöng fyrir rauðamöl, vikur eða drenmöl
- Uppsett af fagmönnum**


Siturgöng

**Anaerobix rotþró með síu - yfir 90% hreinsun**

Innifalið:
Carat S 2700 ltr tankur
Keila
Lok
Sía

VERÐ frá: 299.900 m/vsk

**Graf Inno2Clean - Allt að 99% hreinsun***

Innifalið:
Carat S 2700 ltr tankur
Keila
Lok
Hreinsikerfi

VERÐ frá: 499.900 m/vsk

**Graf Klaro E - Yfir 99% hreinsun***

Innifalið:
Carat S 2700 ltr tankur
Keila
Lok
Veggur
Hreinsikerfi

VERÐ frá: 799.900 m/vsk

LOFT & RAFTÆKI

## Allt í gleri úti og inni



Hjá okkur fáið þið allar gerðir af gleri og speglum
- slípun
- sandblástur

Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - Sími: 54 54 300 www.ispan.is - ispan@ispan.is

CE -VOTTUÐ FRAMLEIÐSLA

Íspan GLER OG SPEGLAR

## Fiskalyftur fyrir fiskeldistöðvar



### Lyftan hefur marga kosti

- Lyftir flestum fisktegundum
- Notar litla orku í vinnu
- Hreyfir lítið vatn
- Er byggð úr léttu og þolnu efni
- Auðvelt að flytja milli kera með lyftitækjum eða handafli
- Uppstilling þarf tvo menn
- Aukabúnaður fáanlegur sem dregur enn úr álagi
- Greiðsluskilmálar viðráðanlegir

Lyftir fiskinum 2,2 – 2.9 – 3,75 – 4,5 m
Fáanlegar með skömmum fyrirvara

ÞRÓUNARSTOFA - HÖNNUN OG RÁÐGJÖF
STEINCO

www.steinco.is STEINAR STEINSSON S: 846-5136

## BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

**Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum**



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300 Næsta blað kemur út 5. júní

# Thermia / Danfoss varmadælur - Gæði og þjónusta

Thermia eru mest seldu jarðvarmadælurnar á Íslandi, yfir 30 ára reynsla !






SWEP varmaskiptar í öllum stærðum á frábæru verði.
Hægt að fá þá með eða án einangrunar.



Hitatúpur með hringrásadælu, veðurstýringu og þenslukeri.
Sjálfvirk loft og lágspennuvörn tryggir endingu.
3 ára ábyrgð



Grundfos UPS hringrásadælur 25/60 og 32/80 á lager.

- Hafðu samband og við reiknum út fyrir þig mögulegan orkusparnað þér að kostnaðarlausu.
- Höldum kynningar fyrir sveitafélög, sumarbústaðarfélög og aðra sem þess óska.

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!

VARMADÆLUR - VARMASKIPTAR - KÆLIKERFI - HITATÚPUR - HITAKÚTAR - INNHRINGIBÚNAÐUR - HITASTJÓRNBÚNAÐUR - HRINGRÁSADÆLUR - JARÐVEGSLAGNIR - TÖLVUKÆLAR

SWEP DAIKIN GRUNDFOS Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

* Samkvæmt prófunum á vegum Sænsku Orkustofnuninnar

MAST Matvælastofnun
...frá heilbrigði til hollustu

# Afhending sýklalyfja til sauðfjárbænda

**Matvælastofnun og Bændasamtökin hafa í samvinnu þróað rafrænar skráningar í búfjárhaldi, nú nýlega varðandi sjúkdóma- og lyfjaskráningar í sauðfé. Tengingar hafa verið virkjaðar milli gagnagrunnanna Heilsu og LAMBs til að einfalda skráningar og losna við skráningar á pappír. Nú í vor var opnað fyrir gerð rafrænna samninga milli dýralækna og bænda vegna afhendingar dýralækna á sýklalyfjum til bænda, án þess að dýralæknar hefji meðhöndlun sjálfir. Með þessum breytingum verður allt utanumhald auðveldara og pappírsvinnan hverfur auk þess sem dýralæknir og bóndi hafa betri yfirsýn yfir afhendingar og notkun sýklalyfja í sauðfé.**

### *Skráningarkerfin Heilsa og LAMB*

Heilsa (www.bufjarheilsa.is) er skráningarkerfi Matvælastofnunar sem dýralæknar skrá í sjúkdómsgreiningar og lyfjameðhöndlanir í búfé. Vorið 2013 var komið á tengingu Heilsu við LAMB (www.lamb.bondi.is), nýtt skýrsluhaldskerfi fyrir sauðfjárbændur, með tengingunni gátu dýralæknar skráð vitjanir á sauðfé. Í október 2013 var opnað fyrir „heilsukortshluta“ í LAMBi og þar með gátu bændur í fyrsta skipti skráð rafrænt lyfjagjafir sem þeir framkvæma sjálfir. Skráning lyfjanotkunar bænda er framkvæmd þannig að þeir velja lyf úr lyfjaskáp sínum og skrá lyfið í viðkomandi gripi. „Heilsukortshlutinn“ í LAMBi gerir það kleift að rafvæða lyfjaskráningar bænda, nákvæmar skráningar eru skilyrði fyrir undanþágum yfirdýralæknis sem heimilar dýralækni að afhenda sýklalyf án þess að þeir hefji meðhöndlun sjálfir. Annað skilyrði fyrir undanþágu er að viðkomandi dýralæknir og bóndi geri með sér sérstakan samning, sem einnig verður þá rafrænn.



### *Samningar vegna afhendingar sýklalyfja*

Í reglugerð nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum segir í 17. gr. að dýralæknir skuli sjálfur hefja meðferð með sýklalyfjum, að undangenginni sjúkdómsgreiningu, þegar um búfé er að ræða. Samkvæmt sömu grein er yfirdýralækni heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef landfræðilegir staðhættir, veðurfar eða aðrar ytri aðstæður hindra dýralækni til að hefja meðferð sjálfur. Í nokkur ár hefur yfirdýralæknir veitt slíkar undanþágur til dýralækna vegna afhendingar sýklalyfja til sauðfjárbænda, einkum ætlað til notkunar í sauðburði. Dýralækni bar að hafa undirritaðan samning við hvern þann bónda sem hann afhenti sýklalyf, í þeim samningunum voru tilgreind ákveðin skilyrði. Dýralæknir skyldi halda skrá um afhendingar þessara lyfja til bænda auk þess að skrá öll afhent lyf í lyfjaskáp viðkomandi bús í Heilsu. Bændum bar að halda skriflegt bókhald um alla notkun á sýklalyfjum og í lok sauðburðar áttu bændur að taka saman skráningar og senda til dýralæknisins. Dýralæknirinn skyldi taka saman skýrslu um ávísun lyfja skv. undanþágunni og senda yfirdýralækni að loknum sauðburði. Þessa miklu pappírsvinnu er nú hægt að losna við með því að skrá rafrænt í Heilsu og LAMB.

### *Nýtt fyrirkomulag með rafrænum skráningum*

Hið nýja fyrirkomulag felur í sér að bóndi þarf að óska eftir samningi við dýralækni í gegnum LAMB og viðkomandi dýralæknir verður að samþykkja samninginn í Heilsu til að virkja hann, þannig vinna dýralæknar í Heilsu og bændur í LAMBi. Á umsóknareyðublaði í LAMBi birtist listi yfir þá dýralækna sem fengið hafa undanþágu yfirdýralæknis og aðeins þeir geta gert samninga við bændur. Dýralæknar og bændur hafa ávallt aðgang að sínum samningum í Heilsu og LAMBi. Í stað gildistíma til eins árs, eins og verið hefur hingað til, verða nú engin tímamörk sett, hvorki fyrir undanþágur né fyrir rafræna samninga. Þeir falla hins vegar úr gildi uppfylli dýralæknar ekki skilyrði sem sett eru til undanþágunnar eða ef bændur uppfylla ekki skilyrði sem sett eru í samningi milli dýralæknis og bónda. Dýralæknir skráir afhent sýklalyf í lyfjaskáp viðkomandi sauðfjárbús í Heilsu. Ef það fyrirferst af einhverjum ástæðum þá hefur bóndi heimild til að skrá sýklalyfið sjálfur í LAMBi í nafni þess dýralæknis sem hann hefur gert samning við. Áfram verður að sjálfsögðu það skilyrði að bóndi skuli aðeins nota sýklalyfin í samráði við dýralækninn, en nýtt skilyrði verður að bóndinn er skyldaður til að skrá lyfjagjafirnar í LAMB. Þar sem allar skráningar verða rafrænar verður ekki þörf fyrir samantekt á sérstökum skýrslum í lok sauðburðar. Áfram er möguleiki fyrir þá bændur, sem það kjósa, að gera samning við dýralækni á pappírsformi samkvæmt sýnishorni sem Matvælastofnun birtir á heimasíðu sinni. Skráningar verða þá á pappír og skilað til dýralæknis í lok sauðburðar eins og rakið er hér að ofan. Vonast er til að þetta nýja fyrirkomulag verði bæði bændum og dýralæknum til hægðarauka.

***Guðrún Lind Rúnarsdóttir,***
*sérfræðingur lyfjamála*



Trausti Jóhannsson skógfræðingur kannaði lifun og vöxt smárra skógarplantna í samanburði við hefðbundnar plöntur.

Trausti Jóhannsson skógfræðingur:

# Kannaði hvernig smáplöntum reiðir af samanborið við hefðbundnar

**„Það er erfitt að segja fyrir um hvort hagstætt er að nota smáplöntur fremur en hefðbundnar fyrr en frekari rannsóknir hafa verið gerðar á því hver raunverulegur framleiðslukostnaður er,“ segir Trausti Jóhannsson, sem í desember lauk BS-námi í skógfræði við LBHÍ.**

Lokaverkefni hans var rannsókn á lifun og vexti smárra skógarplantna og samanburður við hefðbundnar plöntugerðir í nýskógrækt.

Til nokkurs er að vinna ef hægt er að framleiða ódýrari plöntur en nú, en ríflega fjórðungur heildarfjárveitinga til landshlutabundnu skógræktarverkefnanna er nýttur til plöntukaupa, þannig að vissulega væri mikil hagræðing í því fólgin ef unnt væri að afla ódýrari skógarplantna til nýskógræktar.

### *Horfði á vöxt og lifun sem og áhrif ranabjöllu*

Trausti segir að um nokkurra áratuga skeið hafi þróunarvinna með smáar skógarplöntur farið fram í Svíþjóð í því skyni að draga úr kostnaði við nýskógrækt. Verkefni sitt vann hann í samvinnu við Norðurlandsskóga og Sólskóga og segir að þeirra hugmynd hafi verið að kanna hvort grundvöllur væri fyrir að nota minni skógarplöntur í verkefnum Norðurlandsskóga, þ.e. að framleiða plöntur á skemmri tíma en vant er og spara þannig fé við framleiðslu og gróðursetningar.

„Mitt markmið var að kanna hvernig smáplöntum reiðir af í útjörð eftir gróðursetningu samanborið við hefðbundnar skógarplöntur. Einkum var ég að horfa á vöxt og lifun sem og hver áhrif ranabjöllu er á plöntunar. Mín rannsókn snerist því um að kanna hvort þær lifi jafnvel og hefðbundnu plönturnar,“ segir Trausti.

### *Ódýrari ræktun*

Kostir smáplantna eru þeir helstir að ræktunin verður ódýrari, þar vegur þungt styttri ræktunartími í gróðrarstöð og að fleiri plöntur komast fyrir á hverja flatareiningu. Það þykir hins vegar galli hversu smáar plönturnar eru þegar þeim er plantað. Lifun smáplantna reyndist verri en þeirra hefðbundnu í tilraun sem gerð var á tveimur mismunandi stöðum í Eyjafirði. Meiri afföll þeirra má einkum rekja til þess að ranabjalla drap mun meira af þeim en hinum hefðbundnu, en þar sem plantað var í frjósamara land lentu smáplöntur undir í samkeppni við annan gróður. Mögulega henta smáplöntur vel í landgræðsluverkefni þar sem samkeppni er lítil. /MÞÞ




**Bændablaðið – Dreift í 31 þúsund eintökum á 386 dreifingarstaði um land allt**

# AMAZONE



## AMAZONE áburðardreifarar

AMAZONE áburðardreifararnir eru einhverjir vönduðustu dreifarar sem völ er á. Hárnákvæm dreifing með tveimur dreifiskífum úr ryðfríu stáli, vökvastýring úr ökumannssæti, kögglasigti, vandaður og endingargóður drifbúnaður, auðveld og þægileg notkun. Auk þessa er fáanlegur vökvastýrður jaðarbúnaður svo áburðurinn lendi ekki úti í skurði eða utan girðingar. Fyrir þá allra kröfuhörðustu bjóðum við tölvustýrða dreifara með vigtarbúnaði ofl. - **Hafðu samband - við eigum örugglega rétta dreifarann handa þér!**



**AMAZONE ZA-X 902**
900 lítra dreifari
**kr. 565.093,- án vsk**



**AMAZONE ZA-X 1402**
1400 lítra dreifari
**kr. 641.311,- án vsk**

Aukabúnaður á mynd: jaðarbúnaður

**ÞÓR HF**
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Sími 568-1500 | Akureyri: Lónsbakka | Sími 568-1555 | www.thor.is

# ÍSTEKA

## HROSSABÆNDUR ATHUGIÐ

**Senn líður að því að stóðhestar fari í stóð**

**Suðurland og Vesturland: 23.-25. maí**
**Norðurland: 23. maí - 7. júní**



Frekari upplýsingar veitir Arnþór í síma 581-4138 / gsm 662-0028 eða í tölvupósti arnthor@isteka.com

**-NÝLIÐAR VELKOMNIR-**

# Girðingarefni á góðu verði

Girðingarnet 6 víra 85 cm 100 m, rúllan á kr. 13.800.-
Gaddavír 2*2.5 mm 200 m, rúllan á kr 7.300.-
Galv. járnstaurar Y-laga með götum, 2m stk á kr 1.290.-
Staurar kambstál 20 mm, 2m kr. 1.390.- stk
Stagvír galv. 4mm 25 kg rúllan á 14.500.-
Mótavír svartur 3 mm 25 kg rúllan á 13.500.-

**Gerum tilboð í stærri pantanir**

Öll verð með vsk.
Sendum frítt á flutningsaðila á höfuðborgarsvæðinu
eða sækið til okkar að Lyngás 8 Garðabæ

## Vír og lykkjur ehf

Lyngási 8 210 GarðabæSími772-3200
viroglykkjur@internet.is



# Til leigu skrifstofur

Í Bændahöllinni, Hótel Sögu, er til leigu skrifstofuaðstaða á 2. hæð. Um er að ræða tvö rými með sameiginlegri fundaraðstöðu og kaffikrók.

- Skrifstofa, 17 m²
- Skrifstofa / opið rými fyrir 4-5 skrifborð ásamt sér geymslu. Alls 50 m²

Húsnæðið er snyrtilegt, sérinngangur er við suðurenda hússins og allar tölvulagnir eru til staðar. Í húsinu er margvísleg þjónusta en þar er banki, veitingastaðir, bar, heilsurækt og spa, hárgreiðslustofa og fyrsta flokks fundaraðstaða ásamt veitingaþjónustu. Hentar mjög vel fyrir einkaaðila, lítil fyrirtæki og þá sem vilja vera nálægt Háskóla Íslands.

Innifalið í leigu er hiti, rafmagn, nettenging og þrif. Möguleiki er á að leigja skrifstofuaðstöðu með húsgögnum og fá aðgang að mötuneyti. Myndir af húsnæðinu er að finna á bondi.is.

**Nánari upplýsingar veitir Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur Bændasamtaka Íslands, í netfangið elias@bondi.is eða í síma 692-3554.**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

## STEKKUR

# Bölvun bindivélarinnar

**Heimsósómatal hefur tíðkast frá örófi alda. Hver kynslóð ungs fólks er sannfærð um að hún sé sú allra svalasta, klárasta og sniðugasta sem gengið hefur hér á jörð. Kynslóð foreldra þeirra sé hins vegar samansafn af forpokuðum lúðum. Að sama skapi er eldri kynslóðin iðulega upptekin af því að ungmenni nútímans séu á hraðri leið til helvítis.**

Margt er sagt glepja ungt fólk. Kanasjónvarpið, teiknimyndasögur, tölvuleikir, skyndibiti, vímuefni. Ungt fólk þarf að hlusta á umvandanir þeirra sem eldri eru um að svona hafi þetta nú ekki verið á þeirra tíð. Þá voru allir farnir að vinna átta ára, ef nægur matur var á borðum var það súrmatur og hræringur, og þegar stund gafst las fólk Íslendingasögurnar og hlustaði á fréttir, veðurfregnir og dánartilkynningar og jarðarfarir í útvarpinu. Ungt fólk aftur á móti ber oft skefjalausa fyrirlitningu fyrir umvöndunum eldra fólks, sem því þykir hallærislegt, afturhaldssamt og ekki í takt við tímann.

Þetta verð ég iðulega var við í umræðum um landbúnað. Þrátt fyrir að einhverjar mestu tækniframfarir í landbúnaði síðan vélvæðingin varð hafi átt sér stað á síðustu árum sér fólk oft fortíðina í rósrauðum bjarma. Hið einfalda sveitalíf hafi verið svo heillandi. Þá var nú ekki hraðanum og æsingnum fyrir að fara, ó nei. Fólk var ánægt með það sem það hafði og þurfti ekki meira.

Og ég játa upp á mig sök yngri kynslóðanna, þessi afstaða fer alveg óendanlega í taugarnar á mér. Hvaða fegurð er í því að hafa þurft að vinna daginn langan án þess að eiga möguleika á að taka sér frí endrum og sinnum? Hvað gleði var fólgin í því að þegar bændur fullorðnuðust væru þeir orðnir svo slitnir og lúnir að þeir gætu ekki notið ævikvöldsins?

En ekkert svona tal fer viðlíka fyrir brjóstið á mér eins og fortíðarþráin eftir baggaheyskapnum. Merkilegt nokk hitti ég reglulega fólk sem talar með dreymandi og rómantískum hætti um þessa „mestu afturför sem orðið hefur í íslenskum landbúnaði frá landnámi“ eins og einn góður og gildur gamall bóndi sagði einu sinni við mig. Ég kreppi hnefana og gnísti tönnum þegar slík umræða hefst.

Þegar ég flutti í sveit á níunda áratugnum með foreldrum mínum var stundaður hefðbundinn heyskapur þar. Annars vegar var hirt í laust þurrhey og bundið í bagga og hins vegar var háin verkuð í súrheysturnum. Tvær hlöður voru heima, önnur var fyllt af þurrheyi en hin af böggum. Ég stóð við daga langa og mokaði í blásara og kunni því verki ekki illa. En baggaheyskapurinn, maður minn.

Að labba á eftir dráttarvél með vagni og fleygja böggum af jörðinni nánast upp fyrir haus, það er ekki góð skemmtun. Hvað þá þegar baggarnir eru taldir í hundruðum eða jafnvel þúsundum. Að stafla böggum í himinháar stæður inni í hlöðu, það er heldur ekki góð skemmtun. Og þó að fólk minnist þess þegar það lá í baggavagninum á leiðinni heim á sumarkvöldum með mikilli sælu skal ég aldrei, aldrei taka undir þá skoðun að eitthvað rómantískt hafi verið við baggaheyskapinn. Megi allar baggabindivélar landsins ryðga og grotna niður út í móa og standa þar sem minnismerki um veröld sem var. /fr

---

Meistarafyrirlestur um umhverfisáhrif af starfsemi stóriðjunnar á Grundartanga á landbúnað utan þynningarsvæðis:

# Líffræðilegt álag á sauðfé vegna mengunar

**Á iðnaðarsvæðinu Grundartanga í Hvalfirði hefur á undanförnum árum verið vaxandi uppbygging og þar starfa nú tvö stór fyrirtæki á sviði málmbræðslu, Norðurál hf. og Elkem Ísland hf. Í Hvalfjarðarsveit og Kjósarhreppi, í nágrenni iðjuveranna, er landbúnaður einn aðalatvinnuvegurinn og er sauðfjárrækt þar fyrirferðarmest. Hinn 12. maí síðastliðinn flutti Gyða S. Björnsdóttir, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði, meistarafyrirlestur sinn í Öskju sem ber yfirskriftina *Sýnir sauðfé við Hvalfjörð merki um líffræðilegt álag af völdum mengunar?***



Gyða S. Björnsdóttir.



Álverið á Grundartanga reykmettað árið 2005.

Rannsókn Gyðu leiðir í ljós að spurningunni í yfirskriftinni er hægt að svara játandi. Í það minnsta hefur flúor mælst yfir viðmiðunarmörkum vegna tannheilsu í sauðfé á svæðinu. Gyða segir það sláandi að bændur í nágrenni iðnaðarsvæðisins hafi ekki betri aðgang að dýralæknum og að þeir þurfi að bera allan lækniskostnaðinn sjálfir. „Þegar þannig háttar til er erfitt að meta til fulls hversu mikil áhrif mengandi efni hafa á búfé á svæðinu.

Það er ótal margt sem getur haft áhrif á heilsufar sauðfjár á mismunandi bæjum og erfitt getur verið að segja til um hvað veldur vanþrifum eða lægri afurðartölum,“ segir Gyða. Það má þó sjá út úr þeirri könnun sem hún gerði hjá sauðfjárbændum í gæðastýringu á svæðinu, að marktækt fleiri eldri ær voru geldar á svæðinu nær iðjuverunum – en þeim sem fjær eru – á árunum 2007-2012 auk þess sem færri lömb fæddust að jafnaði á því svæði á hluta tímabilsins. Þetta er raunin þrátt fyrir að skýrslur úr umhverfisvöktun iðjuveranna sýni að mengandi efni í náttúrunni sé í flestum tilfellum innan viðmiðunarmarka.

### *Í kjölfar stækkunar fækkaði lömbum*

„Þetta er á árunum frá 2006-2007, en þá jókst framleiðsla áls hjá Norðuráli umtalsvert með tilheyrandi aukningu í flúorlosun. Afurðatölur af bæjum sem eru í 14 kílómetra fjarlægð eða nær Grundartanga, eru á heildina litið sambærilegar afurðartölum af svæðinu fjær, ef horft er til meðaltals allra áranna frá 2007-2012. Í kjölfar stækkunar Norðuráls fækkar fæddum lömbum hins vegar um 6,5% á svæðinu sem er nær Grundartanga til áranna 2009-2010, þegar afurðartölur fyrir svæðið eru að jafnaði lægstar – eða 1,73-1,74 lömb á hverja á. Marktæk hækkun verður aftur á þessu svæði árið 2012.

Fyrir heildarsvæðið virðast málin þannig vera komin í betra horf. Þegar svæðinu er hins vegar skipt í minni svæði út frá ríkjandi vindáttum kemur í ljós að á svæðinu suðvestanmegin við iðjuverin, þar sem mestar líkur eru á mengun vegna ríkjandi vindátta, er hlutfall geldra eldri áa ennþá yfir átta prósent árið 2012. Á svæðinu norðaustan og austan megin við iðjuverin er það tæplega fimm prósent á árinu 2012, sem er nokkuð yfir landsmeðaltalinu sem er á bilinu tvö til þrjú prósent. Í ljósi þess að styrkur flúors hefur mælst einna hæstur í kjálkabeinum sauðfjár á þessum svæðum, virðist vera sem einhverra áhrifa gæti þar enn í sauðfé.“

### *Meta þarf markvisst hver afföll eru á svæðinu*

„Í rannsókninni skoðaði ég fyrst og fremst þróun í afurðartölum milli svæða svo erfitt er fyrir mig að meta hvort áhrif komi fram með öðrum hætti, svo sem í veikindum eða óeðlilega miklum afföllum. Ég hefði gjarnan viljað hafa slíkar skráningar til að vinna úr. Ég fékk gögn frá fjórum bændum sem höfðu sambærilegan bakgrunn og svöruðu spurningakönnun með svipuðum hætti. Þrír þeirra voru í Borgarbyggð en einn í Hvalfjarðarsveit. Afföll vegna veikinda sauðfjár voru í hans tilfelli níu prósent en var hæst 4,2 prósent hjá þeim sem eru í Borgarbyggð. Nú er erfitt að fullyrða út frá þessu um hvort afföll séu að jafnaði meiri á svæðinu nær iðjuverunum en ég teldi ástæðu til þess að meta það með markvissum hætti.

Í spurningakönnuninni sem ég sendi bændum voru þeir beðnir að meta tiltekin neikvæð heilsufarseinkenni sem rannsóknir hafa sýnt að geta verið afleiðingar of mikils flúors í fóðri. Marktækt fleiri þeirra sem eru í gæðastýringu og eru á svæðinu nær iðjuverunum höfðu upplifað bletti á tönnum sauðfjár og lélega ull. Rannsóknir sýna að blettir á framtönnum geta verið fyrstu sýnilegu merkin um of mikið flúor í fóðri. Bændur á svæðinu í 14 kílómetra fjarlægð eða nær iðjuverunum eru því líklegri til að upplifa bletti á framtönnum sauðfjár og lélega ull. Það kom ekki fram marktækur munur á hópunum hvað upplifun á öðrum heilsufarseinkennum varðaði.“

### *Allir bæir í könnuninni utan þynningarsvæðisins*

Gyða segir alla þá bæi sem hún fékk afurðartölur frá, hafa verið utan þynningasvæðis verksmiðjanna og að hún hafi reynt eftir fremsta megni að tryggja að allar niðurstöður byggðu á áreiðanlegum gögnum. „Ég fékk auk þess staðfestingu á því frá ráðunaut í sauðfjárrækt að skýrsluhald væri gott á þeim bæjum sem ég hafði afurðarskýrslur frá – suðvestan við Grundartanga. Það voru svokölluð öfgagildi í afurðartölum frá tveimur bæjum í nágrenni iðjuveranna, til dæmis áberandi hátt hlutfall geldra áa sum eða öll árin. Þar var líklegt að eitthvað hefði farið úrskeiðis í skýrsluhaldinu fremur en að um raunverulegar tölur væri að ræða, svo ég tók þessa aðila út úr gögnunum.“

### *Bæta þarf vöktun á flúor í sauðfé*

Ein af niðurstöðum Gyðu er sú að bæta þurfi eftirlit á svæðinu í kringum Grundartanga að ýmsu leyti. „Mælingar á flúor í kjálkabeinum sauðfjár fara fram á 13 bæjum í Hvalfjarðarsveit og Kjósarhreppi í tengslum við vöktun iðjuveranna á Grundartanga. Vöktun á flúor í sauðfé fer þannig fram að sláturhús senda fjóra hausa af lömbum og fjóra hausa af eldra fé frá hverjum vöktunarbæ í mælingar á Tilraunastöðina að Keldum. Rannsóknir hafa sýnt að styrkur flúors í beinum er líklegri til að mælast hærri hjá einstaklingum sem eru veikir fyrir og of mikið flúor í fóðri eða drykkjarvatni getur auk þess haft áhrif á ónæmiskerfið og á frjósemi. Viðtöl við bændur leiddu í ljós að fé sem veikist er oftast slátrað heima á bæjunum og ekki svarar kostnaði að fá dýralækna til að skoða féð. Erfitt getur því verið fyrir bændur að meta ástæður veikinda. Ekki eru gerðar flúormælingar á því fé sem veikist þar sem það fer að öllu jöfnu ekki í sláturhús. Í viðtali við bónda í nágrenni iðjuveranna kom fram að töluverð afföll höfðu orðið á sauðfé á bænum á undanförnu ári af ýmsum orsökum. Í ljósi þessa er æskilegt að veikt fé sé ekki undanskilið umhverfisvöktun; haldið sé utan um skráningar á veikindum og afföllum og bændur á svæðinu, sérstaklega þar sem mesta mengunarálagsins er að vænta vegna ríkjandi vindátta, hefðu aðgang að dýralæknum sér að kostnaðarlausu. Að öðrum kosti er hætta á að umhverfisvöktunin gefi ekki fullnægjandi mynd af heilsufari búfjár á svæðinu.

Slíkar breytingar á vöktun á svæðinu væru auðvitað ekki gerlegar nema í samstarfi við bændur. Þar sem auknar skráningar myndu kalla á aukna vinnu og fyrirhöfn af hálfu bænda yrði að mínu mati að koma til einhvers konar umbun fyrir þátttöku í verkefninu. Útfærslan væri líklega best komin sem samstarfsverkefni umhverfisyfirvalda, dýralæknis, ráðunauta í sauðfjárrækt, bændanna sjálfra og hugsanlega fleiri aðila.“

### *Aukið samráð um umhverfisvöktunina eykur traust*

Gyða segir það vitaskuld geta ýtt undir vantraust, að stóriðjuverin sjálf skuli hafa eftirlit með eigin mengun. „Ég tel hins vegar að þeir sem sjá um sjálfar mælingarnar, til að mynda Tilraunastöðin að Keldum, geri það af fagmennsku og séu óháðir aðilar. Ég held að gagnsæi sé mikilvægt og finnst það mjög stórt skref og til bóta að Umhverfisstofnun birtir nú allar athugasemdir sem gerðar eru við eftirlit hjá iðjuverunum á vef sínum – og jafnframt þau gögn sem tengjast umhverfisvöktum – svo þau eru öllum aðgengileg. Ég held að aukið samráð við þá sem eiga hagsmuna að gæta, svo sem bændur á svæðinu, geti aukið traustið á umhverfisvöktuninni um leið og það tryggir betur að upplýsingar, til dæmis hvað varðar veikindi eða afföll búfjár, fari ekki fram hjá þeim sem sinna vöktuninni.

En svo er auðvitað stóra spurningin; hvað gerist ef það kemur í ljós að búfénaður verður raunverulega fyrir áhrifum af völdum mengunar svo bændur bera tjón af. Hver ber þá ábyrgðina og hvað á að gera í stöðunni?“ /smh

---

# Í skógum landsins eru margir möguleikar

**Lilja Magnúsdóttir lauk BS-námi í skógfræði frá Lbhí vorið 2010. Hún hélt áfram námi við skólann og útskrifaðist með MSc-gráðu vorið 2013, en hafði þá jafnframt hafið störf hjá Matís ohf. í nýrri starfsstöð fyrirtækisins á Patreksfirði.**



Lilja Magnúsdóttir.



Patreksfjörður. Mynd / HKr.

Hún segir BS-námið hjá Lbhí mjög vel skipulagt, það sé yfirgripsmikið og vel til þess fallið að kynnast skógrækt og aðstæðum hennar á Íslandi vel. „MSc-námið hjá mér var þverfaglegt að því leyti að ég tók hagrænan vinkil á skógfræðina og skoðaði áhrif skógræktar á uppbyggingu atvinnu á starfssvæðum landshlutaverkefna í skógrækt á árunum 2000–2012,“ segir Lilja.

Segir hún að námið hafi nýst sér ágætlega í störfum sínum hjá Matís, en þar starfar hún við verkefnastjórnun.

„Ég hef getað nýtt menntun mína í starfi og það er gaman að fá tækifæri til að stuðla að tengingu milli skóganna og matvælageirans þar sem mörg tækifæri í atvinnuuppbyggingu er að finna og framtíðin spennandi. Í skógum landsins eru margir möguleikar á nýtingu afurðanna og hér á landi líkt og víða annars staðar eru menn rétt að byrja að átta sig á öllum þeim möguleikum sem í skógum og afurðum þeirra eru fólgnir.“ /MÞÞ

# Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum til 31. maí 2014**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



**Vinsamlegast hafið samband við**

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is

Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

**Jason ehf.**
**Hafnarstræti 88**
**Akureyri**



# ÓTRAUÐUR ÁFRAM

MEÐ OLÍU FRÁ COMMA **25% afsláttur***

*TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST




**REYKJAVÍK,** Bíldshöfða 9
**KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata
**HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17
**REYKJANESBÆR,** Krossmóa 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7
**AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngás 13
**www.bilanaust.is** | **Sími: 535 9000**

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300 Næsta blað kemur út 5. júní








# Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

## Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar
Við sérsmíðum og eigum líka hitaveitukassa á lager.
Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl.
Fáanlegir í mörgum litum.



Gasskápar
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.
**Láttu ekki stela af þér kútunum!**

VÍK BLIKKSMIÐJA

Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is



# Abbey haugsugur og taðdreifarar




KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Okkar ódýru og haldgóðu
# hliðgrindur
eru komnar aftur



Lengd 4.27 breidd 1.50.
Verð kr. **24.900** án vsk.

**TILBOÐ**
Ef keyptar eru fimm grindur eða fleiri
kr. **19.900** án vsk.

**TILBOÐ**
Ef keyptar eru fimm grindur eða fleiri
kr. **29.900** án vsk.

Eigum líka örfáar hliðgrindur af sömu stærð en dufthúðaðar, dökkgrænar að lit.
Verð kr. **34.900** án vsk.

**Nánari upplýsingar hjá elvarey@gmail.comn sími 899 1776 eða om@mo.is sími 669 1336.**
**Aurasel ehf.**



Bocuse d'Or er mikið sjónarspil og fjöldi áhorfenda hvetur sitt lið áfram. Kokkarnir eru hver með sitt rými og keppa við klukkuna. Að þessu sinni var Evrópukeppnin haldin í Stokkhólmi samhliða matarsýningunni GastroNord sem 23 þúsund manns heimsóttu. Fjöldi blaðamanna fylgdist með auk þess sem keppnin sjálf var send út í beinni útsendingu á netinu. Mynd / LeFotographe.com

# Ísland er komið áfram í lokakeppni Bocuse d‘Or

Evrópukeppni Bocuse d‘Or fór fram í Stokkhólmi dagana 7.-8. maí. Sigurður Helgason, yfirmatreiðslumaður á Grillinu, keppti þar fyrir Ísland og náði sjöunda sætinu af 20 þátttökuþjóðum. Norðurlandaþjóðirnar röðuðu sér í efstu þrjú sætin; Svíþjóð hreppti gullið, Danmörk silfrið og Noregur bronsið. Tólf efstu þjóðirnar sem kepptu í Stokkhólmi munu halda áfram í lokakeppnina sem haldin verður í Lyon í Frakklandi í byrjun næsta árs.



## Bocuse d'Or er ein virtasta matreiðslukeppni í heimi

Bocuse d’Or er ein allra virtasta matreiðslukeppni í heiminum. Hún var fyrst haldin árið 1987 en færri þjóðir komast að en vilja. Alls fá 24 þjóðir keppnisrétt eftir að hafa sigrað forkeppni úr sinni heimsálfu. Fimm efstu sætin í lokakeppni Bocuse d’Or keppninni tryggja þeim þjóðum sjálfkrafa keppnisrétt í næstu keppni. Bocuse d’Or er oft kölluð hin eina sanna heimsmeistarakeppni í matreiðslu og það þykir mikil upphefð að ná verðlaunasæti.



Íslenska Bocuse-liðið sem tók þátt í Evrópukeppninni í Stokkhólmi. Sturla Birgisson dómari, Þráinn Freyr Vigfússon þjálfari, Sigurður Helgason keppandi og aðstoðarmaður hans Sindri Geir Guðmundsson. Mynd / TB





Réttir Sigurðar Helgasonar. Myndir / LeFotographe.com



### Sturla Birgisson keppti fyrstur fyrir Íslands hönd í Bocuse d‘Or:

# Íslenskir kokkar skipa sér á bekk með þeim fremstu

**Sturla Birgisson matreiðslumeistari hefur verið viðloðandi Bocuse d´Or frá því að Ísland hóf þátttöku rétt fyrir aldamót. Hann var fyrsti íslenski keppandinn sem tók þátt og síðan hefur hann starfað með íslensku Bocuse-akademíunni. Síðustu ár hefur Sturla tekið að sér dómarastörf við keppnina, en Bændablaðið hitti hann að máli í Stokkhólmi þar sem hann var einn 20 dómara sem dæmdu í Evrópukeppninni í byrjun maí. Sturla segir að þátttaka Íslands í keppninni sé mikilvæg fyrir íslenska matarmenningu og að íslenskir kokkar hafi skipað sér á bekk með þeim bestu um víða veröld.**

„Þetta byrjaði allt þegar ég var yfirkokkur í Perlunni árið 1995. Þá kom vinur minn Philippe Girardon, sem er Frakki, sem gestakokkur í Perluna. Hann spurði mig af hverju Ísland tæki ekki þátt í Bocuse, en keppnin var sett á laggirnar árið 1987. Ég sagði að við hefðum ekki spáð í það, sjálfur hafði ég heyrt af keppninni og vissi að það kostaði fullt af peningum að taka þátt. Hann



Sturla Birgisson. Mynd / TB

bauð mér síðan út árið 1997 til þess að fylgjast með keppninni og ræða við forsvarsmenn hennar í Lyon. Í kjölfarið sóttum við um inngöngu og ég tók síðan slaginn og fór í keppnina tveimur árum síðar.“

***Ufsi og dúfur í fyrstu keppninni***

Sturla ruddi brautina fyrir íslensku keppendurna með þátttöku sinni í Frakklandi 1999. „Þegar ég tók þátt var aðalhráefnið ufsi í fiskréttinum og dúfur í kjötréttinum. Þá mátti nú ekki flytja inn þessa fugla til landsins þannig að það þurfti að finna aðrar leiðir á æfingatímanum. Ég keppti og náði 5. sæti en síðan höfum við alltaf tekið þátt. Bocuse d‘Or er haldin á tveggja ára fresti. Besti árangur okkar var árið 2001 þegar Hákon Már Örvarsson náði 3. sæti. Raunar er árangur okkar mjög góður í heildina litið, en við höfum aldrei lent neðar en í tíunda sæti af þeim 24 þjóðum sem taka þátt.“

Almennt er það svo að menn taka einu sinni þátt en á því er ein undantekning. Ragnar Ómarsson fór tvisvar, árið 2005 og 2009. Sturla segir að það þekkist þó meðal erlendu þjóðanna að kokkar taki þátt oftar en einu sinni. „Menn hafa lent í öðru og þriðja sæti í lokakeppninni og komið aftur til að reyna við gullverðlaunin. Einn maður hefur náð því að vinna brons, silfur og gull, hann Rasmus Kofoed frá Danmörku.“

***Hvaða þýðingu hefur þátttaka Íslendinga í keppninni?***

„Þetta hefur gríðarleg áhrif. Í fyrsta lagi er þetta mikil og góð kynning fyrir Ísland sem matvælaland. Þarna getum við komið vörum okkar á framfæri, t.d. úr sjávarútvegi og landbúnaði. Ég tala nú ekki um ferðaþjónustuna, þar sem skiptir miklu máli að ýta undir fagmennsku. Í öðru lagi eru keppnir eins og Bocuse mjög hvetjandi fyrir fagið. Núna vantar okkur til að mynda fleira fagfólk til að taka á móti sívaxandi fjölda ferðamanna. Umfjöllun og góður árangur matreiðslumanna virkar þannig sem hvatning fyrir ungt fólk að hefja nám í faginu.“

Sturla segir að það sé mikilvægt að halda vel á spöðunum á Íslandi vegna grósku í ferðaþjónustunni. Hann telur að umfjöllun um íslenska matargerðarlist og matreiðslumenn muni koma landinu til góða. „Það er mikill áhugi almennt á matreiðslu og við sjáum það til dæmis í fjölda sjónvarpsþátta um mat. Fólk er alltaf að hugsa um mat og skipuleggja næstu máltíð. Dæmigerður ferðamaður skipuleggur ferðalagið á netinu. Það sem hann skoðar meðal annars er veitingastaðir og hvaða matur er í boði.“

***Matvælaframleiðendur þurfa að grípa tækifærin***

Íslenskir matvælaframleiðendur mættu taka sig á að mati Sturlu og greina betur tækifærin sem felast í kynningu á íslensku hráefni og matarmenningu í gegnum keppnir eins og Bocuse d‘Or. Þar koma saman færustu kokkar í heimi og samböndin og kynningin sem fylgir í kjölfarið er verðmæt. „Það verður að segjast eins og er að íslenskir framleiðendur mættu gera betur í að styðja við bakið á kokkunum okkar, til dæmis með þátttöku í keppni eins og þessari. Landbúnaðurinn hefur stutt við okkur í gegnum tíðina, bæði með hráefni og beinum stuðningi. En í sjávarútveginum hafa menn ekki séð ástæðu til að koma að borðinu. Þeir virðast ekki sjá nokkurn hag í því að kynna vörurnar sínar með þessum hætti,“ segir Sturla.

***Íslenska lambið gæti átt möguleika***

Sturla bendir á að íslenskir framleiðendur gætu jafnvel komið með hráefni inn í sjálfa keppnina og þannig vakið athygli á því sem við höfum upp á að bjóða. „Nú er til dæmis sænskt svínakjöt í öndvegi og það hefur fengið mikla umfjöllun. Árið 2005 vorum við með íslenskan skötusel og það spurðist út um allt Frakkland. Ég hef verið spurður að því hvort við værum til í að vera með íslenska lambið. Þetta er hins vegar meira en að segja það, kostar mikla peninga og utanumhald. Það er litið á okkur sem spennandi kost því hér erum við með hreint og ómengað hráefni.“ /TB





- 4ra strokka KUBOTA mótor
- 108 hestöfl
- Kúplingsfrír vendigír
- 32 gírar áfram / 32 gírar afturábak
- Kúplingsfrír milligír
- Loftkæling í húsi
- Loftpúðafjaðrandi ökumannssæti
- Brettakantar útfyrir afturhjól
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur
- 3 tvöföld vökvaúrtök (1 með stillanlegu flæði)
- Vökvavagnbremsa
- Tveggja hraða aflúrtak 540 / 750
- Aflúrtak sett inn / tekið af með rofa
- Lipur og sparneytin alhliðavél sem hentar vel í íslenskan landbúnað.
- Ámoksturstæki með 3ja sviði, dempara, hraðtengi, EURO festingum og skóflu 2,05 m.

KUBOTA M108s með samlitum ámoksturstækjum kostar aðeins **kr. 8.590.000,- án vsk**

KUBOTA M108s

# Ein bestu dráttarvélakaupin í dag

Í KUBOTA M108s sameinast tveir eftirsóknarverðir kostir, einfaldleiki og gæði. Vélin er laus við óþarfa rafmagnsbúnað en hefur þó allt það sem prýða skal alhliða dráttarvél. Það eru fáar dráttarvélar sem standast KUBOTA vélunum snúning þegar kemur að lipurð og beygjuradíus, enda er beygjuradíus KUBOTA M108s vélarinnar einungis 4,7 m. KUBOTA M108s skilar aflinu mjög vel og þeir bændur á Íslandi sem eiga M108s eru allir sammála um það að olíueyðslan sé ótrúlega lág. Allt þetta og meira til er sönnun þess að það er leit að betri dráttarvélakaupum á Íslandi í dag.

1979–2014 35 Áreiðanleiki í fyrirrúmi ár á Íslandi Kubota®

ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Akureyri: Lónsbakka | Sími: 568-1500 | www.thor.is

## Tól og Tæki s/f , Reyðarfirði, auglýsa;

# Rennibekkir og bor/fræsivélar beint frá framleiðanda.



**Smábekkur, CJ0618A** 180 x 350mm, DC 550W motor, öxulgat 20mm, stiglaus hraðastýring.
**kr 154.000.-**



**Smábekkur, CX0623** – 230 x 750mm gírskiftur, sambyggður með bor/fræsara, öxulgat 20mm.
**kr. 349.000.-**



**Smábekkur, CJ0623** - 230 x 750 mm gírskiftur, öxulgat 20mm
**kr. 225.000.-**



**Rennibekkur, C0636**-1000 x 360mm, með 2x digital aflestri, fótbremsu „steady og followrest"
**kr 850.000.-**



**Bor/fræsivél, XJ9512**
stiglaus hraðastýring,
borgeta 16mm,
DC 550W motor,
vinnuborð 460x112mm
**kr. 169.000.-**



**Bor/fræsivél, XJ 9520**
stiglaus hraðastýring,
borgeta 25mm,
DC 1200W motor,
vinnuborð 800x180mm
**kr. 285.000.-**

**Innifalið í verði eru eftirtaldir aukahlutir:**

**Fylgihlutir með fræsurum:**
- Fræsarakónar 8st sett, með haldara, 3-16mm.
- Fræsarasett, 3-16mm.
- 58 hluta festisett
- 100mm skrúfstykki
- 30mm fræsihaus með plöttum
- Borpatrona 16mm

**Fylgihlutir með rennibekkjum:**
- „Live center"
- 3 st miðjuborar
- Hraðskiftar fyrir rennistál
- 7 hluta rennistálasett með renniplöttum + aukaplattasett
- Bakplata með festingum.

Örugg varahluta og aukahlutaþjónusta.
Árs ábyrgð er á öllum vélahlutum og allar vélar með CE skírteini.
Öll verð eru með VSK.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst með fyrirspurn, nafni og símanúmeri á: *togt@simnet.is*
Eða í síma 4822362 milli 10 og 16.

**TÓL OG TÆKI s/f**




Frá München. Það vekur athygli að í Þýskalandi, sem er þungamiðja Evrópusambandsins, treysta 59% íbúanna ekki sambandinu og aðeins 31% íbúanna ber traust til þess. Mynd /HKr.

# Meirihluti íbúa ESB treystir ekki Evrópusambandinu

## – Drjúgur meirihluti íbúa sex stærstu ríkjanna, með yfir 532 milljónir íbúa, vantreystir sambandinu samkvæmt nýrri könnun

**Traust íbúa stærstu ríkjanna á Evrópusambandinu er nú í sögulegu lágmarki samkvæmt könnun Eurobarometer, skoðanakönnunarstofnunar ESB. Þar kemur fram að 59% íbúa sambandsins treysta því ekki á meðan aðeins 32% bera traust til ESB og 9% eru hlutlausir eða svara ekki. Forvitnilegt verður því að sjá hvort þetta hefur áhrif á þátttöku og niðurstöður kosninga til Evrópuþingsins sem hefjast í dag og standa fram á sunnudag.**

Könnunin var gerð dagana 15. til 24. mars og voru nærri 28 þúsund manns, 15 ára og eldri, eða um þúsund í hverju aðildarlandanna, spurðir fjölmargra spurninga sem lutu að ESB og þar á meðal hvort það treysti Evrópusambandinu eða ekki. Voru allir þátttakendur sem valdir voru af handahófi heimsóttir og spurðir beint af starfsmönnum Eurobarometer þ.e. maður á mann. Í þessum aldurshópi eru rétt tæplega 413 milljónir manna í 28 ríkjum ESB. Sams konar kannanir hafa áður verið gerðar og vísaði síðasta könnun í sömu átt þó að vantraustið nú hafi aldrei mælst meira, né verið víðtækara.

### *Áberandi vantraust á ESB innan helstu burðarríkja sambandsins*

Mjög athyglisvert er vantraustið á ESB í sex stærstu ríkjunum, en innan þeirra eru helstu burðarstoðir Evrópusambandsins. Þar eru Þjóðverjar flestir eða nærri 82 milljónir samkvæmt tölum frá 1. júlí 2013. Síðan koma Bretar með rúmlega 64 milljónir, þá Frakkar sem eru tæplega 64 milljónir, Ítalir eru tæplega 62 milljónir talsins, Spánverjar eru rétt tæplega 47 milljónir og Pólverjar eru 38,5 milljónir. Samtals eru þetta þjóðir með rúmlega 532 milljónir íbúa eða ríflega 200 milljónum fleiri en íbúar Bandaríkjanna.

Sérstaka athygli vekur að einungis 31% Þjóðverja ber traust til Evrópusambandsins en 59% vantreysta því og 10% eru hlutlausir. Vantraustið er enn meira í Frakklandi eða 63% og þar eru einungis 28% íbúanna sem bera traust til ESB. Svipaða sögu er að segja af Bretum en 66% þeirra vantreysta Evrópusambandinu á meðan einungis 22% Breta bera traust til sambandsins. Staðan er enn verri á Ítalíu, en 69% þarlendra vantreysta ESB á meðan einungis 19% treysta því. Staðan er litlu skárri á Spáni, þar sem 67% Spánverja vantreysta ESB á meðan 24% þeirra treysta sambandinu. Í Póllandi sem er sjötta stærsta ESB ríkið vantreysta 45% íbúanna ESB á meðan 44% bera traust til sambandsins og 11% taka ekki afstöðu.

*Könnun Eurobarometer 2014*

**Traust og vantraust á Evrópusambandið**

| Ríki | % Treysta ekki | % Treysta | % Hlutlausir |
|---|---|---|---|
| ESB - 28 | 59 | 32 | 9 |
| Belgía | 49 | 49 | 2 |
| Búlgaría | 31 | 55 | 14 |
| Tékkland | 59 | 37 | 4 |
| Danmörk | 49 | 46 | 5 |
| Þýskaland | 59 | 31 | 10 |
| Eistland | 33 | 58 | 9 |
| Írland | 53 | 34 | 13 |
| Grikkland | 81 | 18 | 1 |
| Spánn | 67 | 24 | 9 |
| Frakkland | 63 | 28 | 9 |
| Króatía | 52 | 38 | 10 |
| Ítalía | 69 | 19 | 12 |
| Kýpur | 74 | 22 | 4 |
| Lettland | 50 | 37 | 13 |
| Litháen | 36 | 52 | 12 |
| Lúxemborg | 48 | 45 | 7 |
| Ungverjaland | 46 | 48 | 6 |
| Malta | 32 | 49 | 19 |
| Holland | 50 | 41 | 9 |
| Austurríki | 54 | 37 | 9 |
| Pólland | 45 | 44 | 11 |
| Portúgal | 70 | 26 | 4 |
| Rúmenía | 34 | 58 | 8 |
| Slóvenía | 57 | 37 | 6 |
| Slóvakía | 53 | 45 | 2 |
| Finnland | 44 | 50 | 6 |
| Svíþjóð | 52 | 44 | 4 |
| Bretland | 66 | 22 | 12 |



Úr sal Evrópuþingsins.

### *Vantraust í flestum ríkjum nema í Austur-Evrópu*

Engan þarf að undra að Grikkir beri ekki mikið traust til ESB, en 81% þeirra vantreystir sambandinu á meðan einungis 18% bera til þess traust en einungis 1% Grikkja tekur ekki afstöðu. Athygli vekur hins vegar mikið vantraust Svía á ESB. Þar vantreysta 52% íbúanna ESB en 44% bera til þess traust. Þá vantreysta 49% Dana ESB en 46% treysta sambandinu. Aftur á móti bera 50% Finna traust til ESB en 44% þeirra vantreysta því og 6% taka ekki afstöðu. Eru Finnar þar í flokki með nokkrum Austur-Evrópuríkjum sem bera greinilega meira traust til Sambandsins en íbúar þeirra ríkja sem stofnuðu það í upphafi.

### *Mikið vantraust á fjármálakerfið og pólitíska flokka*

Meirihluti þeirra sem afstöðu taka telja einnig að það efnahagskreppan í ESB löndunum 28 sé ekki um garð gengin og það versta sé enn eftir og að hagur barna inna ESB sé verri nú en áður. Þá telur 65% íbúa að meðaltali að fjárhagsleg staða þeirra eigin þjóðríkja innan ESB sé mjög slæm. Um 58% íbúa telja fjárhagslega stöðu ESB í heild vera mjög slæma og 76% telja stöðu atvinnumála vera mjög slæma innan sambandsins. Eins telur meirihluti íbúa Evrópusambandsins, eða 58%, að raddir þeirra nái ekki hljómgrunni innan ESB.

Traust á pólitíska flokka er einnig mjög lítið og segist 79% aðspurðra ekki treysta þeim og 71% íbúana treystir ekki stjórnvöldum.

### *Vilja ekki að ESB verði Bandaríki Evrópu*

Þá er meirihluti þeirra sem afstöðu taka á móti því að ESB verði gert að Bandaríkjum Evrópu og telja það vera slæma hugmynd. Þetta er samt sú hugmynd sem François Heisbourg, lýsti á fundi hér á landi fyrir skömmu að væri í raun ein af grunnstoðunum fyrir tilurð ESB og lokamarkmið í ferlinu. Það að ekki hefði verið farið af afli í þá pólitísku vegferð að mynda sambandsríki með sameiginlegri fjármálastjórn og þess í stað farið í að byggja upp fjármálakerfi evrunnar án pólitísks baklands væri að ganga af evrunni dauðri. /HKr.

# Lífrænt varpfóður - nýjung frá Líflandi!

Lífrænt varpfóður fyrir hamingjusamar og hraustar hænur



20 kg pokar - Lífrænt vottað hágæða varpfóður fyrir íslenskar heimilishænur

Lífland söluráðgjöf | Lynghálsi, Reykjavík | Lónsbakka, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | www.lifland.is

LÍFLAND









DEUTZ FAHR





**Þegar Agrotron dráttarvélarnar frá DEUTZ FAHR voru fyrst kynntar til sögunnar voru sett ný viðmið í smíði dráttarvéla. Rúmgott hús, gott útsýni, feiknarlegt afl, þýsk gæði og einstakt útlit. Agrotron 6 serían byggir því á traustum grunni. Eingöngu hágæða íhlutir eru notaðir og hvergi er til sparað. Óhætt er að fullyrða að sjaldan hafi Agrotron lína frá DEUTZ FAHR litið jafn glæsilega út.**

## Það er einfaldara að eignast DEUTZ FAHR dráttarvél en þig grunar

DEUTZ FAHR Agrotron 6150 er með 150 ha. 6-cylindra DEUTZ mótor með loftþjöppu og millikæli. Gírkassinn er ZF7200 með 6 gírum og 4 milligírum. 100 % læsing að framan og aftan. ASM drifstýring (kúplar út splittun og 4WD við ákveðinn hraða og beygju). Vendigírinn er kúplingsfrír með stillanlegu átaki (5 stillingar). 4 tvöföld vökvaúrtök með stillanlegu flæði Rafstýrt beisli og lyftigeta beislis er 9.200 kg. Vökvaútskjótanlegur krókur. 4 hraða aflúrtak (540/540E/1.000/1000E). Rofar fyrir aflúrtak og lyftu á afturbrettum. Fjaðrandi framhásing. Fjaðrandi hús með loftkælingu Þægilegt loftpúðasæti Farþegasæti. Dekkjastærð 600/65R34 að aftan, 540/65R24 að framan.

**Bændur og verktakar komið og kynnið ykkur glæsilegan traktor úr Agrotron 6 seríunni**

ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Akureyri: Lónsbakka | Sími: 568-1500 | www.thor.is

# Treystum byggð með skógrækt

## – Mörg störf og mikil verðmæti verða til með nytjaskógrækt

**Þegar líður að kosningum til sveitarstjórna eru frambjóðendur spurðir hvað þeir vilji gera í mikilvægustu málum sveitarfélagsins. Atvinnumálin eru alltaf ofarlega í huga fólks sem eðlilegt er. Trúlega spyrja kjósendur sig vítt og breitt um landið hvernig fjölga megi störfum og treysta byggðina, helst þannig að fólki fjölgi og hagur vænkist. Nytjaskógrækt er leið til þess.**

Reynslan sýnir að nytjaskógur getur vaxið álíka vel hér á landi og á svipuðum breiddargráðum austan hafs og vestan. Tegundir eins og lerki, stafafura og alaskaösp geta gefið verðmætan trjávið á innan við mannsaldri en ræktunin skapar störf frá byrjun. Með skógum verða til auðlindir sem ekki verða teknar af heimafólki á augabragði eða fluttar annað. Skógarnir standa áfram, vaxa, dafna og skapa verðmæti allt þar til að uppskerunni kemur. Þá má halda áfram skógrækt eða nýta landið í annað.

### *Milljón skógarplöntur geta skapað 14 störf*

Áætlað er að ef gróðursett er ein milljón skógarplantna verði til rúmlega 14 störf. Þetta eru störf við undirbúning og skipulag, gróðursetningu og umhirðu skógarins, grisjun, skógarhögg og úrvinnslu viðarafurða. Iðnviðarskógur með ösp er einn af þeim kostum sem landeigendur gætu vel nýtt sér og haft góðan arð af. Slíkur skógur er fullvaxinn eftir fimmtíu ár en timburskógar með lerki, stafafuru, sitkagreni og fleiri tegundum eftir 60-80 ár. Fyrstu afurðir úr skógunum koma þó miklu fyrr. Við grisjun 20-25 ára gamals skógar fæst til dæmis efni í girðingarstaura eða fiskihjalla, eldivið og fleira. Nú ber hins vegar svo við að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga vill kaupa allan nothæfan grisjunarvið sem til fellur í landinu og minnka þannig innflutning á viðarkurli. Fleiri kísilmálmverksmiðjur eru í undirbúningi á Íslandi og langt í frá að íslenskir skógar geti fullnægt þörf einnar kísilmálmverksmiðju fyrir kurlvið, hvað þá nokkurra. Útlitið er því bjart fyrir skógareigendur og nú stendur sala á kurlviði undir kostnaði við grisjun skóganna og vel það. Til er orðin stétt skógarhöggsmanna í landinu.

### *Gríðarlegt landrými fyrir hendi*

Víða um land er gríðarlegt landrými fyrir hendi og aðstæður góðar til skógræktar. Með hlýnandi veðurfari eru horfur á að þessar aðstæður verði enn betri. Aðstæður í héruðum þar sem áður þótti hæpið að rækta skóg hafa batnað og betri þekking skógræktarfólks aukið líkurnar á góðum árangri. Nytjaskógrækt getur gengið mjög vel í öllum landshlutum þar sem aðstæður eru bestar. Umtalsverðan skóg mætti rækta án þess að til árekstra þyrfti að koma við annars konar landnýtingu, hvort sem það er akuryrkja, kúabúskapur, sauðfjár- eða hrossarækt. Slíkt getur reyndar farið mjög vel saman því nytjajurtir eins og gras, bygg og kartöflur vaxa betur í skjóli trjánna. Milli trjábelta og skógarreita má skapa mjög gjöful beitilönd fyrir skepnur.

Á meðfylgjandi korti eru Húnavatnssýslur og Skagafjörður tekin sem dæmi. Þar eru góð skilyrði til skógræktar á samtals 54.000 hekturum miðað við núverandi meðalhita. Ekki eru talin með svæði þar sem skógrækt kemur ekki til greina vegna byggðar, vega og rafmagnslína, tún, verndarsvæði o.fl. Samt er þetta mikið svæði. Ef meðalhiti sumarmánaðanna júní, júlí og ágúst hækkar um 1 °C stækkar svæðið hins vegar upp í 260.500 hektara. Eins er með aðra landshluta. Alls staðar munu möguleg svæði til nytjaskógræktar stækka með hækkandi meðalhita.




Góð skilyrði til skógræktar á samtals 54.000 hekturum í Húnavatnssýslum og Skagafirði miðað við núverandi meðalhita.



Af einum hektara fimmtíu ára gamals asparskógar fæst trjáviður að verðmæti um tvær milljónir króna. Ef landeigandi á 100 hektara og leggur þá alla undir slíka skógrækt standa eftir hálfa öld tré í skóginum sem selja má fyrir 200 milljónir króna.



Mikill trjáviður fellur til við grisjun skóga. Mynd / HKr.

### *Mikil verðmæti*

Til að gefa svolitla hugmynd um hversu mikil verðmæti verða til í uppvaxandi skógi má nefna að af einum hektara fimmtíu ára gamals asparskógar fæst trjáviður að verðmæti um tvær milljónir króna. Ef landeigandi á 100 hektara og leggur þá alla undir slíka skógrækt standa eftir hálfa öld tré í skóginum sem selja má fyrir 200 milljónir króna. Af þessu sést að verðmætasköpunin er mikil á hverju ári og viðbúið er að skógi vaxið land verð eftirsóttara og verðmætara á komandi áratugum.

### *Ásýnd landsins verður hlýlegri*

Stjórnvöld hafa lýst vilja sínum til að blása skógrækt í landinu byr í seglin og þá er lag fyrir bændur og aðra landeigendur að rækta skóg, skapa atvinnu í héraði og verðmæti sem komandi kynslóðir fá að njóta. Þegar skógurinn vex upp breytist líka veðurfar, til verða svæði sem betur verða fallin til hefðbundins landbúnaðar vegna aukins skjóls, tækifæri gefast til að byggja upp ferðaþjónustu og útivistarsvæði, skógarreitir eru vinsælt byggingarland fyrir orlofshús og þannig mætti áfram telja. Ásýnd landsins verður hlýlegri og náttúrufar fjölbreyttara.

Að þessu sögðu er rétt að vara við þeim hugmyndum sem komið hafa fram við vinnu að nýju aðalskipulagi fyrir sveitarfélög undanfarin misseri að setja skógrækt íþyngjandi skorður umfram aðra landnýtingu. Slíkar hugmyndir hafa sést í skipulagstillögum víða um landið. Ekki er hyggilegt að setja þær hömlur á skógrækt að þeir miklu möguleikar sem í henni felast til atvinnu- og verðmætasköpunar séu bornir fyrir borð. Skógrækt er afturkræf aðgerð. Skóg má fella. En jarðveg sem tapast hefur með vatni og vindum tekur margar aldir að endurheimta. Lesandi góður. Hvaða stefnu hafa frambjóðendur í þínu sveitarfélagi um skógrækt?

*Pétur Halldórsson*
*kynningarstjóri hjá Skógrækt ríkisins*



Lurkasteinn prýðir forsíðuna á tímaritinu Súlum.

## Tímaritið Súlur komið út:

# Sagt frá bændaför árið 1970

**Snemma í maí kom út hefti ársins af Súlum, sem er norðlenskt tímarit, gefið út á Akureyri. Þetta er 53. hefti af ritinu, sem á sér meira en 40 ára sögu og hefur undanfarið komið út einu sinni á ári, nú sem oftar 160 bls. að lengd. Hér er að venju m.a. að finna þjóðlegan fróðleik, sem einkum tengist Eyjafjarðarsvæðinu. Allmargar myndir eru birtar og sumar þeirra eru nokkuð gamlar. Ritið er prentað í Ásprenti á Akureyri. Á forsíðu Súlna 2014 er ljósmynd af Lurkasteini rétt ofan við Bakkasel í Öxnadal, en hann kemur við sögu fornkappans Þórðar hreðu.**

*Gróðurtilraunir Vísa-Gísla Magnússonar á 17. öld*

Fremst í heftinu er viðtal við Þórgný Þórhallsson, sem var gjaldkeri Sögufélags Eyfirðinga í aldarfjórðung. Mest segir hann hér frá störfum sínum sem verslunarmaður og fulltrúi á Akureyri.

Gunnar B. Árnason, fyrrum kaupmaður, nú orðinn nokkuð aldraður, segir frá innbænum á Akureyri eins og hann var um 1930-60.

Þá skrifar Gunnar Frímannsson um hæð fossa í Eyjafjarðarsýslu. Birt er frásögn af bændaför Eyfirðinga til Vesturlands árið 1970, sett saman af Jóni Hjálmarssyni í Villingadal sem er léttur í máli, þar eru ýmsar vísur og þátttakendur í ferðinni eru taldir upp. Brynhildur Bjarnadóttir og

Bjarni E. Guðleifsson rita um gróðurtilraunir Vísa-Gísla Magnússonar á Munkaþverá á 17. öld.

Bernharð Haraldsson segir frá bóndanum Agli Tómassyni sem bjó í Bakkaseli í Öxnadal upp úr miðri 19. öld.

Eftir Ólaf Grím Björnsson er birtur framhaldsþáttur um sr. Magnús Jónsson á Grenjaðarstað.

Birgir Sveinbjörnsson fjallar um sögu Barnaskóla Akureyrar í 126 ár.

Þá eru hér stuttir þættir eftir Sigurgeir Guðjónsson og Huldu Axelsdóttur.

Ritið er gefið út af Sögufélagi Eyfirðinga, formaður þess er Jón Hjaltason. Sími félagsins / símsvari er 462 4024. Áskriftarverð þessa heftis Súlna er kr. 3500. Við áskriftarbeiðnum tekur Guðmundur P. Steindórsson, netfang gudps@ simnet.is , heimasími 462 5089.

Ritstjóri Súlna er nú Björn Teitsson, netfang hans er banna@ simnet.is og heimasíminn er 456 4119. Í ritnefnd eru einnig Ása Marinósdóttir og Jón Hjaltason. Alls konar fróðleikur og sagnaþættir eru vel þegnir til birtingar.





HÁÞRÝSTIHREINSUN

Hús, þök, heimreiðar, gluggahreinsun, tyggjó, olíhreinsun, gerum heimreiðina og sólpallinn eins og nýjan.

Netfang: thrystingur@gmail.com
Sími 611 8378

Sjáðu verkin okkar á Facebook:
facebook.com/thrystingur




Tilboð!

Birkitré 2-3 m. á hæð.
Tilboðsverð v. magnkaup,
10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570

12. Landsmót SÍHU
Laugum í Reykjadal í S-Þingeyjarsýslu
3. - 6. júlí 2014

Landsmót harmonikufélaganna verður haldið að Laugum í Reykjadal í S-Þingeyjarsýslu, dagana 3. -6. júlí nk., í boði Harmonikufélags Þingeyinga og Félags harmonikuunnenda við Eyjafjörð.

Mótið hefst fimmtudagskvöldið 3. júlí kl. 19:00 og fer að mestu fram í íþróttahúsinu.



Húsbíla- og tjaldstæði verða sunnan við Reykjadalsána sem er ekið yfir á brú. Einnig er möguleiki að vera við íþróttavallarhús. Bílastæði verða á malarplani rétt ofan við íþróttahúsið. Sjá yfirlitskort.

Nóttin á tjaldstæðinu (húsbílastæðinu) kostar 1.000.- kr. hver nótt á mann ef gist er 3 nætur, en 1200.- kr. hvor nótt ef gist er 1-2 nætur. Rafmagn kostar kr. 500.- sólarhringurinn.

Matsala verður í tjaldi við bakhlið íþróttahússins og verða þar líka óvæntar og skemmtilegar uppákomur. Það verður mikið spilað og mikið fjör alla dagana til kl. 03:00 aðfaranótt sunnudags. Miðaverð á alla viðburði er 9.000.- kr., en í stökum miðum kostar fimmtudagurinn 3.000.- kr., tónleikar á föstudag 1.500.- kr., kvöldið 2.500.- kr. Laugardagurinn tónleikar 2.000.- kr. og kvöldið 2.500.- kr. Dagskráin verður auglýst síðar.

**Gistimöguleikar eru eftirfarandi:**
Fosshótel Laugar sími 464 6300, Hótel Stóru Laugar sími 464 2990, Hótel Narfastaðir sími 464 3300 og Einishús á Einarsstöðum sími 865 4910 og 894 9669. Einnig er möguleiki á svefnpokaplássi í Litlulaugaskóla, sem er rétt ofan við íþróttahúsið. Upplýsingar veitir Sigurður í síma 847 5406. Á Laugum er verslunin og veitingahúsið Dalakofinn. Einnig er sparisjóður þar rétt hjá.
Komið er eftir þjóðvegi nr. 1 og beygt niður Austurhlíðarveg, enda blasa Laugar þá við sjónum.

Hlökkum til að sjá sem flest ykkar og eiga með ykkur góða helgi. Þetta verður fjölskylduhátíð sem skilur eftir góðar minningar.

**Bestu kveðjur, H.F.Þ. og F.H.U.E.**

### Ryan Dennis hringdi handahófskennt í bændur og fékk að dvelja á heimilum þeirra:

# Ísland síðasta vígi fjölskyldubúsins

## – Skrifar lofsöng um hag samfélagsins af íslenskum kúabúskap og landbúnaðarkerfi

**Ísland gæti verið síðasta landið í heiminum þar sem venjulegt meðalstórt kúabú getur framfleytt fjölskyldu. Þetta er skoðun Ryan Dennis, 29 ára Bandaríkjamanns, sem dvalið hefur hér á landi í vetur við skriftir. Ryan er hér á Fulbright-styrk og snýst verkefni hans um að skapandi skrif um aðstæður og reynslu íslenskra kúabænda.**

Ryan kom hingað til lands í september á síðasta ári og hefur síðan þá ýmist ferðast um landið og heimsótt kúabændur í lengri eða styttri tíma eða setið við skriftir. Hann stefnir að því að gefa út greinar sínar í bókmenntatímaritum og vonast síðan til þess að með því geti hann sannfært bókaútgefendur um að gefa skrif sín út á bók. Hann hefur skrifað um dvöl sína hér á landi í tímaritið Progressive Dairyman, sem gefið er út í þremur löndum auk þess sem það má finna á netinu.

*Vill sýna fram á hag af stuðningi*

En hvers vegna þessi áhugi á kúabændum og mjólkurframleiðslu hjá manni sem menntaði sig í skapandi skrifum?

„Ég er sonur kúabænda, ég er uppalinn á kúabúi í New York-ríki. Ég held að mín kynslóð hafi upplifað þá tíma þegar byrjaði að halla undan fæti í búskap í Bandaríkjunum, þegar fjölskyldubúin fóru að berjast í bökkum. Það rann upp fyrir mér að enginn hefur sagt þá sögu, um hvernig breyttir búskaparhættir hafa leikið kúabændur í Bandaríkjunum. Það má segja að sú uppgötvun hafi ýtt undir áhuga minn á skapandi skrifum og þá einkum skrifum um kúabúskap. Ég komst að því að mögulega er Ísland síðasta og eina landið í heiminum þar sem að 60 kúa bú getur framfleytt fjölskyldu. Þess vegna vildi ég koma hingað og segja sögu þeirra, hvað það þýðir að vera kúabóndi á Íslandi. Í stærra samhengi vonast ég eftir því að með skrifum mínum geti ég sýnt fram á, að einhverju leyti, hversu mikinn hag ríki og samfélög hafa af því að styðja við bændur líkt og gert er hér á landi, efnahagslegu og félagslegu tilliti.“



Ryan Dennis er 29 ára Bandaríkjamaður hefur dvalið hér á landi í vetur að skrifa um aðstæður og reynslu íslenskra kúabænda. Mynd / fr

**Það er mjög athyglisvert að sjá þróunina sem á sér stað hér á landi í uppbyggingu mjaltaþjónafjósa. Í Bandaríkjunum trúa menn mér ekki þegar ég segi þeim hversu algengir mjaltaþjónar eru að verða hér. Það er tækni sem er sáralítið notuð í Bandaríkjunum.**

*Íslenskt meðalbú framfleytti ekki fjölskyldu í Bandaríkjunum*

Ryan segir að hann telji vonlaust að kúabú, sem er af meðalstærð hér á landi, gæti framfleytt fjölskyldu í Bandaríkjunum.

„Ekki við núverandi pólitískar og efnahagslegar aðstæður. Á búi foreldra minna eru 60 kýr en það er varla að það nái endum saman og þó vinnur mamma úti. Ég held að styrkjakerfið sem þið búið við hér á landi skipti gríðarlegu máli. Ég hef þó ekki gögn á bak við mig en ég tel svo vera og auk þess tel ég að kvótakerfið sem hefur, fram til þessa, skapað jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar hafi einnig mikið að segja varðandi afkomu kúabænda hér á landi. Í Bandaríkjunum er ekkert slíkt upp á tengingunum. Ég held í raun og veru að þessi skrif mín verði ákveðinn lofsöngur um íslenska kerfið, í samanburði við önnur landbúnaðarkerfi, líkt og í Bandaríkjunum. Ég fæ á tilfinninguna að það sé bara gott að vera kúabóndi hér á landi.“

*KS var hjálplegt*

Þegar Ryan kom til landsins hafði hann fáa tengiliði og að sumu leyti óljósa hugmynd um hvernig hann gæti borið sig að við að safna efnivið í skrif sín.

„Ég var í sambandi við Landssamband kúabænda og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. En í raun og veru gerðist þetta þannig að ég fór að hringja í kúabændur, nánast með handahófskenndum hætti, og spyrja þá hvort þeir gætu hugsað sér að leyfa mér að heimsækja þá. Þeir bændur sem ég heimsóttu voru mér síðan hjálplegir við að finna aðra bændur sem tóku á móti mér.

Ég dvaldi á átta kúabúum, í um það bil fjóra daga á hverjum stað. Mér fannst það hæfilegur tími til að kynnast bændunum en ekki svo langur að þau yrðu dauðleið á mér. Í ofanálag heimsótti ég svo um 15 önnur kúabú í styttri heimsóknum. Flest þeirra voru í Skagafirði og Eyjafirði vegna þess að menn hjá Mjólkursamlagi Kaupfélags Skagfirðinga voru mér mjög hjálplegir og útveguðu mér upplýsingar um kúabændur sem ég gæti haft samband við.“

*Búskapur hér tæknivæddur og þróaður*

Búin sem Ryan heimsótti voru af öllum gerðum, allt frá hefðbundnum básafjósum til nýtískulegra mjaltaþjónafjósa. Að mati Ryans er íslenskur búskapur mun tæknivæddari og þróaðri en í heimalandi hans.

„Það er mjög athyglisvert að sjá þróunina sem á sér stað hér á landi í uppbyggingu mjaltaþjónafjósa. Í Bandaríkjunum trúa menn mér ekki þegar ég segi þeim hversu algengir mjaltaþjónar eru að verða hér. Það er tækni sem er sáralítið notuð í Bandaríkjunum. Menn telja að þeir séu það dýrir að ekki séu forsendur fyrir kaupum á þeim og líklega hafa bændur rétt fyrir sér, vegna þess hversu óstöðugur markaður er með mjólkurvörur í Bandaríkjunum. Þar úti er málið líka leyst með ódýru vinnuafli, í mörgum tilfellum ólöglegu.“

*„Leyfðu mér að spyrja konuna mína“*

Ryan er afar ánægður með dvölina hér og móttökurnar, sem og það efni sem hann hefur viðað að sér. „Það sem mér finnst ótrúlegast er að ég gat í raun og veru hringt í ókunnugt fólk og sagt: „Hæ, ég er útlendingur sem þú þekkir ekki neitt. Mætti ég koma og dvelja hjá þér um hríð?“ Svarið var alltaf það sama: „Leyfðu mér að spyrja konuna mína.“ Svo hringdi ég tveimur dögum síðar og var þá bara spurður hvenær ég vildi koma. Þetta er alveg ótrúlegt og ekki líkt nokkru sem ég hef kynnst annars staðar, ekki í Bandaríkjunum, ekki í Þýskalandi, ekki í Írlandi. Ég áttaði mig á að þetta væri ekki vegna þess að þetta fólk vildi fá nafnið sitt í bók heldur vegna þess að hér býr gott fólk sem vill rétta öðrum hjálparhönd en ekki síður vegna þess að fólkið skyldi gildi þess að segja sögu sína, sögu búskapar og búsins. Það var ákaflega skemmtilegt að kynnast því hversu vel fólk er heima í sinni eigin sögu, sögu bæja, héraða og landsins í kringum sig. Það fannst mér afar spennandi.“

*Vill sýna fjölbreytileikann*

Skrif Ryans eru persónuleg að því leyti að hann tekur sína eigin upplifun af dvölinni og færir í búning. „Þetta eru ekki staðreyndaskrif eða gagnaskrif. Ég finn mér einhvers konar þema sem ég hef gegnumgangandi í hverri frásögn og skrifa í kringum það. Á einum bænum sem ég dvaldi á voru ábúendur ásatrúar og voru að byggja hof til heiðurs Óðni. Það var auðvitað þema sem ég nýtti mér með því að tengja saman trúarbrögð og landbúnað en einnig með því að sýna fram á fjölbreytileikann í bændastétt. Í Bandaríkjunum er viðtekin skoðun að bændur séu í meginatriðum eins, allri steyptir í sama mót. Að þeir gangi um í gallabuxum, köflóttum skyrtum og keyri um á pallbílum. Með þessum skrifum er ég meðal annars að varpa ljósi á fjölbreytileikann.“

*Talað um bændur*

Ryan segist sömuleiðis hafa mikinn áhuga stöðu kvenna í íslenskum landbúnaði. Hann sé enda femínisti, eins og allt fólk sem reyni að vera framsækið og frjálslynt hljóti að vera.

„Ég fæ það sterkt á tilfinninguna að hlutverk kvenna hafi og sé mun meira og sterkara í landbúnaði en víða annars staðar í þjóðfélaginu. Sumir segja að mögulega megi rekja þá stöðu allt til víkingaaldar, þegar menn börðust í herförum en konur höfðu umsjón með búskap. Kvenskörungar í bændastétt, sterkir persónuleikar, hafa augljóslega haft mikil áhrif á búskap og hafa enn. Ísland er fyrsta landið þar sem ég kynnist því að ekki sé talað um bónda og konu hans heldur um bændur.“ /fr

# ÁSTJÖRN

Sími 4623980 astjorn.is

Einstakar sumarbúðir á frábærum stað!




## Næsta Bændablað kemur út 5. júní











## Fé á fjall - ekkert mál!

Vandaðar og rúmgóðar 2-6 hesta kerrur á tveimur öxlum.
Rist framan á kerru tryggir góða loftun um kerruna.
Öflugir flexitorar veita mjúka og góða fjöðrun. Minna skrölt og minni hávaði.
Stórir og breiðari hjólbarðar á 16" felgum sem hentar vel á slóðum og sveitavegum.
Rampur með timburgólfi sem leikur einn er að setja niður og reisa upp.
Kerrurnar eru fáanlegar með venjulegu þaki eða háu þaki.
Ljós inni í kerru, gúmmímottur í gólfi og þverskilrúm er staðalbúnaður.
Hægt er að fá milligólf inn í flestar gerðir fyrir fjárflutninga. Því má líka bæta við eftirá.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Sími 568-1500 | Akureyri: Lónsbakka | Sími 568-1555 | www.thor.is

DELTA LAUSNIR
DELTA EHF - VARMADÆLUR

## Raunverulegur sparnaður með FUJITSU varmadælum

Margra ára reynsla við íslenskar aðstæður og hundruð ánægðra viðskiptavina segir allt sem segja þarf.




Best í prófun hjá SP í Svíþjóð
Fujitsu LTCN - Loft í loft varmadæla

MTA Cooling, conditioning, purifying.
FUJITSU

* Nánar á heimasíðu

Frekari upplýsingar á www.deltalausnir.is
Símar 895 0640 eða 895 6640

## Lamba-mjólkurduft

Aðeins 9.900kr m.vsk
25kg poki




Sendum um land allt

-Selenbætt
-Vítamínbætt
-Einstaklega bragðgott
-Drjúgt í notku
-Tilboð vegna stimpils

Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
11-16 laugardaga, sími: 430-5500
www.kb.is

KB BÚREKSTRARDEI
BORGAR

# PÖTTINGER
## HEYVINNUVÉLAR

### Sláttuvélar



### Rakstur



HÁGÆÐA VÉLAR

### Heyþyrlur



*Pöttinger tæki þig má ei vanta, tækin þau hafa öðlast traust. Ef ert ekki þegar búinn að panta, ættirðu nú að hefja upp raust.*

PÖTTINGER

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / 700 - Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

MERCEDES BENZ 508D



Smiðir
Málarar
Píparar
Rafvirkjar
Bændur
Bílstjórar
Kvikmyndagerðarm.
Ferðaþjónustuaðilar
o.fl, o.fl ...

NÚ ER ALLRA SÍÐASTA TÆKIFÆRIÐ AÐ EIGNAST GRIPINN
Á ÞESSU ÓTRÚLEGA VERÐI

## Mercedes Benz 508D
### þessi vel þekkti, trausti og sterki

Árgerð: 1987 (orðinn fornbíll, engin bifreiðagjöld)
Akstur: Örfá þúsund km
Ástand: Sem nýr (lakk sólbakað, að öðru leyti óslitinn og með öllu óryðgaður)

Bifreiðarnar voru áður í eigu NATO og voru skilgreindar sem **„tæki í viðbragðsstöðu"**. Hafa því ætíð fengið forgang á viðhaldi og eftirliti.

**Verð: 1.592.255 kr.** +vsk.
- með skráningu og komin á götuna.

**Getum útvegað aðeins fáeina bíla á þessu verði.**
***Fyrstur kemur – fyrstur fær!***

Allar nánari upplýsingar: kvikaehf.wix.com/bilahlutir

Bílahlutir
Sími 587-5058
GSM 695-7007 / 863-5058
Eldshöfða 4 · 110 Reykjavík · info@bilahlutir.com

### Vottunarstofan Tún svarar gagnrýni á bannið á svepparotmassanum í lífrænt vottaðri ræktun:

# Ísland þarf að vera til fyrirmyndar í stað þess að leita lægstu samnefnara

## – Garðyrkjustöðin Akur ekki lengur með lífrænt vottaða framleiðslu

**Í síðasta Bændablaði var fjallað um aðalfund VOR – Verndun og ræktun – félags framleiðenda í lífrænum búskap sem haldinn var 2. apríl 2014. Á fundinum var þungum áhyggjum lýst með stöðu frumframleiðslu í lífrænum búskap gagnvart vottunarkerfinu. Ástæðan er bann Vottunarstofunnar Túns, sem er eina starfandi vottunarstofan á Íslandi sem vottar lífrænar vörur, á notkun á svokölluðum svepparotmassa sem áburðargjafa í lífrænni ræktun. Svepparotmassinn er sá jarðvegur sem Flúðasveppirnir vaxa í og hann hafa fjórar garðyrkjustöðvar í lífrænni ylrækt notað sem undirstöðuáburð; Akur og Engi í Laugarási, Sólheimar í Grímsnesi og Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFÍ). Engi, Sólheimar og HNLFÍ hafa brugðist við þessu banni og nota nú aðra áburðargjafa. Á Akri var hins vegar áfram notast við svepparotmassann og er Garðyrkjustöðin Akur því ekki lengur með gilda lífræna vottun, en stöðin var einn stærsti framleiðandi á lífrænt vottuðu grænmeti á Íslandi.**

Í greinargerð með ályktun aðalfundar VORs er einnig látið að því liggja að vottunarreglur í nágrannalöndum séu rýmri en þær sem Vottunarstofan Tún hefur nú sett varðandi bannið á svepparotmassanum og með því sé lífrænt vottaðri ylrækt settar miklar skorður. Gagnrýni félagsins snýr að því að aðgengi að jafngóðum áburði sé ekki fyrir hendi og því sé bannið á svepparotmassanum of harkaleg aðgerð miðað við núverandi aðstæður. Bændablaðið leitaði svara hjá Vottunarstofunni Túni við nokkrum atriðum í gagnrýni félagsins og ræddi einnig við garðyrkjustjóra þeirra þriggja garðyrkjustöðva sem eftir eru í lífrænt vottaðri ylrækt, um það hvernig þær hafa brugðist við banninu.

### *Margir kostir í boði og ríflegur aðlögunartími*

Í svörum Gunnars Gunnarssonar hjá Vottunarstofunni Túni kemur fram að lífræn íslensk garðyrkja eigi nú margra kosta völ um leyfileg aðföng til áburðar og jarðvegsbóta. Allt frá því að vottun hófst hér á landi hafi legið fyrir að svepparotmassinn frá Flúðasveppum uppfylli ekki kröfur þar sem hann byggi að hluta á aðföngum úr þéttbæru kjúklingaeldi sem í daglegu tali er nefnt verksmiðjubúskapur.

Tún hafi veitt vottuðum garðyrkjubændum tímabundna undanþágu til afnota af svepparotmassanum meðan unnið væri að því að skipta honum út fyrir viðurkennd aðföng. „Þrátt fyrir síendurtekna framlengingu á undanþágu og óvenju ríflegan aðlögunartíma hafa því miður ekki allir nýtt hann til nauðsynlegra úrbóta. Í lífrænni ræktun er líka gert ráð fyrir að bændur rækti plöntur til áburðargjafar og jarðgeri lífrænan úrgang, sem nokkrir bændur hafa náð fyrirmyndar tökum á. Nægir í því sambandi að nefna Neðri-Háls, Sólheima, Skaftholt og Vallanes, en þó skortir enn talsvert á að allir sinni þessu.“

Gunnar segir að auk heimagerðs rotmassa og áburðarplantna geti bændur notað fiskimjöl, þörungamjöl, þangvökva, aðkeyptan rotmassa úr leyfilegum hráefnum (sem unnt er að fá hér á landi), og aðfenginn búfjáráburð ef hann er rétt meðhöndlaður og ekki upprunninn úr þéttleikabúskap. Rannsóknir dr. Christinu Stadler hjá Landbúnaðarháskóla Íslands hafi sýnt ótvírætt fram á kosti sem völ er á til lífrænnar ræktunar og eru jafngóðir eða betri en svepparotmassinn til áburðar og jarðvegsbóta.

### *Þéttleiki í kjúklingaeldi ástæða bannsins*

Gunnar áréttar að ástæða bannsins á notkun svepparotmassans sé ekki fóðrið heldur þéttleikinn í kjúklingaeldi. Hann segir að á hinn bóginn séu nú gerðar vaxandi kröfur til þess að sýnt sé fram á að aðföng til lífrænnar ræktunar séu ekki með erfðabreyttum efnum. „Sú krafa mun án efa verða tekin upp hér varðandi aðfenginn búfjáráburð líkt og gert er í mörgum löndum Evrópu. Til skamms tíma var innflutt kjarnfóður að meirihluta erfðabreytt, en stórlega hefur dregið úr því þannig að innfluttur fóðurmaís er nú að mestu óerfðabreyttur. Hætta á mengun af þeim völdum í áburði frá hænsnabúum hefur því minnkað verulega. Þá ber að hafa í huga að kjarnfóðurnotkun – að fiskimjöli undanskildu – er mjög lítil í sauðfjárrækt og sennilega einnig í hrossarækt.

Matvæli með erfðabreyttum innihaldsefnum eru á boðstólum á Íslandi, en líkur á því að þau skili sér í moltu úr matarafgöngum eru sem betur fer mjög litlar, vegna þess að umrædd matvæli eru yfirleitt mjög mikið unnin og erfðabreytt DNA því mjög niðurbrotið og ólíklegt að það sé greinanlegt. En að sjálfsögðu er ekki hægt að útiloka slíkt þegar hráefni koma víða að, og því þarf að beita áhættumati og sýnatökum á grundvelli gagna um uppruna hráefna, líkt og gera verður um eftirlit með þrávirkum efnum, þungmálmum og eiturefnum.“

Um þetta merki snýst málið.

Að sögn Gunnars er það ofsögum sagt að lífrænt vottaðri ylrækt sé miklar skorður settar með banninu. „Allar reglur setja auðvitað skorður en til þess eru þær meðal annars settar og alþjóðlegar reglur banna notkun búfjáráburðar úr verksmiðjubúskap til lífrænnar ræktunar. Framleiðendur fengu margra ára aðlögunartíma til að uppfylla það ákvæði og ýmsir þeirra notuðu tímann vel til að skipta slíkum aðföngum út fyrir önnur leyfileg.

Varðandi þá staðhæfingu að VORs að strangari kröfur gildi hér á landi en í nágrannalöndum okkar, um notkun á búfjáráburði í lífrænt vottuðum búskap, segir Gunnar að notkun áburðar úr verksmiðjubúskap sé óheimil samkvæmt alþjóðlegum stöðlum þar á meðal reglugerðum sem Ísland hefur staðfest og í gildi eru. „Stærstu og virtustu vottunarstofur Þýskalands ganga lengra með því að banna notkun á öllum hænsnaskít úr hefðbundnu eldi – ekki bara verksmiðjubúskap – til lífrænnar ræktunar.“

### *Lífrænni ræktun til vansa að horfa framhjá þéttleika í kjúklingarækt*

„Þótt finna megi dæmi erlendis frá um að farið sé „á svig“ við það bann, til dæmis með því að horfa framhjá þéttleika í kjúklingaeldi sem áburður kemur úr, er það lífrænni ræktun til vansa, ekki síst ef aðrir kostir eru í boði, og er ekki til þess fallið að styrkja tiltrú neytenda á greininni. Það samrýmist hvorki gildandi reglugerðum, evrópskum verklagsviðmiðum og almennum skilningi á því hvað verksmiðjubúskapur er, né hugmyndafræði lífrænnar ræktunar. Fullyrðingar um að hér á landi gildi mun strangari kröfur en í grannlöndum okkar um bann við notkun aðfanga úr verksmiðjubúskap hvíla því í besta falli á veikum stoðum.

Þótt íslenskum framleiðendum hafi verið veittur óvenju langur tími til breytinga verða þeir eins og aðrir að vinna í samræmi við alþjóðlega staðla og viðmiðunarreglur, sem Vottunarstofan Tún hefur frá upphafi unnið eftir. Undanþága er ekki sjálfsagt formsatriði heldur tækifæri til úrbóta. Í lífrænni ræktun þarf Ísland að vera til fyrirmyndar um aðferðir og aðföng í stað þess að falla í þá gryfju að leita lægstu samnefnara,“ segir Gunnar að lokum.

*/smh*

# Sólheimar í Grímsnesi

**„Mér finnst það hefði mátt gefa okkur kannski ár til viðbótar á undanþágu, vegna þess að við erum komnir af stað með þetta sameiginlega verkefni að koma okkur upp stöðugum áburði með eins konar áburðarsamlagi,“ segir Valdimar Ingi Guðmundsson, garðyrkjustjóri Sólheima í Grímsnesi. „Við fórum þá leið að nota mest af því sem fellur til hjá okkur úr ýmsum áttum, þegar bannið tók gildi.“**

### Áburðarefni úr ýmsum áttum

„Við notum til dæmis þann hænsnaskít sem er tækur frá okkar landnámshænsnabúi, en hann er þó ekki mikill þar sem hænsnin eru mikið úti við. Aðaluppistaðan í okkar áburði kemur frá safnhaugasvæðinu okkar, þar sem við erum með safnhaug á mismunandi aldri. Við tökum það sem til fellur úr gróðurhúsunum, gras og annan garðaúrgang sem tínist til og svo fer afgangurinn úr eldhúsinu í gegnum nokkrar ormagryfjur sem við erum búnir að koma okkur upp – og þaðan fáum við afbragðs moltu. Við byrjuðum á þeirri aðferð fyrir um ári síðan þegar við fengum eina lúku af ormum gefins og við höfum verið að prófa okkur áfram með þetta síðan. Í þessar ormagryfjur fer líka mest allt lífrænt heimilissorp frá heimilunum hérna á Sólheimum – og þetta fyrirkomulag er



Ágúst Bachman hefur umsjón með ormabúskapnum á Sólheimum.



Valdimar Ingi Guðmundsson, garðyrkjustjóri Sunnu á Sólheimum, á safnhaugssvæði sínu. mynd / smh

mjög í anda hugmyndafræðinnar hérna um sjálfbærni og endurvinnslu. Svo erum við með lífrænt vottað þang- og fiskimjöl, auk þess sem við notum svolítið af lífrænt vottuðum fljótandi áburði frá Danmörku, sem er unnið úr hrati frá sykurframleiðslu. Hann notum við til að ná fram skjótum áhrifum þegar aðstæður kalla á það – og ég held að aðrir lífrænt vottaðir ræktendur noti það líka. Það er auðvitað slæmt að þurfa að flytja slíkt inn en því miður er engin slík innlend framleiðsla til. Það væri auðvitað möguleiki að nota bara fiskimjöl í staðinn en ég veit til þess að það hafi smitast lýsisbragð í ávöxt við mikla notkun á því. “

### Fólk einbeiti sér að finna varanlega lausn

Valdimar telur nóg komið af argaþrasi um þessi mál og nú þurfi fólk að einbeita sér að því að finna varanlega lausn á vandanum. „Við munum halda okkar striki með það sem við höfum – og ef einhver bóndinn er til í að miskunna sig yfir okkur þiggjum við gjarnan búfjáráburð sem myndi gagnast okkur.“

Sólheimar eru nú stærsti lífrænt vottaði ylræktandinn á Íslandi. Þar er mest ræktað af tómötum, nokkrum gerðum, og svo svipað af papriku og gúrkum. Einnig er talsvert ræktað af grænkáli og svo dálítið af salati og kryddi. Valdimar segir alltaf einhverja tilraunastarfsemi vera í gangi og til dæmis séu þau að rækta eggaldin og kúrbít í svolitlum mæli með ágætum árangri.

*/smh*



Ingólfur Guðnason og Sigrún Elfa Reynisdóttir. mynd / smh

## Garðyrkjustöðin Engi, Laugarási

**„Ég held að flestir séu sammála um að ekkert jafnist á við svepparotmassann í ræktun. Bæði er hann góður áburðargjafi og svo gagnast hann vel til að bæta jarðveginn – sem skiptir ekki síður máli. Grundvallarvandamálið hjá okkur er að við erum ekki með skepnur og svo höfum við lítið sem ekkert til að moða úr, frá okkar framleiðslu, sem myndi gagnast til safnhaugsgerðar. Þess vegna erum við háð áburðarefni sem er aðfengið og okkar kaupum við úr Reykjavík," segir Ingólfur Guðnason á Engi.**

### Urðu fyrir stórtjóni

„Við höfum lent í miklum vandræðum með nýjan áburð, sem samanstendur þá af moltu annars vegar og svo lífrænt vottuðu fiski- og þörungamjöli. Það má alveg segja að við höfum orðið fyrir stórtjóni frá því í haust, þegar bannið tók endanlega gildi. Við höfum í raun þurft að læra upp á nýtt að nota nýtt hráefni og það er ekki auðvelt í þessari ræktun. Við ætlum samt ekkert að leggja árar í bát og erum að læra betur að vinna með það sem við höfum í höndunum. Fiskimjölið er til dæmis mjög sterkur áburður og það má ekki gefa of mikið af því í okkar ræktun. Það sem gerir þetta enn snúnara er að við erum með nokkuð margar tegundir í ylræktun og þær kalla á mismunandi áburðargjöf. Við ræktum líka mikið í pottum og það er erfiðara að stilla áburðargjöfina af þar en í beðum.

Við bændur í lífrænni ræktun á Suðurlandi erum farnir af stað með verkefni sem gengur út á að þróa eins konar áburðarsamlag, þar sem við gætum sótt okkur lífrænt vottaðan áburð sem væri sambærilegur svepparotmassanum að gæðum, en án hinna óæskilegu þátta. Verkefnið er á byrjunarstigi en við hefðum helst viljað að Vottunarstofan Tún myndi gefa okkur áfram undanþágu með svepparotmassann á meðan unnið væri að þessu verkefni. Ég er eiginlega óánægðastur með það. Ég skil alveg sjónarmið Túns um að áburður úr þrengslabúskap, þar sem hugsanlega hefur verið notast við erfðabreytt fóður, gangi ekki í lífrænt vottaðri ræktun. Við hefðum hins vegar þurft lengri aðlögunartíma í ljósi þess að þetta verkefni er farið af stað. Í því verkefni er horft bæði til hálms, plöntuúrgangs og einnig búfjáráburðar."

*/smh*

## Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

**„Við höfum notað moltu hérna lengi en ekki í gróðurhúsunum að ráði, þar sem okkur hefur ekki fundist það vera nógu stöðugt efni," segir Jónas Vignir Grétarsson, garðyrkjustjóri Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFÍ) í Hveragerði.**

„Eftir að svepparotmassinn var bannaður höfum við þurft að nota moltuna og það sýnir sig að það er hægt að nota hana með öðru. Við höfum notað fiski- og þörungamjöl með henni og nú verðum við bara að sjá til hvernig þetta reynist. Við reynum bara að laga okkur að þeim reglum sem eru settar. Í raun er alveg hægt að líta á þetta sem tækifæri til að gera ræktunina þannig algjörlega bíódínamíska (e. biodynamic).



Jónas Vignir Grétarsson hjá safnhaug við garðyrkjustöðina. mynd / smh

Í ylræktinni á HNLFÍ eru aðallega framleiddir venjulegir tómatar, kirsuberjatómatar og gúrkur. Gúrkuframleiðsla ársins er um fjögur til átta tonn eftir því hversu mikið er sett undir og tómataframleiðslan er um átta til tólf tonn. Að auki er salatræktun á HNLFÍ og svo er öll umhirða svæðisins á ábyrgð Jónasar og hans starfsfólks – og nýtist allt sem gengur af úr því starfi til safnhaugsgerðar.

Að sögn Jónasar fara um 15 prósent framleiðslunnar til matseldar í eldhúsi HNLFÍ en annað fer á almennan markað í gegnum dreifingarfyrirtækið Græna hlekkinn. */smh*





Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 31 þúsund eintökum á 387 dreifingarstaði




# BÆNDUR OG VERKTAKAR ATH.

Smíða vökvaslöngur eftir óskum og þörfum hvers og eins .
Stærðir 1/4" - 1" í 2 víra og 3/8" - 1" í 4 víra, mikið úrval af tengjum.
Einnig vökva stálrör 6 til 18 mm, bein eða beygð!!

Er með smurolíur og rekstrarvörur frá Skeljungi á lager!!

Á til og útvega ýmsar gerðir af legum og rekstrarvörum!!
Rafgeymaþjónusta og sala (einnig hjólageymar). Rúlluplast , net og garn.

Örflóran, í haughús. Get einnig útvegað fleiri vörur frá FRAMTAK BLOSSA.

**Kristinn Reynisson, Nýja-Bæ, 311 Borgarnes. S: 435 1232/893 7616**

Geymið auglýsinguna



Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi alþingsmaður og ráðherra, opnaði í fyrrasumar ferðaþjónustu á æskuheimili sínu, Lómatjörn í Grýtubakkahreppi. Húsið er leigt út í heilu lagi og nýtur meðal annars vinsælda hjá gönguhópum sem njóta náttúrufegurðar í Fjörðum eða ganga á fjöll í nágrenninu. Myndir / MÞÞ

### Valgerður Sverrisdóttir, fyrrum alþingismaður og ráðherra, sinnir nú ferðaþjónustu á æskuheimili sínu:

# Verð alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni

## – vaxandi ferðaþjónusta í Grýtubakkahreppi þar sem ferðalöngum fjölgar ár frá ári

**„Ég verð alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni. Mér líður ekki vel á kvöldin nema ég geti farið yfir daginn og séð að mér hafi orðið eitthvað úr verki," segir Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, sem opnaði í fyrrasumar ferðaþjónustu á æskuheimili sínu, Lómatjörn í Grýtubakkahreppi. Hún og eiginmaður hennar, Arvid Kro, unnu að mestu sjálf að endurbótum á húsinu.**

### *Æskuheimilið er mér kært*

Þegar þau hjónin fluttu fyrir fullt og allt aftur á æskuslóðir Valgerðar eftir annasaman starfsferil hennar sem alþingisþingmaður og ráðherra kviknaði hugmyndin um að koma á fót ferðaþjónustu, sem hún segir að hafi alla tíð vakið áhuga sinn, „og svo er æskuheimili mitt mér mjög kært," segir hún.

Húsið sem um ræðir, Lómatjörn var byggt árið 1924 og endurbætt árið 1932. Við húsið var síðar eða árið 1960 byggð stofa, en Valgerður segir það hafi verið mikið áhugamál hjá móður sinni að eignast stóra stofu þar sem m.a. væri hægt að taka á móti gestum.

Móðir hennar, Jórlaug Guðnadóttir, hafði áform uppi um að efna til veislu í tilefni af 50 ára afmæli sínu í maí árið 1960 og var viðbyggingin tilbúin nokkru fyrir þann tíma. Örlögin höguðu því þó á þann veg að Jórlaug lést í apríl það ár og var stofan notuð í fyrsta sinn þegar þar fór fram húskveðja áður en jarðsett var í Laufáskirkjugarði. Faðir Valgerðar, Sverrir Guðmundsson, bóndi bjó í húsinu til ársins 1992. Hann lést það ár, en hafði um skamma stund áður dvalið á Kristnesspítala.



Eitt af herbergjunum á Lómatjörn, með útsýni til norðurs í átt til Grenivíkur.

### *Vissum ekki fyllilega út í hvað við vorum að fara*

Valgerður segir að húsið hafi verið í ágætu ástandi, nýtt gólfefni var sett á hér og hvar og allt var málað. Sturtum og fleiri snyrtingum var komið fyrir í mjaltavélaklefa sem eitt sinn var, en kýr hafa ekki verið á Lómatjörn frá árinu 1972. Heitur pottur var settur upp norðan við húsið og hægt að ganga beint út í hann úr mjólkurhúsinu.

„Húsið hefur staðið hér í rúma tvo áratugi, svo gott sem ónotað. Þegar við ákváðum að skella okkur út í endurbætur og hefja hér ferðaþjónustu var stefnan sú að gera sem allra mest sjálf og það höfum við gert. Við nýttum okkur hluti sem til voru, pabbi var nýtinn maður og gerði lítið af því að henda þannig að við höfðum af nægu að taka. En ef til vill má segja nú þegar öllu er lokið að sem betur fer vissum við ekki alveg fyllilega út í hvað við vorum að fara þegar framkvæmdir hófust," segir Valgerður. „Þetta var ansi mikið verk."



Nýjasta viðbótin í ferðaþjónustunni. Búið að gera gamla fjóshlöðu áfasta bænum upp. Hlaðan varð síðar að bílskúr sem smám saman fylltist af drasli. Nú er þar salur sem gestir geta meðal annars nýtt sem matsal. Hlaðan var að hluta til klædd að innan en norðurveggurinn látinn halda sér. „Svona veggir þykja afskaplega fínir í dag," segir Valgerður og vísar m.a. til eins flottasta sendiráðs Íslands, sem er í Berlín þar sem vegg af þessu tagi er að finna.


Kojan góða í hjónaherbergi Lómatjarnar. Þar sváfu systurnar hver á fætur annarri á bernskuárum sínum.


Séð yfir suðurstofuna. Þar geta gestir komið saman og borðað.


Jórlaugarstofa. Viðbygging sem reist var við húsið árið 1960 og kennd er við móður Valgerðar sem langaði að eignast stóra stofu á heimili sínu.


Valgerður við heimilisklukkuna sem móðuramma hennar og nafna átti. Klukkuna bar hún á bakinu frá Kljáströnd og að Lómatjörn. Hún hafði fyrir sið á sunnudagsmorgnum að trekkja klukkuna og fannst henni það þó nokkur athöfn.


Silfurreynir sunnan við húsið að Lómatjörn. Hann er að líkindum á milli 80 og 90 ára gamall.

### *Lífsgæði að hafa hitaveitu*

Gamlir hlutir setja svip sinn á húsið. Ný húsgögn voru ekki keypt heldur tekið til við að lagfæra það sem til var ef þurfti. Það á raunar ekki við um rúmin, þau er ný. Lykillinn að því að ráðist var í endurbætur og nýta húsið til útleigu segir Valgerður að hafi verið sú ákvörðun að leggja hitaveitu í húsið. Reykjaveita útvegar heitt vatn, „og auðvitað er svolítið sérstakt að hugsa til þess að það renni yfir 50 kílómetra leið áður en það kemur inn í hús hjá okkur á Lómatjörn," segir hún.

„Það eru mikil lífsgæði sem fylgja því að hafa hitaveitu eins og þeir vita sem þekkja."

Húsið er leigt út í heilu lagi, en í því eru 5 tveggja manna herbergi og góð aðstaða í rúmgóðu eldhúsi. Fyrstu gestirnir dvöldu að Lómatjörn á liðnu sumri og segir Valgerður að starfsemin hafi farið vel af stað og útlit sé fyrir að komandi sumar verði ferðaþjónustunni gott. Þegar er mikið bókað, einkum yfir hásumarið. Flestir gestanna eru Íslendingar og þá gjarnan gönguhópar, fólk sem ýmist er á leið í gönguferð um Fjörður og eða í fjallgöngur á svæðinu.

### *Ferðafólki fjölgar*

Valgerður segir að ferðafólki fari mjög fjölgandi í Grýtubakkahreppi og í takt við það hafi æ fleiri íbúar í sveitarfélaginu starfa af ferðaþjónustu. Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er í Jónsabúð. Laufásbærinn hefur ætíð mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn en að auki er Útgerðarminjasafn á Grenivík og tvö gallerí. Þá nefnir Valgerður að fyrirtækið Pólarhestar sé starfrækt í miðri sveitinni og fjöldi fólks fari með því í lengri eða styttri hestaferðir. Nýlega var útbúið plakat með myndum af þeim fuglum sem sjást í sveitarfélaginu og þá eru upplýsingar á heimasíðu hreppsins, grenivik.is, sem sýna hvar best er að ganga á fjöllin, Kaldbak, Laufáshnjúk og Blámannshatt, „stolt okkar Höfðhverfinga," eins og Valgerður orðar það.

„Sveitin okkar er falleg, líklega ein fallegasta sveit landsins," segir Valgerður og meinar það. Sérlega snyrtilegt er umhverfis býlin í sveitarfélaginu og sama gildir um þorpið, Grenivík.

### *Stunda kartöflurækt*

Félagsbú er rekið á Lómatjörn, en að því standa systurnar Sigríður, Valgerður og Guðný ásamt eiginmönnum. Þau stunda kartöflurækt á 14 hekturum lands. Kartöflur frá Lómatjörn eru þvegnar heima og þeim pakkað þar en síðan seldar um land allt. Enn eiga Lómatjarnarbændur til kartöflur í birgðageymslu sinni frá liðnu sumri. Sá hluti jarðarinnar sem ekki er nýttur undir kartöflurækt er leigður út. Nýlega var lokið við að setja niður og segir Valgerður að nú spái menn líkt og vani er að vorlagi í hvernig sumarið verði með tilliti til uppskeru á komandi hausti.

/MÞÞ


# Tökubásar

Tveir á tilboði



Aðeins tvö stk.
til á tilboðsverði
kr. 369.000 án vsk.

Vorum að fá tökubása fyrir nautgripi

Básarnir eru með vigt, galvanhúðaðir og dufthúðaðir.

Nánari upplýsingar hjá elvarey@gmail.com
eða í síma 899 1776.
Aurasel ehf.

# Háþrýstiþvottadælur

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com Aflgjafar: Rafmagn / Honda bensín / Yanmar dísil / Aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bör.



Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefsíða: www.hak.is



Dr. Med. Jóhannes Kári Kristinsson hefur framkvæmt þúsundir laser-aðgerða á Íslendingum frá árinu 2000. Hann varar fólk þó við að gera sér of miklar væntingar um að slíkar aðgerðir séu allsherjarlausn á öllum sjónvandamálum þess. Hann segir að það sé heldur alls ekki fyrir alla að fara í slíka aðgerð. Mynd / HKr.

## Augnaðgerðir færast í vöxt hér á landi en ekkert kemur þó í stað góðrar umhirðu á augum:

# Laser-aðgerðir eru orðnar mjög öruggar en eru samt alls ekki lausn fyrir alla

## – dr. Jóhannes Kári Kristinsson segir slíkar aðgerðir geta þó verið góða lausn fyrir bændur, sjómenn og iðnaðarmenn

**Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur er spakmæli sem fólki kemur helst í huga þegar það verður fyrir áföllum af einhverjum toga. Fólk með góða sjón hugsar sjálfsagt ekki mikið um þetta dags daglega, en þeim mun mikilvægara er fyrir það fólk að passa vel upp á að augun verði ekki fyrir hnjaski. Það á ekki síður við um bændur en aðrar stéttir. Við höfum aðeins tvö augu og ef þau skemmast varanlega er ekki hægt að fá ný augu.**

Dr. Med. Jóhannes Kári Kristinsson augnlæknir tekur undir þetta og segir að aldrei megi vanmeta forvarnir þegar sjónin er annars vegar. Allt of margir verði fyrir skaða á auga vegna þess að farið sé óvarlega og ekki notuð hlífðargleraugu við vinnu. Jóhannes segist líka hafa fengið til sín iðnaðarmenn sem eyðilagt hafa í sér auga eftir að hafa fengið verkfæri í sjóngleraugu sem brotnuðu og ollu því að glerbrot skárust inn í auga.

### *Mikilvægt að hugsa vel um augun*

„Ég ráðlegg fólki að hugsa um augun eins og það hugsar um verðmæta hluti eins og bílinn sinn og helst betur. Almenningur þarf líka að fara reglulega í augnskoðanir. Yngra fólk þarf að fara á fjögurra til fimm ára fresti. Eftir fertugt þarf að fara á þriggja ára fresti og síðan á tveggja ára fresti eftir sextugt. Þetta er vegna þess að við hækkandi aldur fara að koma í ljós sjúkdómar sem eru óalgengir hjá þeim sem yngri eru. Við þeim þarf að bregðast en þarna getur verið um að ræða ský á augasteini, gláku og hrörnun í augnbotnum sem er erfiðasti sjúkdómurinn að eiga við. Mikilvægt er að greina sjúkdómana á réttum tíma svo hægt sé að meðhöndla þá."

Jóhannes segir að það sé augljóslega mikill kostur, ekki síst fyrir iðnaðarmenn, bændur og sjómenn, að þurfa ekki að nota sjóngleraugu í daglegu starfi. Það geti skipt sköpum varðandi öryggi viðkomandi við erfiðar vinnuaðstæður. Í mörgum tilfellum sé hægt að laga sjón með laser-aðgerð þannig að fólk þurfi ekki á gleraugum að halda við flestar athafnir. Til að forvitnast frekar um laser-aðgerðir og hvort slíkar aðgerðir henti öllum leitaði Bændablaðið til Jóhannesar, sem er einmitt sérmenntaður á þessu sviði.

### *Sérmenntaðan hornhimnusérfræðingur*

Jóhannes Kári er sérmenntaður hornhimnusérfræðingur og sérfræðingur í öllu er varðar ytra augað. Þá er hann sérfræðingur í sjónlagslækningum með laser og hefur í gegnum tíðina framkvæmt þúsundir laser-aðgerða á hornhimnu fólks. Hann útskrifaðist sem læknir frá Háskóla Íslands árið 1996 og lauk doktorsprófi frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1996 og fjallaði ritgerð hans um sykursýkisskemmdir í sjónhimnu. Hann útskrifaðist sem augnlæknir frá augndeild Duke-háskólans í Norður-Karólínu árið 2000 og lauk síðan sérnámi í sjónlagsaðgerðum með laser- og hornhimnulækningum ári síðar.

Hann framkvæmdi sína fyrstu „LASIK-aðgerð", sem er algengasta tegund laser-aðgerða, í byrjun árs 2000. Árið 2001 stofnaði hann augnlæknastöðina Sjónlag. Síðan þá hefur hann framkvæmt um 8.000 laser-aðgerðir, auk þess sem hann var fyrstur til að framkvæma innsetningu á ICL-linsu í auga hér á landi árið 2006 og framkvæma krosstengslameðferð (e. corneal crosslinking) við keiluglæru (keratoconus) árið 2007. Árið 2012 stofnaði hann síðan Augljós laser augnlækningastöð, þar sem hann starfar í dag.

### *Laser-meðferð er alls ekki fyrir alla*

*– Nú eru laser-aðgerðir mikið í tísku og oft er talað um þetta sem allra meina bót hvað sjónina varðar, en er það fyrir alla að fara í slíka aðgerð?*

„Nei, það er alls ekki fyrir alla. Ef fólk er á annað borð að hugsa um þetta er mikilvægt að það fari í forskoðun. Slík skoðun er mjög vönduð augnskoðun sem nýtist þá einstaklingnum burtséð frá því hvort hann fer í framhaldinu í laser-aðgerð eða ekki," segir Jóhannes.

„Það er ekkert óalgengt að í slíkri skoðun uppgötvist kvillar hjá fólki sem ekki var vitað um áður. Við höfum uppgötvað gláku, sjónhimnulos, ský á augasteini og ýmsa aðra sjúkdóma við slíka forskoðun.

Skoðun er því fyrsta skrefið og þá er hægt að komast að því hvort viðkomandi er kandídat fyrir laser-aðgerð eða ekki. Um 20-30% manna eru ekki kandídatar í slíka aðgerð."

Jóhannes segir að þeir sem ekki teljist hæfir sem kandídatar í laseraðgerð séu með augu sem séu þannig byggð að þau henta ekki til aðgerðar. Hornhimnan sem unnið er með í aðgerðinni geti t.d. verið of kúpt eða of þunn eða að um einhverja augnsjúkdóma sé að ræða. Þar eru menn ekki að tala um neinar tommur til eða frá, heldur míkrómetra. Hornhimnan er t.d. ekki nema 500 míkrón eða hálfur millimetri að þykkt og flipinn sem gera þarf í aðgerðinni er ekki nema 120 míkrón eða 12% af millimetra. Segir Jóhannes að tilkoma smásjár í augnlæknisfræði upp úr 1950 hafi orðið algjör bylting. Fram að þeim tíma var ekki um annað en stækkunargler eða lúpur að ræða við aðgerðir á augum.

### *Fólk er of með of miklar væntingar*

„Það geta verið of miklar væntingar um bata hjá fólki. Viðkomandi vill þá geta séð skírt algjörlega án gleraugna, bæði mjög nálægt og langt frá sér. Enn sem komið er ekki hægt að ná slíkum árangri. Fólk sem komið er yfir miðjan aldur fær ekki aftur sjón eins og unglingur."

### *Getur hentað vel sjómönnum, bændum og iðnaðarmönnum*

„Hagræðið sem ég sé fyrst og fremst við laser-aðgerðina er að með henni er hægt að veita fólki frelsi til að geta stundað útivist og auðveldað því vinnu þar sem erfitt getur reynst að vera með gleraugu. Ég nefni sjómenn, bændur, pípulagningamenn og smiði. Það eru vissar starfsstéttir að vinna við slíkar aðstæður að mjög erfitt getur verið að vera með gleraugu við vinnu og jafnvel hættulegt. Fyrir fólk í slíkum starfsstéttum tel ég tilvalið að láta kanna hvort það sé hæft til að fara í laser-aðgerð.

Þetta getur líka átt við margvíslegar tómstundir. Þar má nefna ýmiss konar útiveru, fjallamennsku, reiðmennsku og íþróttir þar sem mikill fengur getur verið að losna við hjálpartæki eins og gleraugu.

Fyrir marga skiptir það þó ekki miklu máli hvort þeir eru með gleraugu eða ekki og þá er kannski engin ástæða til að fara í slíka aðgerð sem kostar um 260 þúsund krónur."

Jóhannes segir að hægt sé að hjálpa fjölmörgum einstaklingum sem eru mjög háðir gleraugum og með svolitla fjarsýni. Það sé hægt þannig að þeir verði nánast óháðir gleraugum. Þeir geti t.d. lesið matseðla og á vörur úti í búð, en þurfi aðeins gleraugu til að lesa smæsta letur.

### *Áhættan hverfandi*

*– En er ekki einhver hætta sem fylgir því að fara í laser-aðgerð?*

„Mistök eru auðvitað til en þau eru afar sjaldgæf. Og jafnvel þó að allt sé gert í aðgerðinni eins og á að gera getur auðvitað eitthvað farið úrskeiðis. Ef slíkt gerist er í flestum tilvikum hægt að lagfæra það. Áhættan er því mjög lítil, en eins og með öll önnur mannanna verk er hún til staðar.

Sjálfur fór ég í slíka aðgerð fyrir tíu árum og tók þá mun meiri áhættu en ég þyrfti að gera í dag. Nú er aðgerðin orðin mun öruggari og tækjabúnaður betri þó að hann hafi verið góður áður."

### *Linsur geta verið hættulegar*

„Ef menn eru á annað borð að tala um áhættu í þessu sambandi verða menn líka að gera sér grein fyrir áhættunni á víðara sviði. Það er líka áhætta að vera með gleraugu og ekki síður augnlinsur. Það er meira að segja til rannsókn sem sýnir að linsur séu hættulegri en áhættan af því að fara í laser-aðgerð. Það er út af hættu á sýkingum í augum við notkun á linsum. Í sumum tilvikum geta slíkar sýkingar eyðilagt augu. Ég hef séð fólk verða blint út af linsum og einnig út af gleraugum. Það hefur hins vegar enginn orðið blindur við að fara í laser-aðgerð. Ég hef aldrei orðið vitni að slíku og hvergi séð skýrslur um slíkt.

Ég hef líka bent á það að ég hef talað við mann sem ók vélsleða fram af snjóhengju og lamaðist. Hann var með gleraugu og kennir því um að hann hafi ekki séð að hverju stefndi vegna móðu á gleraugunum. Félagar hans sem ekki voru með gleraugu sáu hins vegar hengjuna og gátu forðað sér frá slysi.

Nú er ég búinn að gera laser-aðgerðir í ellefu ár og ég finn að það hefur aldrei verið auðveldara og einfaldara. Þetta er samt alls ekki fyrir alla og fólk verður að gera sér fulla grein fyrir hvað það er að fara út í. Þá er líka mikilvægt að fólk sé ekki að gera sér allt of miklar væntingar um hvað það fái út úr aðgerðinni," segir Jóhannes.

Jóhannes er kvæntur Ragnýju Þóru Guðjohnsen, lögfræðingi og doktorsnema í uppeldis- og menntunarfræðum, og eiga þau þrjú börn, Jón Magnús (1992) læknanema, Árnýju (1995) menntaskólanema og Margréti (2000) grunnskólanema. Í tómstundum hefur Jóhannes gaman af hlaupum, tónsmíðum og ljósmyndun. /HKr.


BEKINA
boots built to last.
...stigðu næsta skref í stígvélum frá Bekina


Donaldson.
Filtration Solutions
Dedication to Excellence Award 2004-2005
LOFTSÍUR
VÖKVAKERFISSÍUR
SMUROLÍUSÍUR
HRÁOLÍUSÍUR
KÆLIVATNSSÍUR
Reki hf · Fiskislóð 57-59 · 101 Reykjavík
Sími 562 2950 · Fax 562 3760
Netfang: bjorn@reki.is · Vefsíða: www.reki.is
REKI


HÓLASKÓLI · HÁSKÓLINN Á HÓLUM
Sérhæft háskólanám
· Ferðamálafræði
· Viðburðastjórnun
· Fiskeldisfræði
· Reiðmennska og reiðkennsla
· Hestafræði
Tækifærin eru í okkar greinum
Nánari upplýsingar á www.holar.is eða í síma 455-6300.


Kjarni málsins
Ekkert viðhald
REHAU
Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða
gluggar@kjarnagluggar.is
Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is
AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN


webermt
JARÐVEGSÞJÖPPUR
& HOPPARAR
TIL Á LAGER
Þýskar gæðavörur eins og þær gerast bestar
MERKÚR
Hýsi - Merkúr hf. / Völuteigi 7 / 270 Mosfellsbær / Sími 534 6050 / merkur@merkur.is / www.merkur.is


ÞEKKING - HEILSA - GLEÐI
Hefur þú áhuga á heilsu?
NÁM Í NÁTTÚRULÆKNINGUM
Umsóknarfrestur til 20. júní
www.heilsumeistaraskolinn.com


CLAAS Arion 400 • 100-130 hestöfl
CLAAS
Frum
✔ Vökvaskiptur 16/16 gírar
✔ 98 lítra vökvadæla
✔ Hægt að sameina vökvaflæði fram í mokstursstæki
✔ 10 hestafla aflaukning í CIS útfærslu
✔ Útskjótanlegur vökvalyftukrókur
✔ 6.500 kg. lyftigeta á beisli
✔ Fjögurra hraða aflúttak
✔ Rúmgott ökumannshús með frábæru útsýni
✔ Fjölstillanlegt sæti með loftfjöðrun
✔ Farþegasæti með öryggisbelti
✔ Topplúga úr gleri
✔ Öll stjórntæki innan seilingar ökumanns
✔ CLAAS Arion 400 CIS-EHV
✔ Stjórnstöng í sætisarmi fyrir ámoksturstæki og vökvasneiðar
✔ Rauður takki á mynd stýrir gírskiptingu +/-
✔ 4 vökvasneiðar, 2 rafstýrðar 2 handvirkar
✔ Auðvelt og þægilegt í notkun
VÉLFANG
VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri


Er þetta ekki flott?
Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspir, 2-3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi.
Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.
Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2-3 m (Sælandsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2-3 m.
Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

Suðurland:

# Tæplega 70 á biðlista eftir hjúkrunar- og hvíldarrými

**66 einstaklingar á Suðurlandi eru nú á biðlista eftir því að komast inn á hjúkrunarrými eða hvíldarrými á svæðinu í heilbrigðisumdæmi Suðurlands. 23 eru á biðlista eftir hjúkrunarrými, þar af tólf í Árnessýslu, sex í Rangárvallasýslu, þrír í Vestmannaeyjum og tveir á Höfn í Hornafirði.**

Á biðlista eftir hvíldarrými eru 43 einstaklingar. Af þeim eru 22 í Árnessýslu, átta í Rangárvallasýslu, átta í Vestmannaeyjum og fimm á Kirkjubæjarklaustri. Tekið skal fram að hluti af þeim sem bíða eftir hvíldarrými eru á biðlista eftir hjúkrunarrými. Þetta kom meðal annars fram í máli Unnar Þormóðsdóttur, bæjarfulltrúa í Hveragerði og stjórnarmanns í Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) á stjórnarfundi samtakanna sem fram fór þriðjudaginn 13. maí síðastliðinn. Hún er jafnframt formaður vistunarmatsnefndar á Suðurlandi.

Stjórn SASS samþykkti á fundinum í ljósi langra biðlista eftir hjúkrunarrýmum á Suðurlandi að óska enn og aftur eftir því að heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp með þátttöku sveitarfélaganna á Suðurlandi um stefnumörkun og framkvæmdaáætlun um uppbyggingu aukins hjúkrunarrýmis á Suðurlandi. Stefnumörkunin taki mið af þörf fyrir nýtt hjúkrunarrými samkvæmt biðlistum, endurnýjun eldra húsnæðis (eins manns stofur í stað fjölbýla) og byggingu nýrra hjúkrunarrýma í stað ónothæfs húsnæðis. Jafnframt óskaði stjórnin þess að kannaðir yrðu möguleikar á aukinni heimahjúkrun.

/MHH


## Óskað eftir sauðfjárdómara

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins óskar eftir fólki sem hefur áhuga á að vinna við sauðfjárdóma næsta haust. Um er að ræða tímabundið verkefni í september og október 2014.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi lokið háskólagráðu í búvísindum. Undantekning er þó gerð ef viðkomandi hefur starfsreynslu sem sauðfjárdómari.

Umsóknarfrestur er til 15. júní 2014. Umsóknir berist á netfangið ee@rml.is. Nánari upplýsingar veitir Eyþór Einarsson 516-5014 / 862-6627 /ee@rml.is.

RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is




Þórunn Rúnarsdóttir og Kristinn Valgeirsson ásamt Páli Þ. Pálssyni umboðsmanni (t.h.) við hjólhýsið og nýju viðbygginguna, sem allir eru alsælir með.

Vestmannaeyingar fyrstir til að innleiða nýjung í hjólhýsaútgerð á Íslandi:

# Fengu hjólhýsaviðbyggingu og fjóra smiði frá Noregi

**„Þetta er rosalega flott og miklu flottara en ég átti von á, nú þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því að fortjaldið fjúki eða heyra vindhljóðin frá því þegar við sofum í hjólhýsinu," segir Kristinn Valgeirsson í Vestmannaeyjum. Hann og kona hans, Þórunn Rúnarsdóttir, hafa látið byggja 32 fermetra verönd við hjólhýsi sitt á Hallgeirshólum í Fljótshlíð.**

Fjórir Norðmenn komu til landsins og settu viðbygginguna upp á 8 klukkutímum, en fyrirtækið heitir Mestercamp og selur um 200 svona viðbyggingar við hjólhýsi í Noregi árlega. Byggingin er byggð úr einingum úr viðhaldsfríu efni sem er eldtefjandi.



Segja má að hjólhýsið týnist á bak við viðbygginguna.

„Þetta er fyrsta svona húsið á Íslandi og ég vona að þau verði miklu fleiri. Það eru allavega margir mjög áhugasamir og vilja skipta fortjaldinu út fyrir svona byggingu," segir Páll Þ. Pálsson, umboðsmaður norska fyrirtækisins á Íslandi, en fyrirtæki Páls heitir Argo North ehf.

Nýja viðbyggingin við hjólhýsið er sú fyrsta sinnar tegundir á landinu og er í landi Hallgeirshóla í Fljótshlíð þar sem fjöldi hjólhýsa er allt árið. Það er ekkert mál að taka hjólhýsið frá viðbyggingunni vilji fólk skreppa á annan stað. Þessi bygging, sem er 32 fermetra, kostaði 3,5 milljónir króna.

/MHH


# Þeir bjóða hryssurnar velkomnar!



Gaumur
Aðaleinkunn: 8,69
Bygging: 8,13
Hæfileikar: 9,05
Frá Auðsholtshjáleigu IS2001187053
Mynd: Þórunn Eyvindsdóttir



Gári
Aðaleinkunn: 8,63
Bygging: 8,87
Hæfileikar: 8,47
Frá Auðsholtshjáleigu IS1998187054
Mynd: Gabriele Boiselle



Gígjar
Aðaleinkunn: 8,46
Bygging: 7,98
Hæfileikar: 8,78
Frá Auðsholtshjáleigu IS2001187051



Hrafnar
Aðaleinkunn: 8,46
Bygging: 8,08
Hæfileikar: 8,72
Frá Auðsholtshjáleigu IS2007187017



Kristall
Aðaleinkunn: 8,31
Bygging: 8,40
Hæfileikar: 8,24
Frá Auðsholtshjáleigu IS2001187053
Mynd: Kristbjörg Eyvindsdóttir



Sproti
Aðaleinkunn: 8,26
Bygging: 8,43
Hæfileikar: 8,15
Frá Enni IS2008158455
Mynd: Jens Einarsson



Sveinn-Hervar
Aðaleinkunn: 8,25
Bygging: 8,06
Hæfileikar: 8,38
Frá Þúfu IS1994184553



Toppur
Aðaleinkunn: 8,49
Bygging: 8,48
Hæfileikar: 8,50
Frá Auðsholtshjáleigu IS2007187018
Mynd: Kristbjörg Eyvindsdóttir



Vals
Aðaleinkunn: 7,93
Bygging: 8,14
Hæfileikar: 7,78
Frá Auðsholtshjáleigu IS2009187015
Mynd: Kristbjörg Eyvindsdóttir

## Stóðhestarnir okkar eru farnir að taka á móti hryssum!

Frábærir stóðhestar sem margir hverjir hafa sannað sig sem úrvals ræktunargripir.

**Notkun Grænhóll/Auðsholtshjáleiga**

**Toppur** eftir LM: Hrossaræktarfélag Hrunamanna.
Sigurður Haukur Jónsson • 894 3059 • skollagrof@skollagrof.is

**Sveinn-Hervar** Hrossaræktarfélag Austur Landeyja Efri Úlfsstöðum.
Birgir Æ. Kristjánsson • 693 1264 • hvolsdekk@gmail.com
Sigurður Jónsson • 893 7970 • hesteyri@hotmail.com

**Hrafnar** Þingeyri, Húnavatnssýslu.
Magnús Jósefsson, Steinnesi • 897 3486

**Gígjar** Skagafjörður.
Sigurgeir Þorsteinsson • 453 8182 • 895 8182 • sigurg@krokur.is

Nánari upplýsingar um notkun þeirra má nálgast á **www.horseexport.is**, í síma **8920344 / 5573788** eða e-mail: **gunnara@simnet.is**

GUNNAR ARNARSON EHF
HROSSARÆKT - SALA - ÚTFLUTNINGUR
www.horseexport.is • gunnara@simnet.is • Sími: 8920344 / 5573788

# Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Fimmtíu verkefni hlutu styrk

**Tilkynnt hefur verið um úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir árið 2014. Að þessu sinni fengu 50 verkefni styrk fyrir samtals rúmar 244 milljónir króna til hönnunar og framkvæmda á ferðamannastöðum.**

Umsóknarfrestur um styrki rann út í lok janúar og bárust alls 136 umsóknir frá opinberum aðilum og einkaaðilum sem hafa umsjón með ferðamannastöðum víðs vegar um land. Heildarupphæð styrksumsókna var rúmar 848 milljónir króna en heildarkostnaður við verkefnin er áætlaður 1,9 milljarðar króna.

***Fjölbreytt verkefni um land allt***

Sem fyrr eru verkefnin fjölbreytt og dreifast víða um land. Hæsta styrkinn hlýtur Vatnajökulsþjóðgarður, 29,7 milljónir króna, vegna framkvæmda í Skaftafelli. Þar verður m.a. byggt við núverandi aðstöðu til að stórbæta þjónustu við ferðafólk.

Þá hlutu alls sjö verkefni veglega styrki, 10 milljónir króna eða meira, en þar má nefna að Þingeyjarsveit hlaut 15 milljóna króna styrki vegna endurbóta við Goðafoss. Umhverfisstofnun fékk 13,8 milljónir til að setja upp salernisaðstöðu við Hverfjall í Mývatnssveit. Þá hlaut Vatnajökulsþjóðgarður rúmar 13 milljónir króna til uppbyggingar við Langasjó og Djúpavogshreppur fékk tæpar 12 vegna deiliskipulags og fleira við Teigarhorn. Þá hlaut Umhverfisstofn einnig rúmar 10 milljónir króna vegna framkvæmda við nýjan stiga við Gullfoss og Skaftárhreppur hlaut einnig 10 milljónir króna vegna áningarstaðar í Eldhrauni. Loks hlaut Minjastofnun Íslands 10 milljónir vegna uppbyggingar á Stöng í Þjórsárdal.

***Verulegur árangur***

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða er nú á sínu þriðja starfsári og hefur frá upphafi úthlutað rúmlega 200 styrkjum að upphæð tæplega 850 milljónir króna. Björn Jóhannsson, umhverfisstjóri Ferðamálastofu, segir á vef stofnunar að ánægjulegt sé að sjá afraksturinn af starfi sjóðsins. „Við erum að sjá fjölmörg spennandi verkefni víða um land verða að veruleika fyrir tilstuðlan þess fjármagns sem sjóðurinn hefur úthlutað og þótt ljóst sé að enn sé víða þörf á úrbótum þá getum við engu að síður horft stolt á þann árangur sem þegar hefur náðst,“ segir Björn. /MÞÞ





Bændablaðið
Kemur næst út
5. júní









**Fróðleiksbásinn**

Vilmundur Hansen þjóðfræðingur og garðyrkjufræðingur



# Vistrækt – unnið með náttúrunni

**Vistrækt er heildrænt hönnunarkerfi sem líkir eftir náttúrunni með það að markmiði að skapa sjálfbært samfélag. Í því felst meðal annars matvælaframleiðsla sem vinnur með náttúrulegu umhverfi. Vistrækt hefur að leiðarljósi sjálfbæra, umhverfisvæna landnotkun, uppbyggingu jarðvegs og stöðugra samfélaga manna, plantna og dýra.**

Guðrún Hulda Pálsdóttir blaðamaður stundað nám í þessum fræðum á Írlandi árið 2012. Hún að vistrækt leggi grunninn að sjálfbærum lifnaðarháttum, bæði hvað varðar ræktum og í daglegu lífi. „Lögð er áhersla á að vinna með náttúrunni og rækta það sem hentar vel á hverjum stað. Ræktunin er hönnuð með það í huga að auðvelda vinnu, hámarka nýtni orku, vatns og landslags. Auk þess er uppbygging jarðvegs höfð að leiðarljósi."



Guðrún Hulda Pálsdóttir vistræktarfrumkvöðull.

### *Líkir eftir náttúrulegum vistkerfum*

„Ein af megináherslum vistræktar er tengsl milli einstakra þátta og staðsetningar þeirra innan kerfis með það fyrir augum að mynda stöðugt og afkastamikið samfélag sem líkir eftir samspili og skilvirkni náttúrulegra vistkerfa."

Guðrún Hulda segir ekkert því til fyrirstöðu að beita hugmyndum vistræktar í dreifbýli sem og þéttbýli, í bakgarðinum sem og á stóra jörð. Nýta má aðferðafræðina á fjölbreyttan hátt og á hún ekki eingöngu við garðrækt eða matvælaframleiðslu.

„Íslenska hugtakið vistrækt er tilraun til þýðingar á enska orðinu permaculture en það er samsett hugtak úr orðunum „permanent agriculture" eða „permanent culture". Á ensku hefur permaculture meðal annars verið skilgreind á ensku sem „cultivated ecology". Að því leiðir samsett íslenskt hugtak vistrækt úr orðunum, vistfræði/vistkerfi og ræktun, en einnig hefur hugtakið verið þýtt sem vistmenning."

### *Samplöntun*

Margir hafa heillast af hugmyndum vistræktar um gróðursamval sem í garðyrkju felst í að staðsetja tegundir plantna sem þrífast vel saman hlið við hlið eða nálægt hver annarri.

„Aðferðin gerir ræktendum kleift að hámarka nýtingu á svæðum bæði hvað varðar pláss og næringarefni. Sumar plöntur eru ræktaðar með matvælauppskeru í huga en aðrar til að draga næringarefni úr og færa þau til í jarðveginum. Niturbindandi belgjurtir þjóna sem næringarforði fyrir matjurtir. Aðrar laða að gagnleg skordýr og enn aðrar hindra komu óæskilegra lífvera. Þegar plöntum eru raðað saman með hagsmuni allra í huga, geta þær myndað þetta æskilega jafnvægi," segir Guðrún Hulda.



Gróðursamval felst í að staðsetja tegundir plantna sem þrífast vel saman hlið við hlið eða nálægt hver annarri.




### *Sjálfbær nýting og gömul gildi*

Guðrún Hulda segir vistrækt vera lausnamiðaða ræktunaraðferð. „Hún er leið til að umgangast jörðina og auðlindir hennar á áhrifaríkan og sjálfbæran hátt.

Vistrækt tekur mið af aldagömlum ræktunaraðferðum og byggir á þeirri hugmynd að aðferðir sem virka eigi að vera hafðar í heiðri. Að því leyti er vistrækt endurfundir við gamlar og gildar aðferðir.

Munurinn er sá að í dag höfum við aðgang að tækni sem forfeður okkar höfðu ekki auk gríðarlegs upplýsingaflæðis. Möguleikar sem felast í því að prófa og rannsaka hvernig náttúruleg flóra virkar, gera tilraunir með plöntur sem hafa reynst vel erlendis og deila upplýsingum eru því óþrjótandi í dag.

Mér finnst ákveðin skynsemi felast í því að styðja við þessar hugmyndir, leyfa þeim að þróast. Ég sé ekki fyrir mér hvernig samfélagið og stjórnvöld geta ekki stutt við þróun á vistræktargörðum á svipaðan hátt og gert er við rannsóknir á erfðabreyttum matvælum. Báðar aðferðir miða að því að framleiða meira af matvælum. Kosturinn við vistrækt er að hún leitast við að gera það á sjálfbæran og lífrænan hátt."

### *Mótsvar við verksmiðjubúskap*

„Í mínum huga er vistrækt mótsvar við einhæfum verksmiðjubúskap, sem stór hluti matvæla framleiðslu heimsins byggir á en hann er ein mest ógnin við matvælaöryggi mannkyns. Það eru til margháttaðar rannsóknir og tölfræði sem sýna þessa staðreynd og það tekur hreinlega á að skoða þær. Sem dæmi má nefna kornafbrigða fyrirtækisins Monsanto sem er með einokun á erfðabreyttum fræjum sem þola skordýraeitrið Roundup sem fyrirtækið sjálft framleiðir. Ein af afleiðing fækkunar kornafbrigða í ræktun og aukning á notkun fræja frá Monsanto er aukið magn af skordýraeitri í matvælum."

### *Aðferð sem sífellt fleiri aðhyllast*

Guðrún Hulda segist eygja von í vistrækt og að sífellt fleiri tileinki sér hana sem ræktunaraðferð. „Mér finnst gaman að vera hluti af landnámi vistræktar á Íslandi. Ég mér draum um landskika þar sem ég get ræktað allt mitt grænmeti sjálf og það í göngufjarlægð frá heimili mínu. Þar sem ég veit að ég er að gera sjálfri mér, fólkinu mínu og jörðinni minni til geðs en þangað til leigi ég matjurtargarða af Reykjavíkurborg. Auk þess sem ég held út vefsíðu um vistrækt www.natturan.is/vistraekt."




A new generation of heat pumps
DESIGNED FOR EARTH

Sparaðu meira!

NIBE

Ný kynslóð af varmadælum
NIBE árgerð 2014 sparar meira

NIBE™ F1255 Jarðvarmadæla
www.friorka.is




NIBE F1255 er byltingarkennd nýung í jarðvarmadælum, tvær stærðir 1,5 til 6kW & 4 til 16kW í einni og sömu varmadælunni.

Hér er á ferðinni ein besta varmadæla sem komið hefur. NIBE F1255 hitar ofnakerfi, gólfhita, potta, sundlaug, neysluvatn o.fl.

NIBE jarðvarmadælur verð frá kr. 690 þús.

NIBE er stærsti framleiðandi á varmadælum í Evrópu með um helmings markaðshlutdeild. Yfir helmingur allra húsa í Svíþjóð er t.d. með búnað frá NIBE og um 80% Svía hita hús sín með varmadælu.

S: 571 4774 Friorka friorka@friorka.is

Sturtukerrur 2-3.5 tonna



**Topplausnir**
www.topplausnir.is Smiðjuvegi 40 - Kópavogi
Sími 517-7718




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

## Arður frá Brautarholti



F: Orri frá Þúfu
M: Askja frá Miðsitju
**Verð 150.000 m/vsk**

Arður hefur hlotið glæsilegan einstaklingsdóm og ekki síðri afkvæmadóm, auk þess að vera efstur afkvæmahesta á Landsmóti 2011.
Arður hefur hlotið 9 fyrir samræmi, tölt, brokk, vilja og fegurð í reið. Hann er með 8,49 í aðaleinkunn og 126 í blup. Arður er hestur sem hefur sannað sig með frábærum afkvæmum.

Arður er á húsmáli í Holtsmúla. Nokkur pláss laus. Allar upplýsingar hjá Úrvalshestum í síma 659 2237 og 451 2237 og á www.urvalshestar.is

Úrvalshestar






Utan úr heimi



Á árinu 2011 keypti Náttúrusjóðurinn Aage V. Jensen 612 hektara lands úr landi Gyldensteen-jarðarinnar á Fjóni í þeim tilgangi að endurskapa 214 hektara strandlón sem þurrkað hafði verið upp.
Myndir / HKr.

## Danmörk minnkar vegna náttúruendursköpunarverkefnis:

# Um 214 hektara landbúnaðarlandi skilað aftur í faðm hafsins

**Unnið hefur verið að athyglisverðu náttúruendursköpunarverkefni á Fjóni í Danmörku. Það felur í sér að skila aftur til hafsins landi við Litlabelti sem stendur lægra en sjávarmál og nýtt hefur verið til landbúnaðar í meira en hundrað ár með aðstoð flóðavarnargarða.**

Á árinu 2011 keypti Náttúrusjóðurinn Aage V. Jensen 612 hektara lands úr landi Gyldensteen-jarðarinnar á Fjóni í þeim tilgangi að endurskapa 214 hektara strandlón sem þurrkað hafði verið upp og einnig 144 hektara stöðuvatn, „Engsøen“ eða Engjavatn, sem myndað er af ferskvatni. Með í kaupunum voru tvær eyjar, Lindholm og Langø. Hugmynd stjórnenda sjóðsins er að láta sjóinn falla aftur yfir það land sem áður var sjávarbotn og láta náttúruna sjálfa síðan um að endurmóta landið með gróðri og dýralífi. Eru gestir nú boðnir velkomnir á Gyldensteen-ströndina.

### *Var þurrkað upp fyrir 143 árum*

Þetta svæði var fram á nítjándu öld að mestu undir sjó og tilheyrði norðurfjónska grunnsævinu. Á árinu 1871 voru 625 hektarar af þessu grunnsævi þurrkaðir upp með varnargörðum þar sem vindmyllur voru notaðar til að dæla sjónum burtu. Var þetta gert til að rækta þar upp tún fyrir kúabúskap. Á árunum 1960 til 1965 var dælukerfið endurnýjað og var allt svæðið þá þurrkað upp fyrir utan það sem var undir ferskvatni.




Dökkbláa svæðið á kortinu er það flæðiland sem nú hverfur aftur undir sjó. Ljósbláa svæðið er ferskvatnsstöðuvatnið Engsøen.

### *Náttúrutilraun undir eftirliti vísindamanna*

Er þetta sagt vera í fyrsta sinn sem gömlum uppþurrkuðum sjávarbotni er skilað aftur til hafsins með þessum hætti. Hugmyndin er að þarna verði eins konar þjóðgarður þar sem fólk getur fylgst með hvernig náttúran yfirtekur landið. Einnig á fólk að geta fylgst með áhrifum af hækkandi sjávarstöðu og hvernig sjórinn gengur á láglendið við ströndina vegna hlýnunar loftslags.

Hafist var handa við verkefnið í mars á þessu ári og hefur verið unnið að lagningu göngustíga og uppbyggingu gestamóttökuhúss. Næsta skref var að opna flóðgáttir.



Hluti þjónustumiðstöðvar sem verið er að byggja við Gyldensteen-ströndina.



Núverandi strönd við Litlabelti úti fyrir við Gyldensteen.



Stegø-myllan er falleg bygging sem er nú að ljúka hlutverki sínu við að þurrka upp flæðilandið fyrir kúabúskap á Gyldensteen-landareigninni á Fjóni í Danmörku.



Flóðgáttin við vindmylluna.

Munu vísindamenn og þar á meðal fuglafræðingar síðan fylgjast náið með því hvernig náttúran yfirtekur ræktarlandið. Almenningi er einnig gefinn kostur á að skoða svæðið og fylgjast með þessu frá afmörkuðum göngustígum, hjólastígum og útsýnisstöðum. Einnig er ætlunin að reisa tvo fuglaskoðunarturna á svokölluðum Eiríkshólma og síðan er fyrirhugað að í gestahúsi verði auk veitingaþjónustu boðið upp á fyrirlestra um svæðið.

### *Að hluta manngerð „náttúra“*

Ekki verður þetta þó alveg eins náttúrulegt og Náttúrusjóðurinn vill vera láta. Þrátt fyrir falleg áform stjórnenda sjóðsins er ekki laust við að á þessu sé nokkur Disney-veruleikabragur. Á flæðilandinu sem sjórinn mun ganga yfir verða til dæmis byggðar upp manngerðar eyjar eða hólmar fyrir fugla og seli. Svipaðir hólmar fyrir fugla verða líka gerðir í Engsøen. Þá verða einnig hafðir varnargarðar við hluta strandlónsins svo sjórinn flæði ekki yfir annað ræktarland og til að verja stöðuvatnið. Hins vegar verður ytri ströndin sjálf og skógur sem þarna er látinn ósnortinn. Það er að segja að svo miklu leyti sem hægt er að tala um ósnortna strönd og skóg, í landi sem mótað hefur verið meira og minna af búsetu manna í þúsundir ára. /HKr.


**Sýklahreinsibúnaður fyrir vatn**
- Einfaldur í uppsetningu
- UV lampi í kvarsumhverfi til hámörkunar sýkladrepandi áhrifa
- Kerfi sem fylgist með líftíma lampans
- Umhverfisvænir lampar

BLUGEO WATER INNOVATION
REKI
REKI EHF | Fiskislóð 57-59, 101 Reykjavík | Sími: 5622950 | netföng: bjorn@reki.is kristinn@reki.is tryggvi@reki.is

**Varahlutir**
sem standast þínar kröfur
Við bjóðum upp á varahluti í flestar dísel- og bensínvélar frá viðurkenndum framleiðendum.
GLYCO FEL-PRO VICTOR REINZ MAHLE Payen FEDERAL MOGUL
**Stimplar**
Varahlutaverslunin Kistufell hefur sérhæft sig í sölu vélavarahluta í 60 ár.
- Fólksbílar
- Vörubílar
- Vinnuvélar
- Jeppar
- Traktorar
- Bátar

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA 60 ÁR
EINUNGIS AÐ BRAUTARHOLTI 16
Varahlutaverslunin KISTUFELL - gæðin skipta máli
Brautarholti 16 Sími: 562 2104 www.kistufell.is

**Gólfhitakerfi**
Ekkert brot ekkert flot
- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

**Hringgerði - Brynningarskálar - Hliðgrindur**
Hringgerði:
10 gerðiseiningar og 1 hliðeining:
393.900kr
Brynningarskálar:
Plastið fer aftur í upprunalegt horf!
Fást með nippli og með hálftungu:
Verð frá: 9.100kr
Hliðgrindur Sterkbyggðar
Lambheldar:
4m: 53.500kr
5m: 63.400kr
Lengjanlegar:
2-3m: 39.800
3-4m: 42.160
4-5m: 50.500
Fastar:
3m: 32.900kr
4m: 39.900kr
5m: 48.900kr
6m: 54.200kr
Góð alhliða brynningarskál: 7.800kr
Hagadæla: 46.400kr
Hlífðarjárn fyrir brynningarskálar
Flotskál: 12.400kr
Sendum um land allt
KB BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
www.kb.is

## Búnaðarsögusafn Eyjafjarðar, Búsaga, undirbýr útgáfu dagatals fyrir 2015:

# Leitar mynda sem tengjast jarðyrkju





**Búnaðarsögusafn Eyjafjarðar, Búsaga, hefur tvö undanfarin ár gefið út vönduð dagatöl með myndum og efni sem snertir búskap og búskaparhætti. Jafnframt hefur félagið staðið fyrir sýningum á fornvélum og tækjum, m.a. í tengslum við Handverkshátíðina á Hrafnagili.**

Sigurður Steingrímsson formaður félagsins segir að nú sé unnið að undirbúningi útgáfu á dagatali fyrir árið 2015 en þema þess verður jarðyrkja, sem jafnframt verður í öndvegi á sýningu félagsins á Handverkshátíð á Hrafnagili á komandi sumri. Nefnd hefur verið skipuð til að vinna að útgáfunni og leitar hún nú til almennings um aðstoð við efnisöflun, fyrst og fremst myndefnis. Myndirnar þurfa að tengjast þema útgáfunnar og sýna fólk, vélar og tæki við jarðvinnslu s.s. skurðgröft, plægingu, herfingu, tætingu, völtun, áburðardreifingu o.fl. „Við leitum ekki síst að myndum frá eldri tíma en myndir sem sýna nýjustu tækni við þessi störf eru einnig vel þegnar en þeirra er væntanlega auðveldara að afla en þeirra eldri,“ segir Sigurður og biður fólk um að líta í hirslur sínar og kanna hvort þar geti leynst forvitnilegar myndir sem hæfa þema næsta dagatals.

### *Víða enn að finna gömul tæki*

Þá bendir hann á að væntanlega sé enn víða að finna gömul tæki sem tengjast jarðvinnslu með ýmsum hætti, hestaverkfæri (plóga, herfi) og minni áhöld. Steypta valtara, sem sumir virðast hafa verið heimasmíðaðir og fleira í þeim dúr. „Þessi verkfæri vildum við gjarna fá að mynda og hafi einhverjir áhuga á að afhenda þau félaginu til varðveislu yrði því tekið með þökkum. Sögur eða frásagnir sem tengjast notkun umræddra tækja og verkfæra væru einnig vel þegnar.“

Í nefnd vegna útgáfunnar eru þau Ásdís Ívarsdóttir, Bjarni Kristjánsson, Gunnar Jónsson, Leifur Guðmundsson og Valdimar Gunnarsson og er þeim sem telja sig hafa myndir við hæfi í dagatalið bent á að hafa samband við eitthvert þeirra.



**Á Handverkssýningunni á Hrafnagili síðastliðið sumar var þemað þróun og vélvæðing í heyskap á síðustu öld.**

Búnaðarsögusafn Eyjafjarðar (Búsaga) hefur tvö undanfarin ár gefið út vönduð dagatöl með myndum og efni sem snertir búskap og búskaparhætti. Undirbúningsnefnd hefur hafið störf vegna dagatals fyrir árið 2015, en þemað verður jarðyrkja. Þeir sem hugsanlega eiga myndir sem tengjast viðfangsefninu eru beðnir um að hafa samband við nefndarmenn.

### *Félagið hefur aðstöðu í Saurbæ*

Félagar í Búsögu, búnaðarsögusafni Eyjafjarðar eru um 80 talsins en félagið var stofnað í mars árið 2011 og byggði stofnun þess á eldra samstarfi um söfnun dráttarvéla. Hlutverk félagsins er að hafa frumkvæði að stofnun búvéla- og búnaðarsögusafns í Eyjafirði og koma að rekstri þess.

Félagið hefur fengið að nýta húsakynni í Saurbæ í Eyjafjarðarsveit, sem eru í eigu ríkisins, sem geymslu fyrir vélar og búnað. Þar er nú varðveittur töluvert yfirgripsmikið safn af búvélum. Sú aðstaða var tímabundin en nú hefur Eyjafjarðarsveit fengið heimild hjá ríkinu til að nýta aðstöðu í Saurbæ til safnastarfs og er unnið að stefnumótun fyrir svæðið með þátttöku Búsögu.

„Eitt af fyrstu verkefnum félagsins hefur verið að tryggja sem best að hlutum sem tengjast búnaðarsögu verði ekki fargað og til verði öflugur grunnur af vélum, búnaði og sögu sem nýta megi til sýninga. Félagsmenn hafa um árabil safnað saman töluverðum fjölda af gömlum dráttarvélum og ýmsum öðrum landbúnaðartækjum, vélum og búnaði. Margir félagsmenn hafa lagt gríðarlega mikla vinnu í varðveislu og uppgerð véla og tækja sem öll er án endurgjalds,“ segir Sigurður.

### *Heimasíða í smíðum*

Unnið er að undirbúning að gerð heimasíðu fyrir Búsögu, en þar er ætlunin að sögn Sigurðar að kynna starfið og safngripi á vegum félagsins og félagsmanna. Áhugi er fyrir því að safna sögulegum upplýsingum af ýmsum toga, upplýsingum sem varða vélvæðingu landbúnaðarins. Eitt sem þar er staldrað við er söfnun ljósmynda frá fyrri tíð og hefur um það verkefni tekist samvinna við Minjasafnið á Akureyri. Í framtíðinni verður búinn til gagnagrunnur með upplýsingum um gamlar búvélar og tæki hjá bændum á Eyjafjarðarsvæðinu. Með slíkri skráningu verður mun auðveldara að setja upp sýningar með tilteknar áherslur.

### *Gestir hafa verið ánægðir með sýningarnar*

Búsaga hefur á undanförnum árum staðið fyrir sýningum á gömlum búvélum. Stærstu sýningarnar hafa verið á hinni árlegu Handverkshátíð á Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit, en einnig hafa vélar verið sýndar í Sólagarði, á Melgerðismelum og í desember sl. voru nokkrar gamlar dráttarvélar sýndar í verslunarmiðstöðinni á Glerártorgi á Akureyri.

„Gestir er að jafnaði mjög ánægðir með sýningarnar og allmargir hitta þar aftur gamla og góða dráttarvél eða dráttarvélar sömu gerðar og þeir höfðu „hjassast“ á sem vinnumenn í sveit fyrir áratugum síðan,“ segir Sigurður.

Á sýningunni á Hrafnagili sl. sumar var þemað þróun og vélvæðingu í heyskap á síðustu öld. Þá voru ekki einungis sýndar dráttarvélar, heldur einnig gömul heyvinnutæki, allt frá vélum sem dregnar voru af hestum til heyvinnuvéla sem nýttar voru fram á 9. áratuginn og eru jafn vel í notkun enn í dag. Þemað á sýningunni á Hrafnagili í sumar verðu tengt jarðvinnslu og jarðrækt. /MÞÞ

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar
TRAUST OG GÆÐI VELDU BÆÐI

ÁBURÐARDREIFARI MDS 19.1K



- 900 lítra stækkanlegur upp í 1800 lítra.
- Diskar og dreifibúnaður úr krómuðu nickel stáli.
- Dreifibreidd 10 til 18 metrar.
- Einföld kúpling til að smella diskum af, til stillingar og viðhalds.
- Drifskaft fylgir.
- Prófunarsett fyrir áburðarflæði fylgir.
- Fáanlegur með jaðarbúnaði (skurðbakkabúnaði).

Einnig MDS 19.1Q
- Með sjálfvirkri magnskömmtun sem tekur tillit til aksturshraða.

ÁBURÐARDREIFARI AXIS 30.1K



- 1200 lítra stækkanlegur upp í 3000 lítra.
- Diskar og dreifibúnaður úr krómuðu nickel stáli.
- Tveggja hólfa.
- 2 gluggar til að fylgjast með áburðarmagni.
- Dreifibreidd: Fáanlegur 12 til 42 metrar.
- Drifskaft með kúplingu.
- Prófunarsett fyrir áburðarflæði fylgir.
- Fáanlegur með jaðarbúnaði (skurðbakkabúnaði).

Einnig AXIS 30.1Q
- Með sjálfvirkri magnskömmtun sem tekur tillit til aksturshraða.

Búvís
Akureyri

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is





Vélar á verði sem gleður
- fyrir fagfólk í léttum iðnaði og lítil verkstæði

Rennibekkir, standborvélar, bandsagir, hjólsagir, bandslípivélar, beygjuvélar, röravalsar, legupressur, fjölklippur, sandblásturstæki og margt fleira.

Sýningarvélar á staðnum og rekstrarvörur að auki



IÐNVÉLAR

IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

## Ellefta hefti Heimaslóðar er nýkomið út:

# Sögufélag Hörgársveitar safnar, skráir og miðlar fróðleik

**„Markmið okkar er að safna og skrá fróðleik úr sveitarfélaginu og vinna að útgáfu hans, en meðal annars er stefnt að því að félagið sjái í framtíðinni um útgáfu Heimaslóðar, sem er sögutímarit og árbók Hörgársveitar og hefur komið út síðan árið 1983," segir Árni Arnsteinsson, bóndi á Stóra-Dunhaga og formaður Sögufélags Hörgársveitar. Félagið var stofnað í nóvember á liðnu ári, en fyrsti aðalfundur þess verður haldinn í næsta mánuði og munu þeir sem skrá sig fyrir aðalfund verða stofnfélagar. Nýjasta hefti Heimaslóðar er nýkomið út og verður því dreift um sveitina á næstu dögum.**



Árni Arnsteinssson, bóndi á Stóra-Dunhaga og formaður Sögufélags Hörgársveitar, með Heimaslóð, árbók sveitarinnar sem nýlega er komin út.

***Menningarverðmæti í Hörgársveit***

Árni nefnir að fjölmörg menningarverðmæti megi finna í Hörgársveit. Þar nefnir hann m.a. sögustaðinn Gásir, miðalda verslunarstað þar sem árlega eru haldnir fjölsóttir Miðaldadagar. Einn sögufrægasti staður landsins, kirkjustaðurinn Möðruvellir í Hörgárdal eru einnig í sveitarfélaginu. „Svo eigum við auðvitað skáldin Jónas Hallgrímsson og Davíð Stefánsson," segir hann auk þjóðskáldanna megi nefna mörg fleiri, „reyndar virðist vera að skáld hafi verið á flestum bæjum hér um slóðir og til er ógrynni af kveðskap eftir hina og þessa," bætir Árni við. Nú er búið að setja inn á heimasíðu Hörgársveitar fjölmargar vísur eftir fjölda höfunda og þó af miklu sé að taka þegar er brunnurinn hvergi nærri tæmdur.

„Við stofnun félagsins höfðum við alla þessa hluti í huga, okkar markmið er að reyna hvað við getum að halda sögulegri menningu hér í sveit lifandi, fólki til fróðleiks og skemmtunar," segir Árni.

***Dreifing og öflun áskrifenda***

Tilurð þess að til Sögufélagsins var stofnað segir hann að megi rekja til þess að í fyrrasumar setti Minjasafnið á Akureyri upp sögusýningu í gamla Leikhúsinu á Möðruvöllum í tilefni af 50 ára afmæli safnsins og hafi hann og Haraldur Þór Egilsson safnstjóri tekið þar tal saman. Fram kom í þeirra spjalli að ekki væri starfandi sögufélag í sveitinni, „og ég velti þeirri hugmynd fyrir mér í nokkra mánuði hvort ekki væri tilefni til að stofna slíkt félag. Um haustið sagði ég frá hugmyndinni í góðra vina hópi og hún fékk ágætar undirtektir sem leiddi svo til þess að við blésum til stofnfundar í nóvember á liðnu ári," segir Árni. Hann er sem fyrr segir formaður félagsins en með honum í stjórn eru Guðmundur Víkingsson í Garðshorni og Seselía Gunnarsdóttir á Dagverðareyri.

Árni segir að stjórn muni nú á næstu dögum skipuleggja dreifingu Heimaslóðar, árbókar Hörgársveitar og öflun áskrifenda en til standa að aka á hvern bæ í sveitarfélaginu og spjalla við ábúendur. Þá nefnir hann að þeir sem vilji gerast áskrifendur að ritinu og eða gerast stofnfélagar í Sögufélaginu geti haft samband við sig í síma eða sent bréf á netfangið dynhagi@isl.is. Ritið má einnig nálgast í afgreiðslu Búgarðs á Akureyri, en það kostar 2.500 krónur.

***Heimaslóð í 11. sinn***

Heimaslóð kemur nú út í 11. sinn, en ritið hefur að jafnaði komið út annað til þriðja hvert ár. Til stendur héðan í frá að koma ritinu út árlega. Bjarni E. Guðleifsson á Möðruvöllum hefur um árin haft forgöngu að útgáfunni. Sögufélagið tekur nú við keflinu en Bjarni mun áfram aðstoða við útgáfuna. Með Bjarna eru í ritstjórn þeir Guðmundur í Garðshorni og Guðmundur Steindórsson ráðunautur.

Í ritinu kennir að venja margra grasa, en sjónum er beint að Möðruvöllum í nokkrum þeirra greina sem þar birtast, þá er þar einnig að finna kveðskap, fjallað er um Ferðafélagið Hörg, um jarðræktartilraunir Gríms Jónssonar amtmanns á árunum 1824 til 1849, kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum, ógöngur í fjallgöngu, gluggað er í kirkjubækur og ýmislegt fleira.

/MÞÞ

Vísur eftir Arnstein Stefánsson:

***Vaknar sól og við mér hlær,***
***vorsins klukkur tifa.***
***Fannir bráðna, grasið grær,***
***gaman er að lifa.***

***Loga slær á laut og hól,***
***Ljómar fjallasalur.***
***Vina minna vernd og skjól***
***vertu Hörgárdalur.***

**Bændablaðið**
**Kemur næst út**
**5. júní**




Litföróttir stóðhestar:

# Tuttugu og einn foli ógeltur í landinu

**Nokkur uppgangur er í ræktun litföróttra hrossa, en litamynstrið er eitt fágætasta afbrigðið í litaflóru íslenskra hrossa. Fyrir tilstilli og þrautseigju áhugamanna um litförótt og erfðabreidd í stofninum var komið í veg fyrir útrýmingu gensins úr stofninum.**

*1.100 litförótt hross í heiminum*

Kapp er lagt á að ná fram góðum litföróttum ræktunargripum til að stuðla að áframhaldandi tilveru litamynstursins hér á landi. Nú er áætlað að um 1.100 litförótt hross séu lifandi í heiminum. Innan við helmingur þeirra er á Íslandi og aðeins hluti hans getur fjölgað sér. Þar af er 21 ógeltur foli vorið 2014. Flestir eru þeir ungfolar.

Hér birtist skrá yfir þessa fola svo menn geti hugað að þeim til notkunar á hryssur sínar.

/***Páll Imsland*** *í apríl 2014*



Haddur frá Bár.



Moli frá Hömluholti.

## Ógeltir litföróttir folar

**Hér er skrá yfir ógelta litförótta fola 20. mars 2014 sem tekin var saman af Páli Imsland í mars 2014. Raðað eftir lækkandi kynbótamati:**



Moli frá Hömluholti.



Vakri-Jarpur.

1. Moli frá Hömluholti, 2012, IS2012137880, bleikálóttur litföróttur blesóttur (kbm. 111). F: Kandís frá Litlalandi, 2009, IS2009187144 (kbm. 124, kbd. 8,65 bygg.). M: Bleika-Svala frá Svínafelli 3, 1995, IS1995277780 (kbm. 98). Eig: Molafélagið. Umsj. Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, s: 8521395.

2. Amadeus frá Ásbjarnarstöðum, 2012, IS2012136432, rauðlitföróttur (kbm. 108,5) Amadeus hefur skyldleikaræktarstuðul (F) upp á 14,578. Báðir foreldrarnir eru undan Vöku frá Ásbjarnarstöðum og af því stafar hið háa gildi stuðulsins. Sterkar líkur eru á að Amadeus sé arfhreinn litföróttur og gefi öll folöld litförótt hvernig sem merarnar eru litar. F: Arfur Aron frá Ásbjarnarstöðum, 2009, IS2009136431 (kbm. 108). M: Hróðný frá Ásbjarnarstöðum, 2001, IS2001236430 (kbm. 109). Eig.: Erna Dóra Ásbjörnsdóttir, s: 659.6823 og Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum, s: 435.1277 og 865.4435. Umsj.: Guðmundur Jónsson, Borgareyrum, s. 8543000.

3. Aðventill frá Ásbjarnarstöðum, 2012, IS2012136430, rauðstjörnóttur litföróttur (kbm. 108). Aðventill hefur skyldleikaræktarstuðul (F) upp á 14,578. Báðir foreldrarnir eru undan Vöku frá Ásbjarnarstöðum og af því stafar hið háa gildi stuðulsins. F: Arfur Aron frá Ásbjarnarstöðum, 2009, IS2009136431 (kbm. 108). M: Sól frá Ásbjarnarstöðum, 2006, IS2006236430 (kbm. 108). Eig. og umsj.: Erna Dóra Ásbjörnsdóttir, s: 659.6823 og Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum, s: 4351277 og 8654435.

4. Haddur frá Bár, 2007, IS200787341, brúnlitföróttur (kbm. 107). Flygill frá Horni, 2003, IS2003177270, (kbd. 8,37). Aska frá Búðarhóli, 1990, IS1990284301 (kbm. 95). Eig. og umsj.: Páll Imsland, s: 8218646 og Skúli Steinsson.

5. Flugar Efra-Seli, 2002, IS2002187231, jarplitföróttur (kbm. 102; kbd. 7,39 bygg.). F: Kormákur frá Flugumýri II, 1991, IS1991158626 (kbd. 8,3). M: Lukka frá Lækjarskógi, 1988, IS1988238492 (kbm. 89). Eig: hópur manna á Snæfellsnesi. Umsj.: Harpa Jónsdóttir, Hjarðarholti, s: 844.0434 og Eyjólfur Gísli Garðarsson, Vegamótum, s: 4356888, 8645888.

6. Prins frá Bakkafirði, 2009, IS2009175060, jarplitföróttur (kbm. 101). F: Gjafar frá Eyrarbakka, 1998, IS1998187146 (kbd. 8,19). M: Óvissa frá Sauðanesi, 1996, IS1996267173 (kbd. 7,70). Eig: Björn Guðmundur Björnsson, Bakkafirði, s: 4681429 og 8664043.

7. Baldur Fáni frá Sauðholti, 2007, IS2007181624, rauðlitföróttur (kbm. 100; kbd. 7,71, bygg.). F: Gjafar frá Eyrarbakka, 1998, IS1998187146 (kbd. 8.19). M: Fatíma frá Hala, 1996, IS1996286403 (kbm. 96). Eig: Ingvar Arnarson og Örn Ingi Ingvarsson. Umsj.: Örn Ingi Ingvarsson, s: 6963677.

8. Prins frá Efra-Núpi, 2004, IS2004155642, svartlitföróttur (kbm. 98). F: Heimir frá Vatnsleysu, 1999, IS1999158519 (kbd. 7,99). M: Vinda frá Efra-Núpi, 1998, IS1998255640 (kbm. 93). Eig: Bergur Jónsson, Álfhólahjáleigu V-Landeyjum. Umsj.: María Jörgensdóttir, Álfhólahjáleigu, s: 4878264.

9. Litur frá Blönduósi, 2009, IS2009156428, jarplitföróttur (kbm. 97). F: Þytur frá Stekkjardal, 2005, IS2005156428 (kbd. 7,96). M: Táta frá Ytra-Hóli, 2004, IS2004256428 (kbm. 86). Eig. og umsj.: Ægir Sigurgeirsson, Stekkjardal, s: 8966011.

10. Flosi frá Syðstu-Grund, 2011, IS2011158776, brúnlitföróttur (kbm. 95). F: Úlfur frá Syðstu-Grund, 2006, IS2006158770 (kbm. 94). M: Katla frá Syðstu-Grund, 1999, 1999258770 (kbm. 97). Eig. og umsj.: Sæmundur Sigurbjörnsson, Syðstu-Grund, s: 8978262.

11. Hvinur frá Sölvholti, 2011, IS2011187354, brúnlitföróttur tvístjörnóttur m vagl (kbm. 95). F: Haddur frá Bár, 2007, IS2007187341, brúnlitföróttur (kbm. 107). M: Hátíð frá Sölvholti, 2006, IS2006287351 (kbm. 83). Eig: Aurelia Veith, Austurríki. Umsj.: Hekla Hermundsdóttir, Ásmundarstöðum, s. 8472924.

12. Demantur frá Hala, 2005, IS2005 186406, brúnlitföróttur (kbm. 94, kbd. 7,6). F: Helmingur frá Sléttubóli, 2000, IS2000184472 (kbm. 96). M: Dama frá Hala, 1994, IS1994286400 (kbd. 7,55). Eig. og umsj.: Jón Vilberg Karlsson, Hala, s: 4875685.

13. Loki frá Böðvarshólum, 2010, IS2010155204, brúnlitföróttur sokkóttur (kbm. 94). F: Gammur frá Steinnesi, 1996, IS1996156290 (kbd. 8,03). Eig. og umsj.: Heimir Logi Gunnarsson, Reykjavík, s: 8990239.

14. Blettur frá Ártúnum, 2011, IS2011281006, rauðlitföróttur stjörnóttur (kbm. 92). F: Blámi frá Bár, 1997, IS1997187342 (kbd. 7,71; frábær reiðhestur). M: Bryðja frá Ártúnum, 2004, IS2004281012 (kbm. 93). Eig. og umsj.: Kristín Rós Sigurðardóttir, Tindum, s: 6986140.

15. Geisli frá Akureyri, 2010, IS2010-165590, brúnlitföróttur (kbm. 92). F: Dufgus frá Vallanesi, 2002, IS2002157573 (kbm. 100). M: Frostrós frá Norðurhjáleigu, 1996, IS1996285416 (kbm. 83). Eig: Þorbjörg Pálsdóttir, Norðurhaga í Þingi, s: 8490498.

16. Váli frá Ásgarði, 2009, IS2009-125861, móvindóttur litföróttur (kbm. 92, kbd. 7,54 bygg.). F: Hrókur frá Gíslabæ, 1998, IS1998137535 (kbd. 7,66). M: Eðja frá Hrísum, 1997, IS1997255155 (kbm. 92). Eig. og umsj.: Mona Kensik, Selfossi, s: 8493332.

17. Máni frá Lækjarskógi, 2010, IS2010138492, rauðlitföróttur stjörnóttur (kbm. 91). F: Everest frá Lækjarskógi, 2002, IS2002138492 (kbm. 98). M: Dögg frá Lækjarskógi, 1999, IS1999238494 (kbm. 84). Eig. Jón Einarsson, Reykjavík, s: 825.0622. Umsj.: Sverrir Þór Sverrisson, Auðkúlu 3, s: 8650240.

18. Ægir frá Efra-Núpi, 2007, IS2007155644, brúnskjóttur litföróttur (kbm. 91, kbd. 7,5). Gefur bara litförótt og sjótt afkvæmi. F: Hróarr frá Vatnsleysu, 2003, IS2003158516 (kbd. 7,71). M: Glenna frá Svarfhóli, 1994, IS1994236421 (kbm. 86). Eig. og umsj.: Örnólfur Björgvisson, Efra-Núpi, s: 5667897.

19. Náttfari frá Ártúnum, 2011, IS2011181005, brúnlitföróttur (kbm. 90). F: Blámi frá Bár, 1997, IS199787342 (kbd. 7,71; frábær reiðhestur). M: Brúnblesa frá Ártúnum, 1992, IS199281001 (kbm. 89). Eig. og umsj.: Halla Bjarnadóttir og Niklas Hyström, Ártúnum, s: 4875191.

20. Bjálmi frá Bjálmholti, 2000, IS2000186831, brúnlitföróttur (84 kbm.). F: Mökkur frá Hofi, 1996, IS1996177749 (kbm. 86). M: Gjörð frá Bjálmholti, 1986, IS1986286833 (kbm. 82). Eig. og umsj.: Monika Kimpfler, Hrafnkelsstöðum á Mýrum, s: 8933749.

21. Hæringur frá Baugsstöðum 2012, óskráður í WF, jarplitföróttur (kbm. ekki til útreiknað). F: Haddur frá Bár, 2007, IS2007187341, brúnlitföróttur (kbm. 107). M: Líf frá Eyrarbakka (óskráð). Eig. Glæðir; Ólafía Guðmundsdóttir og Þórarinn Siggeirsson, Baugsstöðum. Umsj. Sæunn Þórarinsdóttir, Lágafelli, s: 8918091.

## Vélavagnar
2,6-3.5 tonna



## Sturtukerrur
2-3.5 tonna



**Topplausnir - www.topplausnir.is**

Smiðjuvegi 40 - Kópavogi - Sími 517-7718




# Dúnhreinsunin ehf.

er flutt að Axarhöfða í Reykjavik

Við höfum flutt Dúnhreinsistöðina frá Digranesvegi 70 að Axarhöfða í Reykjavík, sjá kort sem hér fylgir með. Auðveldast er að aka gegnum bílastæði við Húsgagnahöllina eins og sýnt er á myndinni.

Eins og undanfarinn áratug tökum við á móti æðardúni til hreinsunar og sölu. Móttaka hefst í fyrstu viku júní 2014 í nýja húsnæðinu við Axarhöfða. Aðkoma að stöðinni og öll aðstaða er til mikilla bóta og munum við kappkosta eins og verið hefur að veita viðskiptavinum okkar, nýjum sem gömlum, okkar bestu þjónustu.

Vinsamlega hafið samband í símum 892 8080 og 897 6442 og við bjóðum ykkur velkomin í nýju dúnhreinsistöðina.

*Pétur Guðmundsson og Jóhann B. Steinsson*

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Sumarið er tíminn!




Erum með vönduð og góð gróðurhús í öllum stærðum og gerðum. Gler og plast.



## Sumarhús til flutnings

Fallegt 83 fm sumarhús á tveimur hæðum Neðri hæð: Tvö svefnherb. m. fataskápum. Baðherbergi með sturtu. Eldhús m. fallegri innréttingu. Stofa, útgengt á pall. Efri hæð m. stóru svefnherbergi m. svölum og annað rými sem nýta mætti sem sjónvarpsherb. eða útbúa annað svefnherbergi, einnig súðgeymslur á efri hæð. Húsið er staðsett v. Ennishvarf í Kópavogi. Óskað er eftir tilboðum. Nánari upplýsingar á valholl.is og hjá Jón Rafn, lögg. fasteignasali í síma 695-5520 eða á jonrafn@valholl.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479
www.valholl.is - opið. 9 - 17 virka daga, lokað um helgar

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR

## Stofnfundur íslenska landbúnaðarklasans

Boðað er til stofnfundar íslenska landbúnaðarklasans **föstudaginn 6. júní** næstkomandi. Fundurinn verður haldinn á **Hótel Sögu** frá kl. **15 til 17**.

Landbúnaðarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja og samtaka sem starfa í landbúnaði eða við úrvinnslu landbúnaðarafurða eða byggja á þjónustu við greinina.

Unnið hefur verið að undirbúningi að stofnun landbúnaðarklasa um nokkurt skeið. Stofnfundurinn er opinn fulltrúum allra fyrirtækja og samtaka sem telja sig eiga heima innan klasans.

## Dagskrá

**Fundarsetning**

**Aðdragandi að stofnun klasans**
*Haraldur Benediktsson, formaður undirbúningsnefndar*

**Hvers vegna landbúnaðarklasi?**
*Tjörvi Bjarnason, sviðsstjóri hjá Bændasamtökunum*

**Fjárfestingarþörf í landbúnaði**
*Jóhanna Lind Elíasdóttir, ráðgjafi hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins*

**Tillaga að samþykktum landbúnaðarklasans**

**Stjórnarkjör samkvæmt samþykktum**

**Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun**

**Umræður um starfið fram undan**

**Fundarslit**

Léttar veitingar að loknum fundi.

Undirbúningsnefnd um stofnun landbúnaðarklasa

## Aðalfundur Landssamtaka raforkubænda 2014

verður haldinn í Baldurshaga á Bíldudal
þ. 7. júní nk. og hefst hann kl. 13.00.

**Dagskrá fundarins verður þannig:**

1. Setning fundarins og skipun starfsmanna
2. Skýrsla stjórnar
3. Umræða um skýrslu stjórnar
4. Erindi Björgvins Skúla Sigurðssonar, framkv.stj. Landsvirkjunar, um orkumál
5. Erindi Kristjáns Haraldssonar Orkubússtj. um orkukaup o.fl.
6. Erindi Gunnars Orra Gröndal, starfsm. Verkís, um vatnamælingar
7. Fyrirspurnir til framsögumanna og orðið frjálst
8. Reikningar LR 2013 lesnir upp
9. Reikningar bornir undir atkvæði og árgjald ákveðið
10. Kaffihlé, áætlað kl. 15.30
11. Kosinn einn maður í stjórn til þriggja ára og einn í varastjórn sama tíma
12. Kosnir tveir skoðunarmenn til eins árs
13. Önnur mál

Fundarslit (áætluð eigi síðar en 17.30).

Fundurinn er opinn öllu áhugafólki um virkjanir innan við 10 MW. Að fundi loknum verður hægt að skoða Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum og Hvestuvirkjun.

Bent skal á að fyrir fundarmenn úr öðrum landshlutum gæti verið snjallt að taka sumarfrí á Vestfjörðum í leiðinni og gera góða ferð enn betri.



Æfingarnar í Kammerkór Suðurlands snúast ekki bara um söng, því að tjáningin virðist ekki síður mikilvæg eins og þessi mynd ber með sér. Myndir / HKr.

## Kammerkór Suðurlands að gera það gott:

# Íslenskur sveitakór orðinn eftirsóttur á innlendum og erlendum listahátíðum

**Félagar í Kammerkór Suðurlands og stjórnandinn Hilmar Örn Agnarsson gera víðreist um þessar mundir. Fram undan eru tónleikar á Listahátíð í Reykjavík 24. maí. Síðan er stefnan tekin á minningartónleika um Sir John Tavener á Salisbury International Arts Festival í Bretlandi í byrjun júní. Þá tekur við ferð á alþjóðlegt kóramót í Umeå í Svíþjóð. Lokapunkturinn á þessari tónleikarispu kórsins verður á Sumartónleikum í Skálholtskirkju. Í haust sendir kórinn svo frá sér geisladisk með nýjum kórverkum eftir ung íslensk tónskáld.**

### *Mikill metnaður*

Kammerkór Suðurlands var stofnaður árið 1997 og er skipaður tónlistarfólki, tónskáldum og áhugamönnum víðs vegar af Suðurlandi. Stofnandi og stjórnandi kórsins frá upphafi er Hilmar Örn Agnarsson, sem jafnframt er organisti í Grafarvogskirkju. Kórinn er þekktur fyrir fjölbreytt efnistök og syngur allt frá djassi og dægurtónlist til tónverka sem endurspegla nýjustu strauma í samtímatónlist.

Tíðindamaður Bændablaðsins leit inn á æfingu hjá kórnum í Listasafni Árnesinga í síðustu viku. Ljóst er að þarna er ekki á ferð neinn venjulegur kór, né eru æfingarnar hefðbundnar sem stjórnandinn Hilmar Örn Agnarsson lætur kórinn framkvæma. Með þeim var líka Bára Grímsdóttir, tónskáld og kvæðakona.

### *Sterk tengsl við Suðurland*

Kórfélagar gátu flestir rakið uppruna, ættir eða tengsl til Suðurlands en áberandi var þó fólk úr Biskupstungunum. Má þar nefna Geirþrúði Sighvatsdóttur, bónda og apótekara í Miðhúsum, Láru Jónsdóttur frá Helgastöðum og stöllurnar Svanhvíti Ingólfsdóttur, sem er uppvaxin meðal kryddjurta á Engi, og Henríettu Ósk Gunnarsdóttur frá Hrosshaga. Tvær síðastnefndu hluti sína fyrstu tónlistarmenntun í Barnakór Biskupstungna hjá Hilmari Erni þegar hann stjórnaði tónlistarlífi í Skálholti. Þá má líka nefna son stjórnandans, Georg Kára Hilmarsson, sem bjó 17 ár í Skálholti og er líka tónskáld. Eflaust kannast margir betur við hann sem bassaleikara og söngvara í hljómsveitinni Sprengjuhöllinni. Hann segist raunar rekja uppruna feril síns í tónlistinni til þess er hann hóf fjögurra ára gamall að syngja í drengjakór í Hamborg. „Síðan var ég í kórunum í Menntaskólanum í Hamrahlíð og í framhaldinu í Kammerkór Suðurlands."

Henríetta Ósk Gunnarsdóttir segist hafa verið í kórnum síðan 2008. „Félagarnir eru að mestu héðan af Suðurlandi eða á einhvern hátt tengdir Suðurlandi. Það er kjarninn úr Tungunum." Henríetta segir að vissulega megi segja að kórinn hafi náð ótrúlega langt.

„Það byrjaði eiginlega af krafti með þessu stóra verkefni okkar í London í haust, þar sem við vorum með tónleika og fluttum verk eftir John Tavener. Í framhaldi af því hefur boltinn farið heilmikið að rúlla og við förum aftur til Bretlands núna í júní."

### *Athyglisverð tenging við eina skærustu stjörnu Breta*

Georg segir forsöguna að þessu þó talsvert lengri. Á tónleikunum á Listahátíð Reykjavík 24. maí flytur kórinn Þrjár Shakespeare-sonnettur eftir breska tónskáldið Sir John Tavener. Verkið samdi Jack White fyrir Kammerkór Suðurlands árið 2013 en hann var valinn til þess af bresku tónlistarsamtökunum Sound and Music sem ein skærasta unga stjarna Breta á sviði tónsmíða um þær mundir.

Tavener á uppruna að rekja til Wales og lagði hann í verkinu áherslu á að tengja saman Ísland og Wales í gegnum hljóðblæbrigði vatns. Sungið er á ýmsum tungumálum; fornvelsku, ensku og íslensku, en hluta íslenska hluta verksins samdi verðlaunaljóðskáldið og rithöfundurinn Sjón.

Á tónleikunum á Listahátíð í Reykjavík flytur kórinn einnig nokkur af eldri verkum Taveners og nýleg verk eftir ung íslensk tónskáld, þau Georg Kára Hilmarsson, Völu Gestsdóttur og Margréti Kristínu Blöndal. Öll eru þessi verk samin sérstaklega fyrir kórinn.



Hilmar Örn Agnarsson, stjórnandi Kammerkórs Suðurlands, er einnig stjórnandi Söngfjelagsins og Vox Populi ásamt því að starfa sem organisti í Grafarvogskirkju.



Kórfélagarnir Georg Kári Hilmarsson og Henríetta Ósk Gunnarsdóttir segja breska tónskáldið Sir John Tavener vera mikinn áhrifavald í kórnum.

Þá flytur kórinn einnig verkið Islands (Ynysoedd) eftir annað breskt tónskáld, Jack White, og Heilsa þér Kjarval eftir Pál Guðmundsson frá Húsafelli í útsetningu Snorra Sigfúsar Birgissonar. Um frumflutning er að ræða á verki Páls frá Húsafelli, en það samdi hann við ljóð nafna síns og afa, Páls Guðmundssonar frá Hjálmsstöðum.

### *Frumflutningstónleikar urðu óvænt að minningartónleikum*

Þegar kórinn fór til Lundúna í nóvember síðastliðnum til að frumflytja verk Taveners í Southwark-dómkirkjunni varð atburðarásin talsvert öðruvísi en fyrirhugað var. Tónleikarnir urðu óvænt að minningartónleikum um Sir John Tavener, sem lést skyndilega þremur dögum fyrir tónleikana. Tónleikarnir vöktu heimsathygli og hlutu afburðadóma í bresku pressunni. Þessi verk verða nú sem fyrr segir frumflutt á Íslandi á tónleikunum á Listahátíð.

### *Öflugir einsöngvarar og mikil sveit meðflytjenda*

Einsöngvarar með kórnum á Listahátíð í Reykjavík verða sópransöngkonurnar Björg Þórhallsdóttir, Elísabet Einarsdóttir, Tui Hirv og Margrét Kristín Blöndal, ásamt Hrólfi Sæmundssyni baríton.

Sérstakur heiðursgestur og velunnari Kammerkórs Suðurlands verður hin heimsþekkta sópransöngkona Patricia Rozario, en hún hefur frumflutt fjölda verka eftir Tavener og heillaðist af flutningi Kammerkórs Suðurlands á tónleikunum í Southwark-dómkirkjunni síðastliðið haust.

Þá syngur með kórnum djúpbassasöngvarinn Adrian Peacock, sem hefur starfað með kórnum um árabil.

Tólf manna barokksveit leikur enn fremur á tónleikunum, skipuð félögum úr Bachsveitinni í Skálholti og Barokk Reykjavík.

Þá eru ótaldir tveir kórar sem hlaupa undir bagga í verkinu Song for Athene eftir John Tavener; ungmeyjakórinn sem söng með Megasi á Passíusálmatónleikum í Grafarvogskirkju á nýliðinni föstu og karlakórinn Vox Humana, sem var settur saman sérstaklega af þessu tilefni.

Í lok verksins hljómar sterkt orgel, sem hafði valdið kórstjóranum nokkrum heilabrotum, þar sem ekki er orgel í Hörpu. Loks hugkvæmdist honum að hóa saman 40 manna karlakór sem mun taka að sér hlutverk orgelsins.

Myndlistarkonan Hildur Hákonardóttir sér um listræna umgjörð tónleikanna og fléttar inn í umgjörðina myndverkum ýmissa listamanna, á borð við Pál frá Húsafelli og Kristínu Gunnlaugsdóttur.

/HKr.

# Leiðrétting húsnæðislána og bændur

**Skuldaleiðréttingarleið ríkisstjórnarinnar er raunhæfur kostur fyrir heimilin í landinu enda nýtist hún skuldsettum heimilum óháð búsetu. Rökin fyrir skuldaleiðréttingunni eru í senn sanngirnisrök og efnahagsleg rök. Eftir bankahrunið haustið 2008 hefur verið ráðist í umfangsmiklar efnahagsaðgerðir. Bankainnstæður voru varðar, skuldir fyrirtækja hafa verið færðar niður og gengistryggð lán hafa verið endurreiknuð vegna dóma Hæstaréttar.**

Eftir sitja þeir sem skulduðu verðtryggð lán þegar holskeflan reið yfir. Það er hvorki réttlátt né sanngjarnt að heimilin beri alla verðbólguáhættuna sem fylgir verðtryggingunni.

Skuldaleiðrétting ríkisstjórnarinnar verður í réttu hlutfalli við eftirstöðvar fasteignalána. Sömu forsendur gilda fyrir alla og þar skiptir búseta ekki máli, umræða um annað á því ekki við nein rök að styðjast. Í árslok 2009 voru tæplega 74 þúsund heimili skráð fyrir verðtryggðum lánum vegna kaupa á fasteignum til eigin nota. Mikill meirihluti þeirra, eða um 69 þúsund eiga rétt á niðurfærslu lána. Hámark er á þeirri upphæð sem hvert heimili getur fengið til leiðréttingar fasteignalána. Þar sem fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu er jafnan nokkuð hærra en annars staðar á Íslandi er ljóst að skuldaleiðréttingin nýtist heimilum á landsbyggðinni hlutfallslega betur en heimilum á höfuðborgarsvæðinu.

Athyglisvert er að með hliðsjón af eftirstöðvum fasteignalána, eins og þau voru hjá landsmönnum í árslok 2009, má áætla að rúmlega helmingur heildarumfangs leiðréttinga renni til heimila með eftirstöðvar lána undir 20 milljónum kr. og um 44% af leiðréttingunni rennur til heimila með árstekjur undir 6 milljónum kr. og rúmlega 60% af umfangi leiðréttinga til heimila með árstekjur undir 8 milljónum kr.



Haraldur Benediktsson



Líneik Anna Sævarsdóttir

Rétt er að hvetja bændur til að kynna sér hvernig leiðréttingin getur nýst þeim og sækja um. Megin málið er að forsenda leiðréttingarinnar er verðtryggt lán hafi hvílt á heimilum á árunum 2008 -2009. Það getur því skipt máli hvernig fyrirkomulag er á rekstraruppgjöri búa – en almennt á leiðréttingin um heimili bænda eins og annara landsmanna.

Auk skuldaleiðréttingarinnar gefst öllum sem eru á vinnumarkaði og skulda fasteignaveðlán kostur á að nýta séreignarsparnað næstu 3 ára til skattfrjálsrar greiðslu inn á höfuðstól fasteignalána. Einstaklingi býðst að nýta allt að 1,5 milljónum kr. til lækkunar höfuðstólsins og fólki í sambúð býðst að nýta allt að 2,25 milljónum kr. Á sama hátt geta þeir sem hyggja á fasteignakaup innan 5 ára nýtt séreignarsparnað sinn til skattfrjálsrar greiðslu inn á fasteign. Séreignarsparnaðarleiðin er góður kostur til að auka áhrif skuldaleiðréttingarinnar og er sérstök ástæða er til að hvetja bændur til að skoða lífeyrissparnað sinn og möguleikann á að nota séreignarsparnaðarleiðina, hvort sem þeir leggja í séreignarsparnað nú þegar eða ekki.

Skuldaleiðréttingin er almenn aðgerð sem ræðst að rót vandans og skapar tækifæri til vaxtar og til að lækka greiðslubyrði heimila. Skuldaleiðréttingar- og séreignarsparnaðarleiðin eru mikilvægir hvatar til sparnaðar í húsnæði enda tími til kominn að við Íslendingar leggjum áherslu á að eiga í húsnæði í stað þess að skulda í húsnæði.

Þá er ekki síst ástæða til að vekja athygli á að séreignarsparnaðarleiðin til kaupa á fasteign er ekki síður kostur fyrir ungt fólk sem hyggur á jarðakaup og framtíðarheimili fyrir sína fjölskyldu. Það er ástæða til að hvetja ungt fólk til að kanna þann kost – það skiptir máli að efla byggð í sveitum.

*Haraldur Benediktsson*
*þingmaður Sjálfstæðisflokksins*
*Líneik Anna Sævarsdóttir*
*þingmaður Framsóknarflokksins*



Úr Eyjafirði, hort til suðurs af túninu á Merkigili. Mynd / HKr.

# Jöfnun húshitunarkostnaðar innan sveitarfélaga

## – Úr málefnaskrá O-listans í Eyjafjarðarsveit

**Ekki eru allir svo heppnir að njóta jarðvarma frá hitaveitum eins og 90% landsmanna. Þar sem hitaveitur eru ekki í boði nýta menn raforku til húshitunar sem er mun dýrari orkugjafi þrátt fyrir að ríkissjóður niðurgreiði rafhitun að hluta. Mörg sveitarfélög, til dæmis á Vestfjörðum og Austurlandi, eru nær alfarið rafhituð en víðast er um blöndu jarðvarma og rafhitunar þar sem sveitabæir sem liggja of langt frá veitum fá ekki aðgang að þessari ódýru en jafnframt dýrmætu auðlind.**

Að mínu mati er húshitun auðvitað ein af grunnþörfum heimila í okkar kalda landi og ótækt að kostnaðarmunur milli heimila innan sama sveitarfélags sé margfaldur. Dæmigert hitaveituverð er í kringum 2-4 kr á KWst en niðurgreidd rafhitun er á bilinu 8-9 kr. á kílóvattstund. Með öðrum orðum þá dugar niðurgreiðsla ríkisins ekki til að jafna þennan kostnað. Hinn listinn í Eyjafjarðarsveit hefur sett á stefnuskrá sína að skoða aðkomu sveitarfélagsins að frekari jöfnun húshitunarkostnaðar. Hitaveita Norðurorku hefur teygt sig frekar inn í sveitina með breytingu á lögum um stuðning við stækkun hitaveitna en enn eru eftir nokkrir bæir sem ólíklegt er að fái hitaveitu í bráð. Hinn listinn stefnir ekki á að niðurgreiða raforku en þess í stað viljum við skoða fjárfestingastyrki til orkusparandi aðgerða. Þó að erfitt sé að lækka verð á hverri kílóvattstund er auðvelt að fækka kílóvattstundum án þess að það komi nokkuð niður á lífsgæðum íbúa. Með varmadælum er t.d. hægt að minnka raforkunotkun til hitunar og koma þannig heildarkostnaði við rafhitun nálægt hitaveituverði. Fjárfestingin kostar hins vegar sitt og er býsna íþyngjandi.

Hinn listinn telur því að skoða eigi möguleikann á fjárhagslegum stuðningi sveitarfélagsins við slíkar framkvæmdir. Orkusetur á Akureyri hefur aðstoðað nokkur sveitarfélög og liggur beinast við að leita þangað um frekari útfærslu verkefnisins. Orkukostnaður er orðinn allt of íþyngjandi fyrir rafhituð heimili og brýnt að bregðast við enda fátt sem bendir til lægri raforkuverðs í náinni framtíð. Lægri húshitunarkostur bætir efnahag og lífsgæði íbúa með rafhitun og eykur þannig líkur á áframhaldandi byggð. Ég hvet önnur sveitarfélög hér með til að fylgja fordæmi Hins listans í Eyjafjarðarsveit og setja jöfnun húshitunarkostnaðar inn á stefnuskránna.

*Sigurlaug Hanna Leifsdóttir*
*búfræðingur skipar 1. sæti*
*O-listans í Eyjafjarðarsveit.*



Ásýnd gamallar íslenskrar baðstofu sem Ferðaleikhúsið notaði í sýningum sínum.

## Kristín G. Magnús stofnandi Ferðaleikhússins:

# Selur áhugavert safn gamalla muna og leikmynda

## – sem geta vakið sérstaka athygli ferðamanna

**Kristínu G. Magnús leikkona, sem stofnaði Ferðaleikhúsið árið 1965 með hjálp góðra athafnamanna og listamanna, hefur í gegnum tíðina komið sér upp viðamiklu safni leikmynda og gamalla muna. Eftir 49 ára feril kennir þar ýmissa grasa og nú hefur hún hug á að selja þetta safn. Segist hún helst vilja selja það sem eftir er af safninu í heilu lagi, en leikmyndirnar geti hentað mjög vel fyrir söfn sem vilja lífga upp á ásýnd sína við að segja gestum sögu fortíðarinnar.**



Þessi leikmynd sýnir víkingaskála ásamt gínu af víkingakonu.

Fjallað var um feril Kristínar og Ferðaleikhússins í 20. tölublaði Bændablaðsins 2012. Þar kom fram að Kristín starfaði sem leikkona hjá Þjóðleikhúsinu og leiklistarkennari við Leiklistarskóla Þjóðleikhússins og Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur ásamt því að halda fyrirlestra um leiklist sem nefndust „List um landið“. Fyrstu fimm ár Ferðaleikhússins voru settar upp leiksýningar, eftir áður óþekkta höfunda, fluttar á íslensku, sem sýndar voru í Glaumbæ í Reykjavík, nú Listasafni Íslands, og einnig fóru sýningar hringinn í kringum landið.

Árið 1970 hófust sýningar hjá Ferðaleikhúsinu sem sérstaklega voru settar upp fyrir erlenda ferðamenn, sem leið áttu um Reykjavík að sumarlagi. Sýningarnar báru fyrst heitið Kvöldvaka, en síðan festist samheitið Light Nights yfir þessar sýningar. Þær voru byggðar á íslensku efni, en fluttar á ensku (að undanskildum þjóðlagatextum og rímum).

Ferðaleikhúsið hefur einnig sýnt leikrit eftir íslenska höfunda bæði heima og víða erlendis. Sýningar leikhússins hafa ávallt hlotið mikið lof áhorfenda sem og leiklistargagnrýnenda.

Segist Kristín hafa orðið þess vör í gegnum tíðin að leikmyndir og mundir sem hún hafi notað í sýningum sínum, hafi vakið sérstakan áhuga erlendra ferðamann til að kynna sér betur fortíð Íslendinga. Því kom henni í huga að byggðasöfn eða önnur söfn og þá ekki síst á landsbyggðinni gætu haft hug á að eignast leikmynda- og leikmunasafn hennar. Hún nefnir engar verðhugmyndir en óskar eftir að áhugasamir sendi henni frekar tilboð.

Hægt er að ná í Kristínu í síma 551-9181 og 898-0181, eins má senda henni póst á netfangið theatre@vortex.is

VORTILBOÐ!!!

DAGANA 26. MAÍ TIL 15. JÚNÍ
VERÐUR 20% AFSLÁTTUR
AF SHELL SMUROLÍUVÖRUM GEGN STAÐGREIÐSLU!!
(Posi á staðnum)

Kristinn Reynisson, Nýja-Bæ. Sími 893-7616.

# Fisk- og kræklingaeldi er stór búgrein í Danmörku

**Fiskeldi er ört vaxandi búgrein í heiminum og mun brátt standa undir helmingnum af fiskneyslunni í heiminum. Eldi á fiski er einkar hagstætt þar sem fóðurnýting eldisfiska er einstök og betri en annarra skepna í framleiðslu. Danskir bændur eru framarlega í fiskeldi og þrátt fyrir smæð landsins og ekki beint ofgnótt áa og lækja þá er eldi í vatni í raun mjög stór búgrein í landinu, en í dag eru rúmlega 200 bú með ferskvatnseldi og um 20 bú með sjóeldi. Heildarframleiðsla búgreinarinnar á ári hverju nemur um 45 þúsund tonnum**

En hvernig má það vera að bændur frá þessu litla landi, sem sjáanlega hefur ekki mikið ferskvatn, eru jafn framarlega og raun ber vitni? Jú, svarið felst í meira en 100 ára reynslu og háu tæknistigi búgreinarinnar.



Meira en 100 ára hefð er fyrir fiskeldi í tjörnum í Danmörku. Enn þann dag í dag eru til eldistjarnir sem þessar, þar sem regnbogasilungur er alinn. Myndir / Dansk akvakultur

### *Ekki bara silungar*

Til búgreinarinnar, sem kallast á dönsku „akvakultur", heyrir allt eldi bæði í ferskvatni og sjó og til búgreinarinnar heyrir því eldi vatnafiska, annarra vatnadýra og helstu nytjastofna sjávar. Í dag er ferskvatnseldi á silungum og álum lang stærsti hluti búgreinarinnar en auk þess fer fram fiskeldi í sjó auk kræklingaframleiðslu.

### *Einfaldar tjarnir*

Upphaf þessarar búgreinar í Danmörku má rekja aftur til þarsíðustu aldamóta þegar eldi á urriðum hófst í litlum tjörnum inni í landi. Tjarnir þessar voru grafnar út og svo leitt í þær vatn úr nálægum ám eða lækjum. Yfirfallinu var svo veitt aftur út í ána eða lækinn og í raun er stærsti hluti framleiðslunnar í dag enn með þessu formi. Þó nokkuð er enn um tiltölulega einfaldar tjarnir þó svo að steyptar þrær finnist einnig. Yfirfallið er þó allverulega breytt nú orðið, og í dag er notast við afar fullkominn hreinsibúnað sem hreinsar vatnið áður en því er aftur veitt út í ána eða lækinn. Í slíkum hreinsibúnaði eru möguleg næringarefni og önnur lífræn efni í vatninu botnfelld og svo er vatnið leitt frá kerfinu í gegnum þar til gerða síu svo tryggja megi að eldisfiskurinn nái ekki að berast út í náttúruna.



Þó svo að enn finnist töluvert af útgröfnum eldistjörnum fyrir fiskinn eru þó uppsteyptar tjarnir að taka við, sér í lagi þar sem mikið af vatni er endurnýtt.



Hreinsibúnaður er mikilvægur hluti af eldinu í Danmörku og hefur hann þróast mikið undanfarin ár. Í dag er til búnaður sem getur endurnýtt 95% af því vatni sem rennur um eldistjarnirnar.

### *Regnbogasilungur algengastur*

Algengasti eldisfiskurinn í Danmörku er regnbogasilungur (Oncorhynchus mykiss), en hann getur bæði lifað í ferskvatni og sjó. Auk regnbogasilungsins er nokkuð bæði um urriðaeldi (Salmo trutta fario) og bleikjueldi (Salvelinus alpinus). Þá er nokkuð um framleiðslu á ál (Anguilla anguilla), en hann hefur verið í útrýmingarhættu vegna ofveiði og breyttra lífsskilyrða. Gerálll er því veiddur og alinn við kjöraðstæður og svo oft sleppt í ár og vötn.

Aðrar fiskitegundir eru ræktaðar í mun minna mæli. Á ári hverju nemur framleiðsla regnbogasilungsins um 40 þúsund tonnum, en heildarframleiðsla á eldisfiski í Danmörku er um 45 þúsund tonn. Mestur hluti þess magns, um 75%, er framleiddur af bændum með ferskvatnseldi.

### *Mörg framleiðslustig*

Vegna þess hve margir bændur eru í eldi á silungi, ál og kræklingi hafa með árunum þróast mismunandi framleiðslustig við eldið enda aðstæður misjafnar og ekki víst að öllum henti allt heildar ferlið. Ferillinn í silungaeldinu hefst oftast í sérstökum kynbótastöðvum sem frjóvga eggin og svo fara þau til dreifingar hjá bændum. Þegar seiðin hafa klakist út eru þau höfð í sérstakri aðstöðu og það er í raun fyrst eftir um tvo mánuði, er þau byrja að éta fóður, sem hinn eiginlegi eldisferill hefst sem þá getur farið í margar áttir. Þannig eru sumir bændur eingöngu í upphafseldi og selja frá sér smáa silunga, 300-350 grömm að stærð til áframeldis en til þess að ná þessari stærð á silungi þarf að ala hann í 8-12 mánuði. Aðrir eru í eins konar millieldi fyrir sjókvíaeldi en þá er silungurinn alinn í ferskvatni þar til hann verður um 1 kíló að þyngd. Enn aðrir framleiða silung til lifandi útflutnings. Þá ala sumir fyrir sleppitjarnir og fleiri framleiðsluform mætti nefna svo sem hrognaframleiðslu fyrir kavíargerð.

### *Endurvinnsla á vatni*

Frá árinu 2005 hafa verið starfrækt ferskvatnsbú sem endurvinna stóran hluta af vatninu sem notað er við eldið. Bú þessi eru flokkuð í mismunandi gerðir eftir því hve mikið af vatninu er í raun endurunnið en í raun þýðir endurvinnsla vatnsins að bændurnir geta framleitt mun meira magn af fiski en áður þar sem vatnið nýtist miklu betur. Sem dæmi má nefna að áður en hreinsun á vatni hófst þurfti oft að nota um 4 sekúndulítra af vatni á hvert framleitt kíló en í dag þarf um 0,05 sekúndulítra!

Allt að 95% af vatninu er endurnýtanlegt þegar best lætur en það þýðir í raun að slík bú nota 10 til 15 sinnum minna magn af vatni við eldið en hefðbundin eldisbú. Eigi hins vegar að takast að hreinsa og endurvinna svona stórt hlutfall vatnsins þarf mikinn búnað til, en bæði þarf að hreinsa vatnið með síum og einnig með lífrænum aðferðum og niðurbroti. Þessi eldisbú eru þó með öllu óháð ám og lækjum enda kemur allt það viðbótarvatn sem þörf er á annað hvort úr drenræsum eða með rigningu. Þess má þó geta að vegna kostnaðar við uppsetningu á endurvinnslubúnaði eru þessi eldisbú ekki hagkvæm fyrr en framleiðslan nær a.m.k. 600 tonnum árlega.

### *Sjókvíaeldi*

Sjókvíaeldi í Danmörku fer fram með svipuðum hætti og við þekkjum hér á landi, þ.e. í fljótandi hringlaga kvíar sem eru festar við botninn. Það er þó eingöngu regnbogasilungur sem er alinn í þessum kvíum en laxeldi þykir t.d. ekki heppilegt í Danmörku vegna hitastigs sjávarins umhverfis landið. Hafið við Danmörk hentar hins vegar einkar vel fyrir regnbogasilung, bæði hvað seltustig varðar en einnig vegna mikilla strauma við landið sem tryggir endurnýjun vatns og súrefnis í kringum fiskana. Eldið er þó einungis vertíðarbundið en á vorin eru 6-800 gramma hrygnur settar í kvíarnar og hafðar þar fram á haust. Þá eru þær búnar að ná 3-5 kílóa þunga að jafnaði og hrognafullar. Þá er þeim slátrað og kvíarnar svo dregnar á þurrt land áður en fyrsti vetrarstormurinn kemur, en reynslan hefur einfaldlega kennt dönsku bændunum að þar sem þeir hafa enga djúpa og skjólgóða innfirði þá þýðir ekkert að vera með vetrareldi.

### *Kræklingaeldi*

Kræklingaeldi er sú grein innan vatnseldisbúgreinarinnar sem er í mestu vexti í Danmörku en framleiðslan á bláskel (Mytilus edulis) hefur aukist verulega á síðustu árum og er nú um 2.000 tonn. Lang stærsti hluti framleiðslunnar fer fram í Limafirði þar sem skilyrði þykja einstök til kræklingaeldis. Eldið fer fram með sama hætti og hér á landi, þ.e. á köðlum sem annað hvort eru látnir hanga lóðrétt í sjónum eða látnir liggja í löngum keðjulaga lögnum. Kostirnir við eldið eru að kræklingarnir sem vaxa á svona köðlum vaxa mun hraðar en þeir sem eru á sjávarbotninum þar sem mun meiri fæða er ofar í sjónum en á botninum. Það tekur u.þ.b. eitt ár fyrir línukræklinga að ná söluhæfri stærð en það er um þrefaldur vaxtarhraði á við kræklinga sem vaxa á sjávarbotninum.

### *Mest allt í útflutning*

Af heildarframleiðslunni upp á um 45 þúsund tonn, nemur útflutningur um 75-80%. Síðasta ár nam útflutningurinn 33,3 þúsund tonnum og þar af voru afurðir úr silungaeldinu 30,9 þúsund tonn, en fiskurinn var bæði fluttur út lifandi, nýslátraður, slægður og heilfrystur, flakaður og reyktur. Þá voru flutt út 1.500 tonn af hrognum auk áls bæði lifandi til sleppingar en einnig var hann fluttur út bæði nýslátraður, frystur og reyktur. Heildarverðmæti útflutningsins nam rúmum 21 milljarði íslenskra króna en meðal skilaverðið var um 635 krónur á kílóið.

*Frekara lesefni t.d.: www.lf.dk, www.danskakvakultur.dk og www.dst.dk*

***Snorri Sigurðsson***
*Nautgriparæktarsviði*
*Þekkingarsetri landbúnaðarins*
*í Danmörku*

### Hrikalegt atvinnuástand ungmenna í norðanverðu Grikklandi samkvæmt tölum Eurostat:

# Um 70% ungmenna í Vestur-Makedóníu hafa enga möguleika á vinnu

**Samkvæmt tölum evrópsku hagstofunnar Eurostat 6. maí er mesta atvinnuleysi ungmenna í Evrópu í norðanverðu Grikklandi. Í Vestur-Makedóníu, einu af þrettán héruðum landsins, er atvinnuleysi ungmenna 24 ára og yngri um 70%. Lesendum til glöggvunar er ekki um að ræða lýðveldið Makedóníu á Balkanskaga sem varð til árið 1991 eftir að Júgóslavía leystist upp. Nafngiftin á lýðveldinu var einmitt mjög gagnrýnd af íbúum Makedóníuhéraðs í Grikklandi. Hin gríska Makedónía nær yfir stærstan hluta norðurhéraða Grikklands.**

Þessar atvinnuleysistölur Eurostat þýða með öðrum orðum að sjö af hverjum tíu ungmennum á svæðinu geta ekki fengið vinnu. Fyrir tíu árum var þetta aftur á móti blómlegt hérað sem bauð upp á fjölda vel launaðra starfa fyrir ungt fólk. Á sama tíma og



Einkennismerki grísku Makedóníu.

þessar fregnir berast eru 26,7% allra atvinnufærra Grikkja atvinnulaus.

Tasos Sidiropoulos, verkefnisstjóri West Macedonia Development Country, segir að yfirgnæfandi staða orkugeirans á svæðinu hafi drepið niður frumkvöðlastarfsemi á svæðinu sem annars hefði átt að geta blómstrað. Hann segir að þetta hafi gerst þrátt fyrir að flest grísk ungmenni hafi háskólanám að baki en það hafi bara ekki dugað þeim til að fá vinnu. Launin sem í boði séu alltaf fyrir neðan meðallag og innihaldi yfirleitt engar tryggingar. Þar að auki sé nær ógjörningur að finna starf á því þeim sviðum sem ungmennin hafi sérhæft sig á.

Vitnað er í Stefanos Stergiou, sem er verkfræðingur í hljóðtækni. Hann segist vera búinn að leita sér að starfi í tvö og hálft ár. Þrátt fyrir daglega leit á netinu og skriflegum starfsumsóknum bæði innan og utan Grikklands hafi honum einungis boðist skammtímastörf, aðallega á krám, og án nokkurra trygginga. Í Háskóla Vestur-Makedóníu eru nú 15 þúsund nemendur, en flestir þeirra eiga litla von um vinnu að námi loknu. */HKr.*




### Danskir bændur urðu öskuillir út í forræðishyggju ESB:

# Var bannað að plægja vegna hættu á „skriðuföllum“

## – Þurftu undanþágu frá skriffinnskubákninu til að fá að vinna marflatt landið

**Nýlegar reglur Evrópusambandsins um bann við plægingu að hausti á ökrum og túnum sem eru í hallandi landslagi, takmarkaði um leið verulega möguleika danskra bænda til ræktunar. Urðu þeir öskuillir yfir málinu fyrr á þessu ári og stjórnmálaflokkarnir Venstre og Liberal Alliance sögðu reglurnar rugl og dæmi um ofurinnleiðingu á reglum Evrópusambandsins. Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins þurfti að fá undanþágu frá ESB-regluverkinu til að danskir bændur gætu sinnt vorverkunum með eðlilegum hætti.**

Reglunum sem innleiða átti í öllum ríkjum ESB var hins vegar upphaflega ætlað að koma í veg fyrir skriðuföll vegna jarðræktar á túnum og ökrum í bröttum hlíðum Alpanna. Skriffinnum ESB þótti hins vegar engin ástæða til að taka tillit til mismunandi aðstæðna eins og í marflatri Danmörku. Margar ríkisstjórnir landanna sniðgengu þó ströngustu túlkun reglugerðarframleiðenda í Brussel, en ekki dönsku yfirvöldin.

Talsmaður Liberal Alliance í landbúnaðarmálum, Leif Mikkelsen, sagði að þegar væri þrengt nóg að dönskum landbúnaði.

„Það hrópar á mann að danskir bændur geta ekki lengur unnið jarðir sínar að hausti, ólíkt starfssystkinum þeirra í Svíþjóð og Þýskalandi, vegna þess að ríkisstjórnin hefur einu sinni enn ákveðið að innleiða Evrópusambandsreglur án athugasemda. Danskur landbúnaður er nú þegar útsettur fyrir reglum og skrifræði og nú á að krefjast þess að bændur eiga að hlaupa um og mæla hvort jörð halli meira en 12 gráður. Þetta sýnir bara að reglurnar á þessu sviði eru ekki í neinum tengslum við raunveruleikann.“

#### *„Brjálæði“*

Hinar nýju reglur tóku gildi 1. febrúar síðastliðinn og þær þýddu að bændur máttu ekki plægja land


Þessi danska holdakú á Fjóni virðist ekki verulega áhyggjufull yfir að grafast undir aurskriðu þó að ESB hafi krafið danska bændur um að bregðast hart við hættunni. Myndir / HKr.


Það virðist frekar flatt, hið meinta danska fjalllendi.

sem er yfir tveir hektarar að stærð og hallaði meira en tólf gráður frá uppskeru og fram til 1. mars árið eftir. Að mati vísindamanna við Háskólann í Árhúsum aukast líkur á jarðvegseyðingu ef sáð er vetrarsáningu í hallandi land og slíkt er í andstöðu við reglur Evrópusambandsins sem miða að því að koma í veg fyrir jarðvegseyðingu.

#### *„Skrifræðisþvæla“*

Formaður dönsku bændasamtakanna, Martin Merrild, fullyrti að reglurnar væru skrifræðisþvæla. Stjórnmálaflokkurinn Venstre, sem kallar bannið brjálæði í ljósi þess að bændur hafi staðið svona að verki öldum saman án vandræða, tekur undir með Liberal Alliance um athugasemdalausar innleiðingar á Evrópureglum.

„Þetta eru reglur frá Ölpunum og eiga því helst við í Evrópusambandslöndum þar sem eru mjög hallandi akrar og tún. Þess vegna hafa þær afar takmarkað gildi í Danmörku segir landbúnaðar talsmaður Venstre, Erling Bonnesen.

#### *Nær yfir 1.000 hektara*

Samkvæmt útreikningum dönsku umhverfisstofnunarinnar féllu um 1.000 hektarar, sem nú er sáð í vetrarsáningu, undir hinar nýju reglur. Umræddir 1.000 hektarar eru hluti af landi sem eru í allt á milli 12.000-16.000 hektarar.

Landbúnaðarráðherra Dana, Dan Jørgensen, sagðist tilbúinn til að taka nýju reglurnar til skoðunar, með það í huga að þeim verði breytt og var það gert eftir háværmótmæli danskra bænda.

Leif Mikkelsen var ómyrkur í máli og sagði m.a.:

„Fyrst bændur í nágrannalöndunum mega plægja að hausti ættu danskir bændur að sjálfsögðu að mega slíkt hið sama. Það er stórfellt vandamál að dönskum landbúnaði er nánast undantekningarlaust sniðinn þrengri stakkur en landbúnaði í öðrum Evrópusambandslöndum og því ætti það að vera skylda stjórnvalda að vinna að því að danskir bændur geti stundað búskap við sömu skilyrði og starfssystkin þeirra í Evrópu.“

Umræða um þetta furðulega mál hefur vakið upp aukna andstöðu, ekki síst í dreifðari byggðum Danmerkur, við sívaxandi stjórnsemi embættismanna ESB í Brussel. */fr/HKr.*

# Vaxandi andstaða Frakka við ESB

## – Talin geta haft umtalsverð áhrif í Evrópuþinginu

**Hinn mjög svo hægrisinnaða franska stjórnmálakona Marine Le Pen hvatti Frakka til að hefja árás á og kjósa gegn því sem hún kallar „líkgrafara Evrópusambandsins“ (EU's „gravediggers“) í kosningum til Evrópuþingsins dagana 22 til 25. maí. Telur Le Pen stjórnvöld í Brussel bera ábyrgð á að hafa þvingað Frakkland út í hnignun. Slagorð Le Pen eru; Nei við Brussel - Já við Frakkland.**


Marine Le Pen

François Heisbourg, franskur fylgismaður þess að ESB verði breytt í eins konar Bandaríki Evrópu, minntist einmitt á þessa þróun í fyrirlestri sem hann hélt á Íslandi í byrjun apríl. Taldi hann að ef andstöðuöfl ESB næðu verulegu fylgi gæti það haft mikil áhrif á framtíð ESB. Hann sagði m.a. að fulltrúar á Evrópuþinginu væru að verða mjög þreyttir á að ráðstafanir sem gerðar hefðu verið væru litlu að skila. Efnahagsvöxtur væri sáralítill og atvinnuleysi fast í um 12% á evrusvæðinu.


François Heisbourg

„Einhvers staðar, einhvern tíma á næstu árum verður pólitísk sprenging í mikilvægum ríkjunum,“ sagði Heisbourg og telur það nánast borðleggjandi.

#### *Le Pen þrumaði yfir 20 þúsund stuðningsmönnum á 1. maí*

„Veruleikinn er að Evrópubúar eru að rísa upp gegn Evrópusambandinu. Þeir eru að rísa upp fyrir framtíð sína og frelsi, sem augljóslega getur einungis orðið okkur hvatning,“ sagði Le Pen með hátt í 20.000 stuðningsmönnum á baráttudegi verkalýðsins, 1. maí, sem greint var frá á fréttavef Reuters.

National Front, and-Evrópusambandsflokkur Le Pen, hefur hlotið vaxandi fylgi víða um Frakkland á undanförnum mánuðum og komist til valda í tíu borgum. Hefur það verið á kostnað hins sósíalíska forseta François Hollande, sem hefur orðið lítt ágengt í baráttunni við mikið atvinnuleysi í landinu. Flokkur Le Pen vill að frankinn verði tekinn upp á nýjan leik sem gjaldmiðill í stað evrunnar. Þess má geta að Le Pen var í þriðja sæti í forsetakosningunum í Frakklandi árið 2012 og fékk um 18% atkvæða.

#### *Stuðningur Frakka við ESB minnkar jafnt og þétt*

Í skoðanakönnun sem CSA-stofnunin gerði fyrir sjónvarpsstöðina BFMTV og blaðið Nice Matin fyrir skömmu kom líka fram að andstaða hefði aukist í Frakklandi við ESB. Fjölgar þeim Frökkum jafnt og þétt sem vilja segja skilið við Evrópusambandið. Nú styður einungis 51% kjósenda í Frakklandi veru landsins í sambandinu, miðað við 67% stuðning fyrir áratug.

Vaxandi efasemdir eru einnig um samþjöppun valds í höfuðstöðvum ESB í Brussel og óttast 48% kjósenda tilhugsunina um frekari samruna ESB-landanna. Andstaðan við ESB í Frakklandi hefur einkum aukist meðal verkalýðs, sem ræður jafnframt yfir flestum atkvæðunum, en einungis 30% í þeim hópi telja sig vera ESB-sinna. Í könnuninni sögðu 70% aðspurðra að aðildin að ESB hefði haft í för með sér aukið atvinnuleysi. Þá hefði dregið úr félagslegri vernd, innflytjendum fjölgað og sjálfsímynd þjóðarinnar og menning væri að glastast.

Lesendabás

# Borgar sig að eiga rúllusamstæðu eða fá verktaka?

**Kaup á tækjum til búrekstrar eru hluti af því að reka bú. Miðað við önnur lönd eru íslenskir bændur dálítið tækjaglaðir en sennilega er það hluti af því að afkastageta tækjanna sem við notuðum var það lítil að allir bændur þurftu að eiga sín tæki. Þetta er breytt, búin orðinn stærri og þá breytast forsendur. Mörg bú eiga sínar rúllusamstæður og öll tæki til að heyja en önnur kaupa til sín vinnu við rúllun og bindingu. En hvað þurfa bú að vera stór til að standa undir því að það borgi sig að eiga eigin tæki?**



**Uppbygging á búum er æði misjöfn. Sumir hugsa einungis um sinn eigin rekstur en aðrir hafa tekjur af öðru, þar á meðal verktakastarfsemi eins og að rúlla fyrir aðra bændur.** Mynd / HKr.

Uppbygging á búum er æði misjöfn, sumir hugsa einungis um sinn rekstur en aðrir hafa tekjur af öðru þar á meðal verktakastarfsemi eins og að rúlla fyrir aðra bændur. Sumir bændur eru með aðra starfsemi sem gefur þeim tekjur. Forsendur eru aldrei alveg eins og því þarf að velta fyrir sér sínum aðstæðum til að búa til forsendur fyrir því hvort eigi að kaupa heyvinnuvélar eða fá verktaka til að rúlla fyrir sig.

Þegar forsendurnar eru klárar þá er hægt að meta hvort það sé arðbært að kaupa heyvinnuvélar eða ekki. Hér er eitt dæmi:

Bú sem þarf 1.700 rúllur á ári er að velta fyrir sér að kaupa sér rúllusamstæðu. Á hann að kaupa rúllusamstæðu eða láta rúlla fyrir sig sem kostar 1.300 krónur á rúllu. Verðið er um 10 milljónir á samstæðunni en til að nota samstæðuna þarf að kaupa öflugri dráttarvél sem kostar 11 milljónir. Bóndinn á góða dráttarvél sem nýtist vel í búrekstrinum sem hann situr upp í. Hann fær 6 milljónir fyrir hana þannig að viðbótarfjárfesting hans í dráttarvélum er 5 milljónir. Heildarkostnaður vegna þessarar fjárfestingar er því um 15 milljónir, 10 milljónir í samstæðunni og um 5 milljónir í stækkun á dráttarvél. Verð hér er reiknað án virðisauka.

Vextir og fjármögnun eru næstu forsendur. Vextir hafa veruleg áhrif á hvort það borgi sig að kaupa tæki og við gefum okkur að tækið sé fjármagnað 100% af banka. Okkur viðskiptafræðingum finnst voðalega gaman að búa til fínar formúlur um hlutfall eigi fé í verkefnum en við skeppum því núna. Höfum allt lán því að eigið fé er dýrara en lánsfé samkvæmt fræðunum. Ákveðum að hafa 9% vexti sem er fremur ódýrt út frá áhættu. Til að einfalda málið enn frekar gerum við ekki ráð fyrir að bóndinn taki nein laun við að rúlla þessar 1.800 rúllur, en hann borgar verktakanum laun. Þetta er dálítið ósanngjarnt, þar sem við gerum ráð fyrir að bóndinn búi ekki til nein verðmæti á meðan verktakinn sé að vinnu. Viðhaldskostnaður, tryggingar og annar kostnaður sem fylgir rúlluvél auk hluta af rekstrarkostnaði dráttarvélarinnar er 100 krónur á rúllu fyrstu 2 árinn og 150 krónur eftir það. Afskriftir deilast á 7 ár. Gerum ráð fyrir að hálf dráttarvél og rúllusamstæðan sé 7 milljóna króna virði eftir 7 ár, þannig að fjárfestingin rýrnar um 55% á 7 árum. Skattur er 38%.

| | Ár | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| Verð | 1.300 kr. | 1.300 kr. | 1.300 kr. | 1.300 kr. | 1.300 kr. | 1.300 kr. | 1.300 kr. |
| Magn | 1700 | 1700 | 1700 | 1700 | 1700 | 1700 | 1700 |
| **Tekur:** | **2.210.000 kr.** | **2.210.000 kr.** | **2.210.000 kr.** | **2.210.000 kr.** | **2.210.000 kr.** | **2.210.000 kr.** | **2.210.000 kr.** |
| Kostnaður | -170.000 kr. | -170.000 kr. | -255.000 kr. | -255.000 kr. | -255.000 kr. | -255.000 kr. | -255.000 kr. |
| Vextir: | -1.350.000 kr. | -1.157.143 kr. | -964.286 kr. | -771.429 kr. | -578.571 kr. | -385.714 kr. | -192.857 kr. |
| **Hrakvirði:** | | | | | | | 7.000.000 kr. |
| Afskriftir | -2.142.857 | -2.142.857 | -2.142.857 | -2.142.857 | -2.142.857 | -2.142.857 | -2.142.857 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir skatta** | **-1.452.857 kr.** | **-1.260.000 kr.** | **-1.152.143 kr.** | **-959.286 kr.** | **-766.429 kr.** | **-573.571 kr.** | **6.619.286 kr.** |
| Skattar: | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | -172.900 kr. |
| **Peningar til greiðslu afborgana og vaxta** | **2.040.000 kr.** | **2.040.000 kr.** | **1.955.000 kr.** | **1.955.000 kr.** | **1.955.000 kr.** | **1.955.000 kr.** | **8.782.100 kr.** |

| **Núvirði peningastreymis fjárfestingar mv. 9,00% vexti er samtals kr. 13.723.605** | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.871.560 kr. | 1.717.027 kr. | 1.509.619 kr. | 1.384.971 kr. | 1.270.616 kr. | 1.165.703 kr. | 4.804.109 kr. |

| | |
|---|---|
| Vextir: | **9,00%** |
| Skattar | 38% |
| **Fjárfesting:** | **-15.000.000** |
| **Núvirði peningastreymis fjárfestingar:** | **13.723.605** |
| **Hagn/-Tap (ef tap er greidd með vaxtalausu eigin fé fyrstu 6 árin):** | **-1.276.395** |
| % | **-8,5%** |

*Niðurstaða útreikninga*

Miðað við að greiða 38% skatt er fjárfestingin neikvæð um rúmlega 673 þúsund krónur, eða 4,5% af upphaflegri fjárfestingu. Tap er öll árin, nema þegar eignin í vélinni er metinn. Ef skattur er 20%, sem er skattur á hlutafélög, eykst tapið í 914 þúsund, eða 6% af heildarfjárfestingu. Það er sem sagt betra að nota verktaka en að eiga vélasamstæðu. Til að það borgi sig að kaupa miðað við þessar forsendur þarf að rúlla um 1900 rúllum á ári. En eins og áður segir, þá er bóndinn að gefa sína vinnu en fær öryggi um að fá rúllun strax í staðinn. Hærri skattar hafa neikvæð áhrif á fjárfestinguna. Því hærri skattar, þeim mun minna tap. Ef búið er fyrirsjáanlega skattlaust næstu 7 ár er arðsemin neikvæð um 1.181 þúsund eða -7,9% af fjárfestingu.

Eins og sjá má er tap á hverju af fjárfestingunni nema því síðasta þegar tækið er verðlagt/selt og þá myndast hagnaður. Hæpið er að treysta á þann hagnað, þar sem erfitt er að meta hvort endursöluverð tækjanna sé rétt eftir 7 ár. Endursöluverð breytist eftir framboði og eftirspurn og líklegt er að það sé of hátt nú um stundir þar sem lítill endurnýjun hefur verið á tækjum í landbúnaði undanfarin ár. Mörg fyrirtæki eru með þá reglu að tækin borgi sig upp oft á 3-7 árum til að það borgi sig að fjárfesta. Þá er líka gerð mun hærri arðsemiskrafa á fjárfestinguna.

Mitt mat er að í þessu tilfelli borgi sig fyrir að fjárfesta í rúllugræjum ef notkunin er meiri en 2.200 rúllur á ári, ef ekki eiga menn að kaupa þessa vinnu að. En menn þurfa að vera nokkuð öruggir með að fá rúllun á þeim tíma sem hentar þeim. Best er að gera það með samningi við verktaka og tryggja sér í honum forgangi að honum. Það skapar öryggi fyrir báða og lægra verð. Síðan er líka hægt að eiga svona græjur í félagi með öðrum!

Þetta tilbúið dæmi og aðstæður bænda eru ekki allar eins. Til að geta reiknað út þarf að átta sig á öllum forsendum i upphafi og eins markmiðum þess sem kaupir. Það sem skiptir máli er að í hvert skipti og lagt er í að kaupa dýr tæki að kaupa kaupa nokkra tíma ráðgjafa til að hjálpa sér til að í stað þess að renna blint í sjóinn.

Sjá má meira á búrekstur.blog.is

***Jón Þór Helgason***
*Netfang: jthh@hotmail.com*

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Með réttu hugarfari er hægt að ná ansi langt

**Forvarnir gegn slysum byggja á að vera samtaka í að koma í veg fyrir hugsanleg slys. Til þess að árangur náist í slysavörnum þurfa allir að vera samtaka í forvörnum og rétt hugarfar þarf að vera til staðar með markmiðið fækkun slysa.**

Á vefsíðum flestra erlendra bændasamtaka má finna greinar og upplýsingar um forvarnir og fræðslu hvernig unnið er að forvörnum á hverjum stað. Ungir bændur í Englandi stofnuðu samtök sem heita Make the promise, come home safe, sem mætti þýða upp á okkar tungu: Lofið að koma heil heim. Eftir þrjú fyrstu ár þessara samtaka voru 29.000 bændur í samtökunum og þá gerði HSE (Health and Safety Executive = Heilsu- og öryggisfirvöld í Englandi) skoðanakönnun meðal 3.000 meðlima samtakanna með samanburð á 3.000 bændum sem ekki voru í samtökunum. Könnunin leiddi í ljós að þessir 3.000 meðlimir Make the promise slösuðu sig 30% minna en hinir.

***Einfaldleikinn á bak við hugmyndafræðina***


Merki bresku samtakanna

Þegar ég skoðaði vefsíðu HSE (http://www.hse.gov.uk ) það litla sem ég fann um samtökin dáðist ég af hugmyndafræðinni og einfaldleikanum á bak við þetta verkefni samtaka ungra bænda í Englandi, en félagar í „Make the promise, come home safe“ áttu að útbúa sér lítið band og bera með sér til allra starfa, en þetta litla band er merki félagsins og átti að minna félagsmenn á að fara varlega, en fyrst og fremst átti þetta að minna á að þeir hefðu lofað sjálfum sér og öðrum að koma heilir heim. Sett voru upp sjö slagorðssetningar og átti hver setning að merkja setningu dagsins út vikuna og svo aftur koll af kolli vikurnar þar á eftir. Hér eru setningarnar sjö og mín þýðing af þeim (boðorðin sjö fyrir landbúnað).

1. Þú getur ekki unnið á öruggan hátt nema þú vitir hvernig á að vinna. Tryggðu að einhver með reynslu sýni þér hvað á að gera til að þú hafir þjálfun til verksins.
2. Að verða fyrir ökutækjum er algengasta orsök dauðsfalla. Haldið gangandi vegfarendum og ökutækjum í sundur ef hægt er, tryggið að ökutæki séu í handbremsu þegar þau eru stopp og þeim vel viðhaldið og fylgið verklagsreglum „ökutæki séu örugg þegar þau eru stopp“ (yfirgefa í hlutlausum gír, setja á handbremsu og taka lykilinn).
3. Þök eru oft hættulegri en þau líta út fyrir að vera. Fall af þökum hefur valdið nokkrum dauðsföllum á hverju ári. Þök eru hættuleg, notið yfirbreiðslu og öryggislínu á þökum.
4. Þó að undir fjórhjóli séu fjögur hjól, er það ekki hættuminna en mótorhjól. Keyrðu hvorugt á hjálms og notaðu brynju í torfærum slóðum. Regluleg æfing er nauðsynleg á svona tækjum.
5. Skepnur hafa hugsun og geta verið óútreiknanlegar, geðslag hverrar skepnu er mismunandi og getur verið varasamt þrátt fyrir að maður telji sig þekkja skepnuna vel. Verum ávallt á varðbergi í nálægð dýra.
6. Ef unnið er í nálægð rafmagnslína sem liggja í loftlínum er nauðsynlegt að vera á varðbergi gagnvart þeim (ekki síst á þessum nýju landbúnaðartækjum sem eru alltaf að stækka meir og meir með árunum).
7. Haughús, þröng loftlítil rými, kjallarar og geymslur geta innihaldið mikið magn af eitruðum lofttegundum sem hefur valdið dauða. Þú ættir aldrei að fara inn í slík rými nema þú sért viss um að það sé öruggt.

Skyldu þessar setningar henta Íslendingum? Fari maður út til vinnu vitandi það að alltaf geti orðið slys hefur það jákvæð áhrif að lofa sjálfum sér því að koma heill heim. Það ætti að geta virkað hér sem annars staðar.

# Opið bréf til allra frambjóðenda til sveitarstjórna 31. maí 2014

**Með þessu bréfi vilja samtökin Landsbyggðin lifi – LBL vekja athygli ykkar á heimasíðu samtakanna www.landlif.is Þar má m.a. finna Byggðastefnu LBL sem send var út í mars 2014. Á heimasíðunni má einnig sjá ályktanir frá aðalfundum og stjórn LBL. Við hvetjum ykkur til að skoða áherslur samtakanna. Um þær verður spurt og efni tillagna rædd í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga á þessu vori.**

Áherslur LBL eru m.a. þessar:

1. Móta heildstæða byggðastefnu fyrir landið allt og nýtingu þess.
2. Búseta fólks, öryggi og velferð allra sem landið byggja.
3. Öll erum við jafn þörf og mikilvæg í okkar byggð.



Stöðvarfjörður Mynd / HKr.

4. Gerum landið sjálfbært á öllum sviðum. Tryggja þarf atvinnu, matvælaöryggi, hita, rafmagn, hreint vatn og fjarskipti.
5. Jafnrétti er lykill að velmegun íbúa og eykur búsæld um land allt. Íbúalýðræði í ákvörðunum verði aukið og áhrif á hag eigin byggðar verði tryggð.
6. Íbúum landsins verði ekki mismunað eftir búsetu t.d. með verri lánakjörum og fyrirgreiðslu. Það skerðir lífskjör og veldur mismunun.
7. Landshlutar og landsvæði verði eins og kostur er fjárhagslega og stjórnskipulega sjálfstæð. Bendum á athyglisverða ræðu Halldórs Halldórssonar á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga 2012, einkum bls. 3-5( http://www.samband.is/media/sambandid/Landsthing_2012_raeda_formanns.pdf )
8. Landbúnaðarland verði varðveitt til landbúnaðarframleiðslu fyrir komandi kynslóðir og afurðir unnar eins nálægt uppruna sínum og hægt er.
9. Sameiginlegar auðlindir verði í eigu þjóðarinnar og nýttar í byggðum eins nálægt upptökum sínum og hægt er. Fyrir afnotarétt auðlinda greiðist gjald.
10. Menntun fólks verði fjölbreytt og lifandi og eins lengi í heimabyggð og nútímatækni gerir mögulegt.

Hér er aðeins upptalið í stuttu máli það sem í stefnu LBL er skrifað. Skjalið í heild sinni er að sjálfsögðu það sem vonandi vekur áhuga ykkar góðir frambjóðendur eftir þessa stuttu yfirferð.

Byggðastefna er ekki skrifuð fyrir dreifbýlið á Íslandi heldur landið allt og þá sem byggja landið. Íbúar þurfa að vita að hverju þeir ganga þegar valin er búseta og jafnvel fjárfest til framtíðar. Því er nauðsynlegt að byggðastefna sé skrifuð af íbúunum sjálfum og taki ekki breytingum eftir pólitískum sveiflum.

*Stjórn samtakanna*
***Landsbyggðin lifi***

# Atvinnuleysi 5,9% í apríl

**Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands voru í apríl 2014 að jafnaði 182.000 manns á vinnumarkaði. Af þeim voru 171.300 starfandi og 10.800 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka mældist 79,2%, hlutfall starfandi 74,6% og atvinnuleysi var 5,9%.**

Samanburður mælinga í apríl 2013 og 2014 sýnir að atvinnuþátttaka minnkaði um 2,8 prósentustig og hlutfall starfandi minnkaði um tvö prósentustig. Hlutfall atvinnulausra minnkaði á sama tíma um 0,7 prósentustig.

Árstíðaleiðréttur fjöldi fólks á vinnumarkaði í apríl 2014 var 183.300 sem jafngildir 79,7% atvinnuþátttöku sem er fækkun um 3.400 manns frá því í mars, en hlutfallið þá var 81,1%. Fjöldi atvinnulausra í apríl var 9.300 og fækkaði um 1.400 manns frá því í mars 2014. Hlutfall atvinnulausra var 5,1% í apríl en var 5,7% í mars.

Eignatorg

Eignatorg kynnir til sölu: Skeiðflöt í Mýrdal.



Jörðin er talin vera 102 ha, þ.a. um 37 ha ræktað land og annað land að mestu leiti vel gróið.
Á jörðinni stendur 320 fm íbúðarhús á tveimur hæðum byggt 1964 með innbyggðum bílskúr, góð véla- og verkfærageymsla og fjós, ásamt fleiri byggingum.
Jörðin stendur í stuttu ökufæri frá Vík í Mýrdal (um 13 km) og staðsetning hennar býður upp á mikla möguleika í ferðaþjónustu, hestamennsku o.fl.

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg, Skipholti 50B, 105 Reykjavík s. 510-3500

SCARECROW BIO-ACOUSTIC SYSTEMS KEEPING BIRDS AT BAY



Fuglavarnir.is

Öflugar og skilvirkar fuglafælur sem byggja á nýjustu hljóðtækni. Búnaðurinn er alsjálfvirkur og heldur gæsum og álftum frá nýrækt, kornökrum og túnum. Virkar einnig á alla máva, starra, hrafna og fleiri fuglategundir. Tæknin byggir á yfir 20. ára reynslu frá Bretlandi og er þeir leiðandi á heimsvísu.

FUGLAVARNIR.IS

Nánari uppl. S: 896-1013 eða sala@fuglavarnir.is

earthcare PRODUCTS

Clear the Air felur ekki ólykt, heldur eyðir henni!

Eyðir
- reykjarlykt
- myglu- og fúkkalykt
- úrgangslykt
- rotnunarlykt
- lykt úr ruslatunnum
- saur- og þvaglykt



Inniheldur náttúruleg steinefni.
Engin skaðleg efnasambönd eða ilmefni.

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

BÖGBALLE ÁBURÐARDREIFARAR

Áratuga reynsla hjá íslenskum bændum.
Sérstaklega einfaldir í notkun.

MIKIL DREIFI GÆÐI



Til afgreiðslu strax!

Verð frá 580.000,- án vsk.

Allir dreifarar með skurðastillingu, prufu setti fyrir áburðinn þinn, kögglasigti og vökvaopnun.

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / 700 - Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

BÚBÓT

Ísgerð til sölu

Einstakt tækifæri

Af sérstökum ástæðum er ísgerðin BÚBÓT BÆNDAVERSLUN til sölu
Búið er að hanna vörulínu fyrir fyrirtækið, sérlega góðan ís með fjórum bragðtegundum.
Alíslensk framleiðsla og umhverfisvænar umbúðir.
Allur búnaður fylgir.

Allar nánari upplýsingar veittar hjá:
**Fasteignamiðlun Vesturlands – fastvest.is**
**Soffía S. Magnúsdóttir, lögg fasteignasali, sími 431-4144**

Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Suzuki S-Cross, góður fyrir íslenska malarvegi

**Fyrir skemmstu komst ég yfir lesningu um tegundir og fjölda seldra bíla frá áramótum og sá ég þá að Suzuki S-Cross er mjög ofarlega á listanum yfir fjórhjóladrifna bíla. Ég fékk lánaðan S-Cross hjá Suzuki bílar hf. í Skeifunni og fór góðan hring um Reykjanesið.**

*Góður á möl*

Prufuhringurinn var Kleifarvatn, Krýsuvíkurbjarg og til baka, svokölluð Djúpavatnsleið, alls um 130 km og um helmingur á slæmum malarvegum. Bíllinn sat þétt á malarveginum meðfram Kleifarvatni og ákvað ég að reyna hann á verri vegum sem væru meira í slóðastíl fremur en hefðbundinna malarvega. Niður að Krýsuvíkurbjargi og Djúpavatnsleið var rétt eins og S-Cross væri hreinlega hannaður til að láta manni líða vel á vegslóðum sem þessum. Malarhljóð nánast ekkert undir bílinn, og fjöðrunin sérstaklega góð fyrstu 5-10 cm.

*Hörð aftursæti en útsýni gott*

Framsætin eru mjög góð og styðja vel við bakið (minnir svolítið á stóla í rallýbíl). Aftursætin eru aðeins síðri og harðari; ef þrír fullorðnir væru í aftursætaröðinni væri aðeins of þröngt (miðast við fullvaxna Íslendinga). Hins vegar er óvenju gott útsýni út úr bílnum frá aftursætaröðinni, sem er ekki á öllum bílum í dag þar sem afturgluggar eru alltaf að minka á kostnað útsýnis.

*Leiðsögukonan ágætis skemmtun*

Leiðsögukerfi er í bílnum með íslensku korti, rak mig á að það þarf að uppfæra kortið þar sem nýi Suðurstrandavegurinn er ekki í kortinu og sá gamli er merktur sem aðalleið þrátt fyrir að á honum sé lokunarskilti. Hægt er að sjá hvar næsta bensínstöð eða matsölustaður er á einni af valmyndum á skjánum í leiðsögukerfinu. Annars skemmti fjölskyldan sér ágætlega við að hlusta á enskumælandi röddina lesa upp götuheitin í Reykjavík.

*Mikið fyrir lítinn pening*

Bíllinn sem ég prófaði var sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, með 1,6 l bensínvél og kostar aðeins 4.880.000. Til viðbótar er ýmis annar aukabúnaður í bílnum, s.s. bílastæðisskynjarar, lyklalaust aðgengi og ræsing (nóg að vera með lykilinn í vasanum), 12v tengi á a.m.k. þrem stöðum (sem ég sá), með loftnema í öllum hjólbörðum (segir til ef eitt hjólið er að verða loftlítið), brekkubremsuvara, hljómtæki með tengingu fyrir USB og MP3-spilara ásamt Bluetooth og fleira.



Góð leiðsögn.



Stórir og góðir hliðarspeglar.



Tilgangslaust skilti.

| | |
|---|---|
| Lengd: | 4.300 mm |
| Hæð: | 1.580 mm |
| Breidd: | 1.765 mm |
| Þyngd: | 1.085 mm |



Suzuki S-Cross. Myndir / HLJ



Besta skemmtun er framburðurinn hjá leiðsögukonunni þegar hún ber fram íslensk götuheiti.



Suzuki S-Cross er fínn á vegslóðum sem þessum.



Framsætin eru góð.

*Skemmtilegur með stillt á sportstillinguna*

Suzuki S-Cross er góður innanbæjar því að bensínvélin í bílnum er spræk og tiltölulega snögg upp á snúning. Hægt er að vera með vélina stillta á snow, auto eða sport og svo er hægt að læsa fram og afturdrifi. Sé maður með vélina stillta á sport snýst vélin hraðar (að jafnaði um 1000 snúningum hraðar en á auto). Ég mæli með að vera að öllu jöfnu með stillt á auto, en læða puttanum á takkann til að setja sportstillinguna á við framúrakstur (prófaði báða takkana við framúrakstur og munurinn var töluverður), leggja af stað úr kyrrstöðu. Hins vegar verð ég að viðurkenna að ég var svolítið of mikið með sporttakkann á og sást það á eyðslunni hjá mér, eftir 111 km akstur hafði ég verið að eyða 7,6 lítrum á hundraðið, á meðalhraða upp á 40 km. Uppgefin meðaleyðsla er hins vegar 5,7 lítrar á hundraðið miðað við bestu aðstæður.

Verð á Suzuki S-Cross er frá 3.980.000 (ekki fjórhjóladrifinn), en á fjórhjóladrifnum er verðið frá 4.490.000. Allar nánari upplýsingar um bílinn má finna á vefslóðinni www.suzuki.is.



# Erfðabreytt skepnufóður og matur – er það málið ? – 4.hluti

**Stærsti framleiðandi erfðabreyttra lífvera til matvælaframleiðslu í heiminum í dag, Monsanto, ásamt fyrirtækjunum Syngenta, Bayer, Dow og DuPont, hefur undanfarin ár keypt meira en 200 önnur fyrirtæki á fræmarkaði, sem gerir það að verkum að þau ráða nú þeim markaði og þar með aðgengi að fræi til matvælaframleiðslu. Afleiðingin er að það er orðið erfitt fyrir bændur að verða sér úti um annað fræ en frá þeim.**

Árið 2012 var svo komið að um 93% allra sojabauna sem ræktaðar voru í Bandaríkjunum voru erfðabreyttar, 86% alls maís, 93% canola og 93% baðmullarfræs (olíu). Á árunum 2005-2009 voru 95% alls sykurrófufræs sem sáð var Roundup Ready. Erfðabreytt fræ, sérstaklega maís og soja hafa og tekið yfir ræktunina víða annars staðar í heiminum og útrýmt þar notkun á hefðbundnu fræi og sjálfbærum ræktunaraðferðum. Auk þessa hefur Monsanto náð að fá einkaleyfi á mikinn fjölda hefðbundins, óerfðabreytts fræs. Þar með er Monsanto orðinn eini eigandinn að mörgum helstu fræjum sem nauðsynleg eru til fæðuframleiðslu í heiminum.




**Tíu algengustu erfðabreyttu mat- og iðnaðarvörur framleiddar í dag; soja, maís, kanola(olía), tómatar, kartöflur, bómull(olía), papaja, baunir og mjólkurafurðir.** Mynd / patientadvocates.com

### *Einkaleyfi á lífverur*

Í fyrsta skipti í sögunni hafa líftæknifyrirtæki fengið einkaleyfi á lífverur með því að breyta þeim með genatilfærslu, án þess að almenningur eða þing hafi haft nokkuð um það að segja. Í framhaldinu hafa þau svo ítrekað lögsótt bændur fyrir að „stela“ frá sér fræjum og nota óleyfilega, þó fræin eða frjó úr þeim hafi borist þeim með öðrum hætti, s.s. með fuglum, skordýrum eða vindi. Þó að líftæknifyrirtækin geti sjálf ekki „haft hemil á“ sínu eigin erfðabreytta efni eru þau ekki ábyrg fyrir því þó það „smitist“ yfir á land annarra og eyðileggi árangur ræktunarstarf bænda þar. Þess í stað eru bændurnir sakfelldir fyrir notkun á einkaleyfisskyldu efni í óleyfi og hafa þurft að bera allan skaða af.

Baráttan fyrir frelsi til að rækta eigin afurð af eigin fræi á eigin landi, er í raun barátta fyrir sjálfstæði einstaklings og ríkja og því að vera ekki eign fyrirtækis eða stofnunar. Hvenær og hjá hvaða kynslóð endar einkaleyfisverndin? Verður það hjá fyrstu kynslóð erfðabreyttra lífvera, annarri kynslóð, þeirri þriðju eða eiga líftæknifyrirtækin allar lífverur sem erfðabreytt gen finnast í, kynslóð fram af kynslóð um ókomna framtíð? Þessari spurningu er ósvarað.

Út um allan heim, þar sem risinn Monsanto og sambærileg fyrirtæki selja bændum erfðabreytt fræ og stunduð er akuryrkja með erfðabreyttar plöntur, standa bændur í baráttu upp á líf og dauða. Heimildarmyndin um kanadíska bóndann Percy Schmeiser er áhugavert innlegg í þá umræðu sem sýnir hvernig þessi mál hafa náð að þróast þar í landi og hvað venjulegir bændur eru að takast á við þar í dag: http://www.youtube.com/watch?v=omtYlsG1P5U

### *Íslenskur veruleiki*

Á Íslandi er erfðabreyttu efni blandað í ýmsa matvöru. Sem dæmi hefur soja fundið sér leið inn í íslenska lifrarpylsu, sviðasultu, bjúgu, kæfu, plokkfisk o.fl. þjóðlega rétti framleidda hjá ákv. fyrirtækjum. Nema annað sé tekið fram eru mestar líkur á að þar sé erfðabreytt efni á ferðinni, þar sem langmest af soja á markaði er þannig ræktað. Unnin matvara er líklegri en önnur til að innihalda erfðabreytt efni – bæði innlend framleiðsla og innflutt. Innflutt grænmeti og ávextir eru ekki merkt sérstaklega GMO og ekki er gott að vita hvort glyphosate-illgresiseyðir er notaður við ræktun þeirra. Í Bandaríkjunum inniheldur um 80% allrar unninnar matvöru erfðabreytt efni en á heimsvísu eru framleiðsla og neysla erfðabreyttrar uppskeru um 20%. Stærstur hluti erfðabreyttrar uppskeru er til skepnufóðurs, í bómullarframleiðslu, í lífrænt eldsneyti, snyrtivörur og fæðubótarefni.

Gera má ráð fyrir að gæludýrafóður innihaldi erfðabreytt efni – nema annað sé tekið fram. Það sama má segja um innfluttan fóðurbætir fyrir búfé, sem inniheldur soja, sojaolíu, maís, ýmsar korntegundir, sykurrófuhrat o.fl.

Hér á landi hafa bændur eins og víðar verið að glíma við óútskýrðan kálfadauða, líflitla kálfa, fósturlát hjá kúm og sauðfé og frjósemisvandamál, t.d. lélegri frjósemi stóðhesta. Gæti fóðurbætir með erfðabreyttu efni í verið ástæðan? Gæludýr með lengri líftíma en gripir í matvælaframleiðslu, s.s. hundar og kettir, þjást af ýmsum þeim krónísku sjúkdómum sem fram hefur komið í rannsóknum óháðra aðila að fylgi neyslu erfðabreytts fóðurs s.s. krabbameini, efnaskiptasjúkdómum og ofnæmi.

Framleiðsla og neysla erfðabreyttra matvæla er alvarlegt mál, kannski það stærsta sem við komum til með að standa frammi fyrir á okkar tímum. Það er almenningur sem ræður hvort framleiðsla þeirra heldur áfram eða ekki, því ef varan verður ekki keypt, þá verður hún ekki framleidd. Þetta vita framleiðendur erfðabreyttra matvæla, sem hafa barist hatrammlega gegn því að vörur þeirra séu merktar sérstaklega. En ef varan er jafn góð og þeir vilja meina, ættu þeir þá ekki að vilja láta vita hvar hana er að finna?

### *Opinbert mat – erfðabreytt fæða hefur ekkert að bjóða*

Það sorglegasta við allt þetta mál er, að það er í raun engin ástæða til að taka þá miklu áhættu með fæðuöryggi og framtíð sem fylgir þeim tilraunum sem eru í gangi núna með ræktun erfðabreyttra lífvera til matvælaframleiðslu á þeim forsendum sem áður hafa verið raktar. Í áraraðir hefur því verið haldið fram að erfðabreytt uppskera sé lausn á matvælaþörf mannkyns í framtíðinni, en vaxandi sannanir hrannast nú upp að sú sé ekki raunin, að þessi tækni búi til enn önnur vandamál sem við þekkjum ekki úr sögu mannkyns hingað til og erfitt getur verið að bakka út úr. Það er vitað hvernig á að setja framandi gen inn í lífverur, en það er ekki vitað hvernig á að fjarlægja þau þaðan. Genabreytingin gengur í arf og erfðabreyttar plöntur parast við óerfðabreyttar ef aðstæður leyfa. Erfitt er því að sjá hvernig á að vera hægt að rækta jafnhliða erfðabreyttar plöntur og óerfðabreyttar.

